

Þjóðskjalasafn Íslands

Skýrsla um starfsemi 1985–2005



Þjóðskjalasafn Íslands

Skýrsla um starfsemi
1985–2005

Þjóðskjalasafn Íslands
2008

Þjóðskjalasafn Íslands
Skýrsla um starfsemi 1985–2005
© 2008 Þjóðskjalasafn Íslands

Ritstjóri: Ólafur Ásgeirsson
Samantekt: Unnur Birna Karlsdóttir
Umsjón með útgáfu: Benedikt Jónsson
Umbrot: Prentsníð ehf. - Ingvi Magnússon
Prentun og bókbund: Prentmet ehf.

Letur meginmáls er:
Frutiger light, 9,5 pt. á 13 pt. fæti.

ISBN: 1670-8024

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| <i>Til lesandans</i> | 4 |
| <i>Saga og hlutverk</i> | 5 |
| <i>Húsnæðismál</i> | 19 |
| <i>Skjalavarsla</i> | 33 |
| <i>Rafræn gögn</i> | 49 |
| <i>Rekstur</i> | 57 |
| <i>Rannsóknir, útgáfa, sýningar</i> | 63 |
| <i>Alþjóðlegt samstarf</i> | 75 |
| <i>Þjónusta og fræðsla</i> | 81 |
| <i>Héraðsskjalasöfn</i> | 89 |
| <i>Nefndir um málefni Þjóðskjalasafns Íslands</i> | 95 |
| <i>Skipurit og starfsfólk</i> | 98 |
| <i>Fylgiskjal</i> | 99 |

Til lesandans

Árið 1985 markaði tímamót í sögu Þjóðskjalasafns Íslands. Þá tók gildi ný löggjöf um safnið, sem unnið hafði verið að undir forystu Ragnhildar Helgadóttur þáverandi menntamálaráðherra. Löggjöfin var reist á nýjstu hugmyndum um hlutverk og starfsemi Þjóðskjalasafna og leiddi

starfsemi Þjóðskjalasafnsins inn í framtíðina. Til ársins 1985 var Þjóðskjalasafn Íslands einkum safn sögulegra og réttarfarslegra skjala sem studdu rannsóknir í sagnfræði og félagsvísindum og skyldi safnið veita viðtöku opinberum skjölum. Þetta hlutverk hafði safnið haft frá stofnun þess 3. apríl 1882. Nú varð sú breyting á að Þjóðskjalasafnið varð ráðgjafar- og eftirlitsstofnun gagnvart skjalavörslu hins opinbera, auk þess að vera áfram vörslustofnun fyrir skjöl þjóðarinnar. Í kjölfar nýrra laga og breytts hlutverks safnsins var unnið að gerð leiðbeiningarrita um skjalavörslu hins opinbera, námskeið haldin um skjalavörslu fyrir starfsfólk ráðuneyta, sveitarstjórnarmenn og starfsmenn opinberra stofnana. Námskeið í skjalfræði voru auk þess kennd á háskólastigi.

Annar merkisáfangi í sögu Þjóðskjalasafnsins á árinu 1985 var þegar húsinn að Laugavegi 162 voru keypt fyrir safnið, en þar réði mestu frumkvæði og áhugi Sverris Hermannssonar þáverandi menntamálaráðherra. Þjóðskjalasafnið hafði árið 1908 flust í nýtt hús sem smíðað hafði verið með þarfir þess og Landsbókasafnsins í huga, þ.e. Safnahúsið við Hverfisgötu. Þar bjuggu þessi söfn saman í rúm 85 ár. Húsakosturinn var samt orðinn of lítill um miðjan fjórða áratug 20. aldar og höfðu skjöl hlaðist upp í misgóðum geymslum ráðuneyta og stofnana í nærri fimmtíu ár. Í skýrslu þessari er gerð nánari grein fyrir þróun húsnæðismála safnsins. Ekki er ofsagt að það hafi valdið miklum vonbrigðum að ekki hafi verið fylgt eftir farsælli lausn í húsnæðismálum með því að leggja fé til innréttinga og frágangs húsa á Laugavegi 162. Skjalasöfn eru langstærstu söfn frumheimilda sem til eru í hverju samfélagi. Þau segja sögu samfélagsins, varpa ljósi á þjóðfélagshætti, eru vörslustaður réttinda almennings og verða að vera aðgengileg þjóðinni. Því er skylda samfélagsins að varðveita skjalasöfn á þann hátt sem best þekkt og ekki skortir þjóðina efni til þess að sinna þessari skyldu. Opinber skjöl eiga að vera öllum aðgengileg þegar þeirra er þörf. Í því ljósi starfar Þjóðskjalasafn Íslands þó að enn sé glímt við aðstæður sem koma í veg fyrir að þessi markmið náist að fullu. Að líkindum verða húsnæðismál Þjóðskjalasafnsins



Ólafur Ásgeirsson,
Þjóðskjalavörður.

verðugt verkefni þess á hverjum tíma en sömuleiðis verða nýjar þarfir til þess að fundnar verða nýjar lausnir. Rafræn skjalasöfn þarfnast t.d. ekki stórrar geymslu en kalla á fleira starfslið til safnsins og viðeigandi aðstöðu í húsakynnum þess.

Þau tuttugu ár sem þessi skýrsla tekur til eru tímabil tölvubyltingar, tímaskeiðið sem varð vitni að tilkomu alnetsins og mikillar þróunar í hugbúnaði og möguleikum varðandi gerð og miðlun rafrænna gagna. Skjalasöfn nýttu sér það. Skjöl voru skönnuð og myndefni birt á vefsíðum, upplýsingar veittar um starfsemi safnanna og skrár yfir skjöl í vörslu þeirra birtar. Mörg skjalasöfn heimsins eru þannig orðin aðgengileg hverjum sem er, hvar í landi sem þau eru staðsett. Þetta var dýrt í fyrstu, en smám saman hefur kostnaður lækkað og geta til miðlunar efnis á vegum skjalasafna aukist. Þessi saga snertir starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands, enda mikil breyting á orðin síðan safnið átti fimm ritvélur árið 1985 og tvær tölvur árið 1988. Hefur safnið síðan unnið að því að bæta tölvu- og hugbúnaðarkost sinn, auka miðlun efnis á vefnum og undirbúa viðtöku og varðveislu rafrænna gagna. Krafa um rafrænt aðgengi almennings að safnkosti og ýmsum upplýsingum með aðstoð alnetsins er eðlileg og tekur sífellt til nýrra sviða. Rafrænt aðgengi er lykiltríði í starfsemi skjalasafna um heim allan og verður eitt meginviðfangsefna Þjóðskjalasafnsins á næstu árum.



Grundvallaratriði í starfsemi Þjóðskjalasafnsins er að halda uppi góðri þjónustu við almenning. Í fyrstu var sú þjónusta veitt á lestrarsal safnsins sem tók 17 manns í sæti árið 1985. Því miður er staðan sú í lok tímabilsins að lestrarsalur safnsins er í bráðabirgðahúsnæði sem uppfyllir hvergi þær kröfur sem gerðar eru í nútíma-skjalasöfnum. Meiri hluti samskipta við almenning sem þarf að leita réttinda sinna í skjalasafninu fer fram á skrifstofu safnsins, og nú á síðari árum hefur afgreiðsla erinda í tölvupósti farið vaxandi. eru það um 75-80% erinda sem safninu berast. Rafræn þjónusta getur verið mjög skilvirk og leyst vanda margra. Jafnframt þarf að sinna aðstæðum þeirra sem verða að eyða tíma í safninu við heimildaöflun sér til gagns, til þess að styrkja rétt sinn og sér til skemmtunar.

Skjalavarsla hins opinbera nú á tímum snýst um að tryggja varðveislu og aðgengi að opinberum gögnum. Skjalasöfn hins opinbera eru hinn endanlegi áfangastaður slíkra skjala, þar sem þau eru geymd til framtíðar. Þræðir sögunnar eru varðveittir í skjalageymslum þjóðskjalasafna veraldarinnar og þau eru þess vegna meðal mikilvægustu stofnana hvernar þjóðar.

Wespendiche Kæmmerhandt
från Anno. 1589. till. 1590.

Saga og hlutverk

Dominus deus pater omnipotens
puer natus est. et
omnino
lectus supra. Dominus regnavit
nunc etiam in principio et nunc
Gloria patri et filio et spiritui
sicut erat in principio et nunc



2. Wanninge fure, 3. trich
fure. 9. ein indelig Gaste
lo flakke. 13. Ein leat G
indelig Gaste flakke.
4. natant fure 5.
7, 10. ein fure, 11. ein gant
14. Lignatur. 15. ein fure
16. fangt / ein gant / ein

Landsskjalasafn stofnað

Stofndagur Þjóðskjalasafns Íslands er jafnan miðaður við auglýsingu Hilmars Finsens landshöfðingja „um Landsskjalasafn“ sem gefin var út 3. apríl 1882 og birt í *Stjórnartíðindum*. (Landsskjalasafn merkir héraðs- eða svæðisskjalasafn, sbr. réttarstöðu Íslands sem hluta af Danmörku.) Í fyrrnefndri auglýsingu var tilkynnt að gerð hefðu verið geymsluherbergi fyrir embættisskjalasöfn á lofti dómkirkjunnar. Hafði skápum þeim sem Landsbókasafnið notaði áður verið skipt á milli þessara herbergja og sett „viðunanleg“ læsing á hvert um sig. Mælt var fyrir um að skjalasöfn hinna ýmsu embætta landsins skyldu geymd þarna hvert í sínu herbergi og áttu viðkomandi embættismenn að gæta síns skjalasafns. Skjalasöfnin voru söfn landshöfðingja, stiftsfirvalda, amtmanns yfir suður- og vesturamti, biskups, landfógeta og hins umboðslega endurskoðanda. Sérstakt herbergi skyldi geyma skjöl frá embættismönnum úti um land og vera í umsjón landshöfðingjaritara.

Árið 1899 veitti Alþingi fé til að launa fastan skjalavörð við safnið og koma því fyrir í nýjum húsakynnum á lofti Alþingishússins, sem áður hýsti Landsbókasafnið. Með ráðningu fasts starfsmanns fékk safnið starfsgrundvöll. Jón Þorkelsson tók við hinni nýju stöðu landsskjalavarðar þann 1. janúar 1900. Um haustið sama ár var skjalasafnið opnað almenningi og var opið í eina klukkustund þrisvar í viku til ársins 1911 að afgreiðslutími var lengdur með nýrri reglugerð.

Árið 1908 flutti Landsskjalasafnið í nýja byggingu sem byggð hafði verið fyrir safnið og Landsbókasafnið, nánar tiltekið í Safnahúsið við Hverfisgötu 15. Við flutninginn fékk Landsskjalasafnið margfalt húsrými miðað við það sem áður var eða 2500 metra hillulengd í skjalageymslum, lestrarsal með 12 sætum og skrifstofu handa skjalaverði.

Reglugerðir um Landsskjalasafn

Árið 1900 var Landsskjalasafninu sett sérstök reglugerð, byggð á tillögum Jóns Þorkelssonar landsskjalavarðar sem hann hafði sent landshöfðingja í ársbyrjun. Við birtingu reglugerðarinnar var auglýsing landshöfðinga frá 1882 felld úr gild, en hún hafði talist einskonar reglugerð fyrir safnið fram að því. Í reglugerðinni frá 1900 voru talin upp þau skjalasöfn sem safnið geymdi og settar fram reglur um skilaskylda skjala.¹



Á lofti Dómkirkjunnar í Reykjavík.

Samkvæmt reglugerðinni var öllum embættismönnum hins opinbera gert að skyldu að afhenda safninu skjöl og bækur sem voru eldri en 30 ára. Undanþága gat verið á þrjátíu ára reglunni að fengnu leyfi landshöfðingja. Ekki skyldi senda safninu skjöl og embættisbækur yngri en 30 ára. Um frágang þann sem skyldi vera á skjalasöfnum við afhendingu sagði að með skjala- og bókasendingum „skal jafnan fylgja nákvæm skrá tvírituð yfir skjölin og bækurnar, og skal annað eintakið geymt í Landsskjalasafninu, en á hitt ritar landsskjalavörður viðurkenning um móttöku skjala og bóka, og skal það eintak svo geymt í safni því, er í hlut á.“ Bækur voru í þessu sambandi embættisbækur þær sem embættismenn færðu í afgreiðslu mála. Þess skyldi gætt að kostnaður við skjalasendingar yrði ekki óhæfilega hár og því skyldi senda skjöl og bækur með strandskipum ef þess var kostur. Kostnaður af sendingum skjala til safnsins var endurgreiddur sendanda úr landsjóði samkvæmt framvísun reiknings.

Um störf skjalavarðar sagði í reglugerðinni að hann skyldi sjá um að gott skipulag væri í safninu, því haldið í röð og reglu, þess gætt að engin skjöl glötuðust og ákvæðum reglugerðarinnar um meðferð og afnot safnsins fylgt í öðrum atriðum. Skyldi hann senda landsstjórninni skýrslu um hver áramót um ástand safnsins og fjölda gesta og afnot þess á árinu. Skjalavörður skyldi einnig, svo fljótt sem því yrði komið við, gera yfirlitsskrá yfir allar bækur og skjöl eða „skjalaböggla“ safnsins, prenta hana þegar efni leyfðu og senda öllum þeim sem sent höfðu bækur og skjöl til safnsins. Geyma skyldi þá skrá í skjalasöfnum allra embættismanna og „sýslunarmanna“ annars staðar en í Reykjavík.

Hlutverk skjalavarðar voru fleiri, t.d. umsjón með útgáfu þeirra rita sem kynnu að verða gefin út af

¹ Skjalasöfn í vörslu safnsins á þessum tíma voru: Skjalasafn höfuðsmanna, stiptamtanna og landshöfðingja, stiptsfirvalda, amtmanns sunnan og vestan og amtmanns norðan og austan, hinna fornu biskupsstóla og biskupsdæmisins ásamt skjalasöfnum prófastsdæma, kirkna og prestakalla. Skjalasafn landsyfirdóms og hins forna yfirréttar og lögbingsréttar, landlæknis, landfógeta, endurskoðanda umboðsvaldsins, alþingis, sýslumanna og bæjarfógeta, héraðslækna, umboðsmanna, hreppstjóra, hreppnefnda, sáttanefnda, bólusetjara. Sjá: *Stjórnartíðindi* B 1900, bls. 110.



safnsins hálfu, auk þess sem það var í hans verkahring að gæta þess að ekki væri farið með ljós eða eld um herbergi þau er safnið var varðveitt í og „með öllu“ var „bannað að reykja þar tóbak.“

Um opnunartíma safnsins sagði að það skyldi vera opið fyrir almenning í eina klukkustund þrisvar í viku, þriðjudag, fimmtudag og laugardag, kl. tólf til eitt.

Reglugerðin frá 1900 geymir einnig tæplega hundrað ára forvera þeirra hugmynda sem síðar snertu starfsemi Þjóðskjalasafnsins undir merkjum hugtaksins persónuvernd og tilheyrandi laga þar um. Í reglugerðinni er gerður sá fyrirvari við aðgang almennings að persónulegum upplýsingum í skjölum að ekki mætti leyfa að nota skjöl yngri en 35 ára gömul „í heild sinni“. Þó mátti skjalavörður heimila að leyfa notkun yngri skjala sem voru þess eðlis að honum þætti það óhætt en „jafnan getur hann krafist skýlausrar yfirlýsingar þess, er nota vill, að eigi ætli sá að beita skjölum þeim til vanvirðu eða skapraunar neinum manni, er þá sé enn á lífi, né nánustu vandamönnum hans.“ Ef skjalavörður treysti sér ekki til að meta einn og óstuddur hvort leyfa skyldi notkun tiltekinna skjala gat hann skotið því efni undir úrskurð landsstjórnar.

Reglugerðin geymir einnig fyrirmæli um þau efni sem skyld eru mikilvægum þætti nútímaskjalavörslu og kallast grísjun. Í 7. gr. var mælt svo fyrir að skjala-

vörður skyldi rannsaka hvað af skjölum í safninu „nú sem stendur, er gagnslaust megi þykja að geyma, og ónýta skuli.“ Skyldi hann að því loknu „skýra landshöfðingja frá rannsókn sinni, og segir hann til, hversu með skuli fara, og setur reglur um ónýting skjala framvegis, er skjalavörður fer síðan eptir.“²

Árið 1911 tók gildi ný reglugerð um Landskjalasafnið. Tillögur að henni voru samdar af Jóni Þorkelssyni og Klemens Jónssyni landritara. Ýmislegt hafði breyst frá því um aldamótin, bæði í stöðu safnsins og stjórn landsins. Í stað landshöfðingja sem yfirboðara landsskjalavarðar var komin landsstjórn og starfsemi safnsins hafði fest sig í sessi og aukist að umfangi eftir flutninginn úr Alþingishúsinu í Safnahúsið við Hverfisgötu árið 1908. Nýja reglugerðin byggði á reglugerðinni frá 1900 en var lengri og ítarlegri í nokkrum atriðum. Helsta breytingin var sú að afhendingarskyldum skjalaflokkum hafði fjölgað frá því árið 1900 og aldri skilaskyldra skjala var breytt úr 30 árum í 20 ár.³ Einnig voru gefin fyrirmæli um frágang skjalasafna til afhendingar. Þess skyldi vandlega gætt af „embættis- og sýslunarmönnum“ landsins, að þeir afhentu öll skjöl og bækur í góðri reglu til skjalasafnsins og eftir því sem unnt væri í þeirri röð að þau gætu framvegis geymst í skjalasafninu „með þeim ummerkjum, sem þau eru afhent.“ Hér var í fyrsta sinn áréttað að skjöl væru varðveitt samkvæmt upprunareglu.

² Um „Reglugjörð um Landsskjalasafnið“ frá 10. ágúst 1900, sjá: *Stjórnartíðindi* B 1900, bls. 110–112.

³ Til viðbótar við listann frá 1900 yfir söfn í vörslu safnsins komu skjalasöfn allra skóla og menntastofnana er landssjóður kostaði, skjalasöfn allra opinberra sjóða, Landsbankans, opinberra sýslana eða stofnana sem stofnaðar yrðu og öll önnur skjalasöfn sem leggja mætti undir landsskjalasafnið með lögum eða sérstökum fyrirkipunum. Sjá: *Stjórnartíðindi* B. 1911, bls. 133.



Gestum safnsins voru einnig settar fleiri reglur en þær að reykja ekki á lestrarsal. Öllum sem notuðu skjalasafnið var einnig harðlega bannað að skrifa nokkuð í eða á bækur og skjöl sem þeir fengju til afnota á lestrarsal safnsins. Ekki máttu þeir heldur brjóta blöð eða strika undir orð eða setningar eða yfirleitt gera nein merki á skjölin eða í bækurnar. Gestir þurftu einnig að vera sæmilega til fara og haga sér tilhlýðilega til að fá aðgang að lestrarsalnum, eða eins og það var orðað: „þeir skulu hafa hljótt um sig og vera þokkalega búnir og hreinir um hendur, svo að eigi klikki þeir né óhreinki skjöl þau, er þeir handleika. Sé þessara ákvæða ekki gætt, getur skjalavörður neitað mönnum um að nota safnið.“

Um opnunartíma safnsins sagði að það skyldi vera opið fyrir almenning tvær stundir hvern virkan dag milli tólf og tvö. Heimilt var að loka í 3 vikur að sumri en þess bar að gæta að ekki væri lokað á sama tíma og Landsbókasafnið væri lokað almenningi.⁴

Lög um Þjóðskjalasafn Íslands árið 1915

Með lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 39 frá 3. nóvember 1915, var nafni Landsskjalasafns breytt í Þjóðskjalasafn Íslands. Nafngiftin hafði víðtækar pólitískar skírskotanir. Hún vísaði til frönsku byltingarinnar um skjalasafn þjóðarinnar, en ekki einvörðungu skjalasafns ríkisins. Áhersla á að þjóðin, þ.e. alþýða manna, ætti rétt á að rannsaka skjöl, sem til urðu í stjórnsýslunni, var mikilvægt skref í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Samtímis var stofnað embætti þjóðskjalavarðar sem forstöðumanns safnsins. Fyrstur til að gegna því embætti var Jón Þorkelsson sem veitt hafði safninu forstöðu sem landsskjalavörður frá ársbyrjun 1900. Til stóð að gera stöðu aðstoðarskjalavarðar, sem Hannes Þorsteinsson hafði gegnt frá 1912, að fastri stöðu líka en það fékkst ekki samþykkt á þingi.

⁴Um „Reglugjörð um Landsskjalasafnið“ frá 27. maí 1911, sjá: *Stjórnartíðindi* B 1911, bls. 132–135.

Samkvæmt hinum nýju lögum skyldi vera „alls-herjar þjóðskjalasafn fyrir Ísland“ í Reykjavík og Landskjalasafnið sem til var orðið geymast í því og síðar öll þau skjöl sem síðar yrði ákveðið að varðveita í safninu. Þjóðskjalasafnið heyrði undir Stjórnarráð Íslands og það skyldi setja því reglugerð. Ráðherra Íslands skyldi skipa yfirkjalavörð til að annast daglega umsjón og störf við skjalasafnið.

Reglugerð um Þjóðskjalasafn frá 1916

Reglugerð um Þjóðskjalasafn Íslands var sett þann 13. janúar 1916. Hún byggði í flestum atriðum á reglugerðinni frá 1911, sem þá féll úr gildi, og innihélt fyrirhælt um starfsemi safnsins, skipulag skjalavörslu og samskipti við stjórnvöld og skilaskylda aðila. Samkvæmt reglugerðinni var meginhlutverk safnsins móttaka, skipuleg skráning og varðveisla skilaskyldra skjala, ásamt því halda opnum lestrarsal fyrir þá er vildu hafa not af skjalasafninu. Skilaskyld skjöl og skjalabækur eldri en 20 ára skyldu send til þjóðskjalasafnsins til varðveislu og bar þeim opinberu aðilum, sem höfðu þessi skjalasöfn til geymslu, að sjá um að þetta gengi eftir.

Reglugerðin frá 1916 um Þjóðskjalasafn Íslands er enn í gildi og hana má m.a. finna í reglugerðasafni á vef Stjórnarráðsins. Hins vegar hafa ýmis atriði í hlutverki og starfi safnsins breyst frá því þessi reglugerð var sett, ásamt því að reglur um skilaskyldu skjala og samskipti safnsins við afhendingarskylda aðila voru endurskilgreindar í lögum nr. 66 frá 1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Eins og gefur að skilja er gamla reglugerðin frá 1916 orðin ófullnægjandi miðað við starfsemi og hlutverk þjóðskjalasafnsins nú tæpri öld eftir að hún tók gildi. Tillaga að nýrri reglugerð um Þjóðskjalasafn hefur legið óafgreidd hjá menntamálaráðuneytinu síðan árið 2000 og er orðið brýnt að hún hljóti endanlega afgreiðslu og taki gildi sem fyrst.

Ráðagerðir um að leggja niður embætti þjóðskjalavarðar

Ekki var full samstaða meðal ráðamanna um skipan sérstakrar stöðu þjóðskjalavarðar. Vildu sumir að stöður þjóðskjalavarðar og landsbókavarðar yrðu sameinaðar í sparnaðarskyni og náði sú hugmynd fram að ganga þegar lög þar að lútandi voru sett árið 1924, eftir lát Jóns Þorkelssonar þjóðskjalavarðar. Samkvæmt þessum lögum skyldu þessi embætti sameinast þegar annaðhvort eða bæði myndu losna og því yrði við komið. Átti hið sameinaða embætti að nefnast landsbókavaraðembætti.


Ákveðið hafði verið að veita embætti þjóðskjalavarðar að þessu sinni og gætu fyrrgreind lög um að leggja þessa stöðu niður því ekki komið til framkvæmda fyrr en nýskipaður þjóðskjalavörður léti af embætti. Lögin voru samþykkt á Alþingi með það fyrir augum og samkvæmt þessum skilningi.

Ástæðan að baki því að embætti þjóðskjalavarðar var ekki lagt niður, eftir lát Jóns Þorkelssonar nokkrum mánuðum áður en lögin tóku gildi, var í fyrsta lagi sú að Hannes Þorsteinsson, fræðimaður og skjalavörður við safnið um árabíl, hafði þá nýtekið við sem þjóðskjalavörður eftir lát forvera síns. Í öðru lagi var þetta ekki hentugur tími til að leggja niður starf þjóðskjalavarðar því að á sama þingi hafði verið samþykkt þingsályktunartillaga um að Íslendingar gerðu skjalakröfur á hendur Dönnum. Mönnum hefur að öllum líkindum þótt mótsögn í því að leggja niður embætti þjóðskjalavarðar á sama tíma og áformað var að gera kröfur á hendur Dönnum um skjalaskil.

Ekki kom til þess að embætti þjóðskjalavarðar og landsbókavarðar yrðu sameinuð samkvæmt fyrrgreindum lögum. Þegar Hannes Þorsteinsson féll frá árið 1935 var Barði Guðmundsson skipaður eftirmaður hans í embætti þjóðskjalavarðar. Framangreind lög urðu því aldrei annað en dauður bókstafur en voru ekki numin formlega úr gildi fyrr en með nýjum lögum um Landsbókasafnið árið 1949.

Kallað eftir skjalasöfnum frá Danmörku

Ísland var hluti af Danaveldi árin 1387–1944. Nær allan þann tíma eða fram til 1904 var yfirstjórn Íslandsmála í höndum Danakonunga og stjórnarskrifstofa þeirra og skjöl, sem vörðuðu helstu stjórnarmálefni Íslands, voru varðveitt í leyndarskjalasafni konungs, skjalasöfnum stjórnarskrifstofanna og síðan í danska Ríkisskjalasafninu. Fyrir daga Íslensku stjórnardeildarinnar (1849) voru íslensk mál ekki greind frá öðrum málum, sem stjórnarskrifstofur í Danmörku fjölluðu um. Því var mjög mikið af skjölum varðandi Ísland, svo sem um stjórn þess og landshagi og Íslendinga í skjalasöfnum stjórnarskrifstofanna og leyndarskjalasafni konungs sem nú voru komin í Ríkisskjalasafnið. Eftir afnám einveldis í Danmörku árið 1848 var stofnuð sérstök stjórnardeild sem fór með málefni Íslands, Íslenska stjórnardeildin, er síðan varð að sérstöku ráðuneyti, Íslandsráðuneyti (Ministeriet for Island), árið 1874 þegar Ísland fékk stjórnarskrá. Þá hófst barátta Íslendinga fyrir endurskoðun stjórnarskrárinnar, innlendu framkvæmdavaldi og skipun íslensks ráðherra sem lyktaði með því að Íslendingar fengu heimastjórn 1. febrúar 1904. Stjórnarráð Íslands í Reykjavík tók þá við hlutverki Íslandsráðu-



Stjórnarskráin 1874. Kom með skjalaafhendingu frá danska Ríkisskjalasafninu árið 2003.

neytis og ráðherra Íslands hafði aðsetur á Íslandi. Þegar Stjórnarráð Íslands var stofnað árið 1904 voru skjöl Íslensku stjórnardeildarinnar í Kaupmannahöfn send til Íslands í nokkrum áföngum. Þar á meðal var frumrit stjórnarskrárinnar frá 1874 sem er varðveitt meðal konungsúrskurða um íslensk málefni árin 1849–1903, nánar tiltekið í tillögubókum Íslensku stjórnardeildarinnar.

Mikið skjalasafn um stjórnunarmálefni Íslands varð hins vegar eftir í Kaupmannahöfn. Jón Þorkelsson Þjóðskjalavörður krafðist frekari skila á slíkum skjölum úr dönskum söfnum en varð lítið ágengt. Það mál komst aftur á dagskrá eftir 1918 þegar Ísland varð fullvalda ríki í konungsambandi við Danmörku. Sambandslögin frá 1918 kváðu á um að stofnuð yrði sex manna dönsk-íslensk ráðgjafarnefnd með þremur fulltrúum frá hvorri þjóð sem fjallaði um lagafrumvörp er varðaði nánari meðferð þeirra mála er rætt væri um í sambandslögunum. Árið 1924 lagði nefndin það til við stjórnir Íslands og Danmerkur að þær hlutuðust til um að skipuð yrði nefnd til að athuga hvort tiltækilegt væri að flytja íslensk handrit, embættisbækur og embættisskjöl, sem væru í söfnum í Kaupmannahöfn, til Íslands og á sama hátt hvort hægt væri að flytja skjöl er snertu danska sögu frá Íslandi til Danmerkur. Málið var rætt á árunum 1925–1927, með þátttöku Hannesar Þorsteinssonar þjóðskjalavardar.

Skjalaafhendingin 1928

Niðurstaðan varð sú að samkomulag var gert milli ríkisstjórna Íslands og Danmerkur um gagnkvæma afhendingu á bókum og skjölum úr söfnum, samkvæmt tillögum dansk-íslensku ráðgjafarnefndarinnar þann 15. október 1927. Íslandi voru afhent úr Ríkisskjalasafni Danmerkur 833 bögglar og bindi skjala og skjalabóka. Þar á meðal voru dýrgripir eins og frumritin af Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og manntalinu 1703. Úr skjalasafni Hæstaréttar fékk safnið málsskjöl úr íslenskum málum 1802–1921, alls fjögur handrit (þar af þrjár skjalabækur). Úr Konunglega bókasafninu kom safn Alþingisbóka auk nokkurra annarra skjalabóka. Úr Árnasafni komu 700 fornbréf, flest skinnbréf frá Hólum, auk fjögurra skinnbóka. Þar á meðal var elsta varðveitta biskupsskjalabókin, bréfabók Jóns Vilhjálmssonar á Hólum frá fyrri hluta 15. aldar, sem Árnasafn hafði fengið að láni á 18. öld. Er hún meðal elstu kjörgripa safnsins, að sumu leyti sambærileg við Sigurðarregistur, máldagabók, sem rituð var við þrenn biskupaskipti á Hólum á 16. öld. Sigurðarregistur kom í vörslu Landskjalasafns með biskupsskjalasafni líkt og Reykholtsmáldagi sem er elsta frumskjalið í vörslu Þjóðskjalasafnsins, ritaður á tímabilinu frá því um 1185–1270.

Framangreind afhending kom frá Danmörku til Íslands í janúar 1928. Í staðinn afhenti Þjóðskjalasafn Íslands skjöl úr skjalasafni Íslensku stjórnardeildarinnar.



Tveir þjóðskjalaverðir: Bjarni Vilhjálmsson og Ólafur Ásgeirsson. Ólafur tók við af Bjarna 1. desember 1984.

ar til Danmerkur. Í þeirri afhendingu voru tillögubækur (Íslandske departements forestillings- og resolutionsprotokoller) alls 34 bindi, frá 1849–1903. Í öðru lagi voru það bréfabækur (Íslandske kopibøger), alls 33 bindi, frá tímabilinu 1849–1903 og janúar 1904. Í þriðja lagi voru skrár við bréfabækur (Registre til brevbøgerne) 1864–1904, alls 11 bindi. Í fjórða lagi var skrá yfir konungsúrskurði (Register over kongelige resolutioner for Íslandske departement) frá 1849–1903, 1 bindi. Alls samanstóð afhendingin af 79 bindum. Þá fór frumrit stjórnarskrárinnar frá 1874 aftur til Danmerkur til varðveislu í Ríkisskjalasafninu, en eins og áður sagði var hún meðal skjala í einni tillögubóka Íslensku stjórnardeildarinnar, sem komið hafði til landsins 1904. Hún var síðan afhent Íslendingum aftur árið 2003, til endanlegrar varðveislu og eignar, samkvæmt samningi sem gerður var árið áður milli Danmerkur og Íslands um lokaafhendingu á skjölum Íslensku stjórnardeildarinnar til Íslands.

Lög sett um Þjóðskjalasafn Íslands árið 1969

Þann 17. mars 1969 tóku gildi ný lög um Þjóðskjalasafn Íslands. Safnið laut nú yfirstjórn menntamálaráðuneytisins og var meginhlutverk þess sam-

kvæmt 2. gr. laganna að annast innheimtu og varðveislu á öllum þeim skjalasöfnum opinberra embætta og stofnana ríkisins sem væru afhendingarskyld samkvæmt gildandi reglugerð um Þjóðskjalasafn á hverjum tíma. Skyldi safnið skrásetja öll afhent skjalasöfn, gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar við notkun þeirra, halda opnum lestrarsal fyrir almenning þar sem hægt væri að sinna fræðistörfum og nota skjöl og heimildir safnsins. Einnig skyldi Þjóðskjalasafnið safna skráðum heimildum þjóðarsögunnar innan lands og utan. Því tilheyrði að safna ljósritum slíkra heimilda í útlendum skjalasöfnum. Viðgerðastofa skjala og handrita skyldi vera í Þjóðskjalasafni og átti jafnframt að starfa fyrir Landsbókasafn og handritadeild þess. Löggin kváðu einnig á um að þjóðskjalavörður hefði yfirumsjón með starfsemi héraðsskjalasafna (sbr. lög nr. 7/1947 um héraðsskjalasöfn), ásamt því að annast daglega stjórn Þjóðskjalasafns.

Aðdragandi að setningu núgildandi laga um Þjóðskjalasafn Íslands

Ný lög um starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafna tóku gildi í júní árið 1985. Lagafrumvarpið hafði verið í undirbúningi í nokkur ár. Fyrsti aðdrag-

andi að setningu laganna var sá að árið 1980 skipaði Ragnar Arnalds þáverandi menntamálaráðherra nefnd til að fara yfir málefni Þjóðskjalasafnsins. Hún átti m.a. að gera tillögur um vörslu og grisjun embættisgagna sem safnið á að veita viðtöku, auk þess að fjalla um þátt héraðsskjalasafna í gagnavörslu. Í nefndinni sátu dr. Aðalgeir Kristjánsson skjalavörður á Þjóðskjalasafni, dr. Gunnar Karlsson prófessor í Háskóla Íslands og Jón E. Böðvarsson borgarskjalavörður. Nefndin skilaði álitum ásamt frumvarpi til laga um Þjóðskjalasafn Íslands haustið 1981. Í álitum nefndarinnar var áminning til Íslendinga um að búa ekki svo illa að skjalasafni þjóðarinnar að heimildir um sögu hennar mundu glatast. Í álitinu sagði:

Loks viljum við leggja áherslu á að vöxtur Þjóðskjalasafns er óhjákvæmileg nauðsyn sem ræðst af skjalaframleiðslu í þjóðfélaginu. Varla kemur til greina að þjóðin vilji láta opinberar heimildir um sögu sína glatast stjórnlaust og skipulagslaust. Okkur er ekki kunnugt um nokkra skrifandi þjóð sem gerir það; auk þess má benda á að sérstök siðferðileg skylda hvílir á okkur Íslendingum í þessum efnunum þar sem við höfum orð á okkur fyrir að hafa varðveitt einstæðar ritheimildir um sögu miðalda og höfum nýlega endurheimt hluta þeirra úr höndum Dana. En vilji þjóðin rækja þessa sjálfsögðu skyldu verður hún auðvitað að horfast í augu við að það kosti nokkuð. Nefndarmönnum er ljós þörfin á að takmarka þennan kostnað sem mest, og því leggjum við til að farnar verði þær leiðir sem ódýrastar virðast, af þeim sem geta talist nokkurn veginn skammlausar, að skipuleggja skjalavörslu ríkisins sem mest í einni stofnun, Þjóðskjalasafni, og að grisja skjöl eins fljótt og mikið og nokkur leið er, án þess að eyðileggja söguheimildir í stórum stíl.⁵

Á aldarafmæli Þjóðskjalasafnsins, árið 1982, skipaði Ingvar Gíslason þáverandi menntamálaráðherra aðra nefnd til að fjalla áfram um málefni safnsins og fyrirkomulag opinberrar skjalavörslu næstu 20 árin. Nefndin, sem um málið fjallaði að þessu sinni, var skipuð þeim Birgi Thorlacíusi ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneytinu, Bjarna Einarssyni framkvæmdastjóra Byggðastofnunar og Bjarna Vilhjálmssyni þjóðskjalaverði. Nefndinni var ætlað gefa sérstakan gaum að húsnæðismálum Þjóðskjalasafnsins, en húsnæði þess var fyrir löngu orðið of lítið og ófullnægjandi, svo ekki var lengur hægt

að taka við skjölum. Einnig skyldi nefndin huga að skjalavörslu og skjalavistun opinberra stofnana og embætta með stefnumótun í huga, sem birtast myndi í væntanlegri löggjöf. Til ráðgjafar fékk nefndin dr. Harald Jørgensen fyrrverandi forstöðumann Landsskjalasafnsins á Sjálandi en hann hafði viðtæka þekkingu á þróun opinberra skjalasafna á alþjóðavettvangi á síðari hluta tuttugustu aldar og löggjöf um opinbera skjalavörslu.

Seinni nefndin um málefni Þjóðskjalasafnsins skilaði álitum haustið 1984. Tími var kominn fyrir stefnumótun varðandi safnið. Á nógu var að byggja því eftir störf framangreindra nefnda lágu fyrir frumvörp og viðamikil nefndarálit með tillögum um breytt viðfangsefni Þjóðskjalasafns sem nútímaskjalasafns með fleiri skyldur og fjölþættari verkefni en áður höfðu tengst starfi þess. Þar komu m.a. fram hugmyndir um eftirlit með opinberum skjalasöfnum, stjórn á skjalamyndun og ákvörðun um grisjun innan skjalasafna á upprunastað, þ.e. þar sem safnið verður til. Jafnframt var gerð ítarleg áætlun um húsnæðisþörf Þjóðskjalasafnsins og lögð áhersla á hve brýnt væri að leita úrlausnar á þeim mikla vanda sem safnið glímdi við á þessum tíma vegna húsnæðisskorts.

Frumvarp til laga um Þjóðskjalasafn Íslands

Frumvarp til laga um Þjóðskjalasafn Íslands var lagt fyrir alþingi vorið 1985 og var það unnið á vegum menntamálaráðuneytis í samráði við Þjóðskjalasafnið upp úr þeim tveim frumvörpum sem framangreindar nefndir höfðu samið. Frumvarpið var samþykkt með litlum breytingum sem lög nr. 66/1985. Þar með hafði tekið gildi ný og gjörbreytt löggjöf um Þjóðskjalasafnið sem tók mið af því sem best þótti fara í löggjöf samtímans um opinber skjalasöfn. Fyrrgreind lög um Þjóðskjalasafn leystu af hólmi lög nr. 7/1947 um héraðsskjalasöfn og lög nr. 13/1969 um Þjóðskjalasafn Íslands en þessi eldri lög voru að nokkru innifalín í nýju lögunum.

Lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands

Hlutverk og verkefni Þjóðskjalasafns er skilgreint í gildandi lögum um safnið, nr. 66 frá 27. júní, en þau hljóða svo:⁶

⁵ *Alþingistiðindi* A 3 1984–85, bls. 2154.

⁶ *Stjórnartíðindi* A 1985, bls. 205–208. - <http://www.althingi.is>; *Lagasafn*. Íslensk lög 1. október 2004. Útgáfa 130b. Lög nr. 66/1985. Tóku gildi 11. júlí 1985. Breytt með lögum 108/1988 (tóku gildi 1. jan. 1989), lög 71/1994 (tóku gildi 30. maí 1994), lög 50/1996 (tóku gildi 1. jan. 1997) og lög 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997).

1. gr.

Þjóðskjalasafn Íslands er sjálfstæð skjalavörslustofnun undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Heimilisfang þess er í Reykjavík.

Kostnaður við rekstur safnsins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegum fjárveitingum í fjárlögum.

[Ráðherra skipar þjóðskjalavörð til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við.]

[Þjóðskjalavörður ræður skjalaverði og aðra fasta starfsmenn. Við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun.]⁷

2. gr.

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns hefur yfirumsjón með rekstri safnsins. Stjórnarnefndin markar safninu stefnu, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar. Einnig fjallar nefndin um eyðingu gagna í skjalasöfnum sem lög þessi taka til.

Menntamálaráðuneytið skipar stjórnarnefndina til fjögurra ára í senn. Nefndin skal þannig skipuð: Þjóðskjalavörður á sæti í nefndinni samkvæmt stöðu sinni. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Einn tilnefnir fastráðið starfsfólk Þjóðskjalasafns og einn í nefndinni skal skipaður án tilnefningar. Menntamálaráðuneytið skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Nefndin heldur fundi þegar þurfa þykir. Halda skal gerðabók um störf nefndarinnar. Nefndarmenn eiga rétt á að fá bókuð stutt sérálit í gerðabókina. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í nefndinni. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

3. gr.

Hlutverk Þjóðskjalasafns er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðiiðkanir.

Þegar talað er um skjöl og skráðar heimildir í lögum þessum er átt við hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og orðið hafa til við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings hvort sem um er að ræða skrifleg gögn, uppdraetti, ljósmyndir, filmur, örglærur, hljóðupptök, gataspjöld, segulbönd eða önnur hliðstæð gögn.

Ríkisútlit (hljóðvarp og sjónvarp) skal varðveita myndir, plötur og hljómbönd eftir því sem útlitastjóri og útlitarsráð ákveða í samráði við þjóðskjalavörð.⁸

4. gr.

Hlutverki sínu skal Þjóðskjalasafn meðal annars gegna á þann hátt að:

1. heimta inn og varðveita skjöl þeirra aðila sem eru afhendingarskyldir samkvæmt 5. gr. þessara laga,
2. líta eftir skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila, láta þeim í té ráðgjöf, gefa út leiðbeiningar um skjalavörslu og tölvuskráningu og ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar,
3. gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir fólk sem á að annast skjalavörslu í opinberum stofnunum, svo sem með námskeiðum og leiðbeiningarritum,
4. skrásetja varðveitt skjalasöfn og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar um notkun þeirra,
5. koma upp handbókasafni um skjalfræðileg og sagnfræðileg efni,

⁷Sbr. lög 83/1997, 113. gr. um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Upphaflega var ákvæðið svohljóðandi: „Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð samkvæmt tillögu menntamálaráðherra að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við. Menntamálaráðherra setur eða skipar skjalaverði að fenginni tillögu stjórnarnefndar. Aðra fasta starfsmenn ræður þjóðskjalavörður með samþykki stjórnarnefndar. Við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun.“ Sjá: *Stjórnartíðindi A* 1985, bls. 205.

⁸ Sjá nánar um skilaskyld gögn og framkvæmd skylduskila: Lög nr. 20/2002 um skylduskil safna. (Sbr.: <http://www.althingi.is/lagas/130b/2002020.html>).

6. líta eftir starfsemi héraðsskjalasafna og annarra skjalavörslustofnana sem varðveita opinber skjöl,
7. leiðbeina safngestum um notkun varðveittra skjala og heimilda safnsins, vísa safngestum á heimildir eftir því sem kostur er, efla þekkingu á þjóðarsögunni og stuðla að rannsóknum á henni,
8. halda opnum lestrarsal fyrir almenning þar sem unnt sé að sinna fræðistörfum og færa sér í nyt varðveitt skjöl og aðrar heimildir safnsins,
9. safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innanlands og utan, þ. á m. ljósritum og öðrum afritum ef frumheimilda er eigi kostur, og stuðla að varðveislu þeirra,
10. reka viðgerðar- og bókbandsstofu og taka í þjónustu safnsins þá tækni sem á hverjum tíma telst æskileg til þess að fullkomna starfsemi þess.

5. gr.

Eftirgreindir aðilar skulu afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu: Embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstiréttur, Stjórnarráðið og þær stofnanir sem undir það heyra, svo og aðrar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, félagasamtök sem fá meiri hluta rekstrarfjár síns með framlagi á fjárlögum og félag sem njóta verulega styrks af opinberu fé.

Sveitarfélög og stofnanir þeirra skulu og afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín ef þau eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni og afhenda skjöl sín þangað.

Safninu er heimilt að taka við gögnum annarra en afhendingarskyldra aðila.

6. gr.

Skilaskyld skjöl skal afhenda Þjóðskjalasafni að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð þrjátíu ára aldri. Er þá miðað við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgangis máls. Þjóðskjalavörður getur lengt þennan frest eða stýtt í einstökum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því.

Forstöðumenn skilaskyldra stofnana bera ábyrgð á skjalavörslu stofnananna.

Afhendingarskyldir aðilar eru skyldugir að hlíta fyrir mælum safnsins um skráningu, flokkun og frágang skjala.

Ný skjalavistunarkerfi og skjalageymslur skulu samþykkt af Þjóðskjalasafni áður en þau eru tekin í notkun.

7. gr.

Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala.

8. gr.

Afhendingarskyldir aðilar eiga rétt á að fá lánuð skjöl eða að fá ljósrit skjala sem þeir hafa afhent Þjóðskjalasafni þurfi þeir á þeim að halda við störf sín.

Heimilt er að lána skjöl til notkunar í lestrarsal [Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns]⁹ og í opinber skjalasöfn, bókasöfn og rannsóknarstofnanir ef aðstaða er þar til að varðveita skjöl tryggilega að mati þjóðskjalavardar. Önnur útlán eru að jafnaði óheimil. Stofnanir, sem fá skjöl að láni, bera ábyrgð á varðveislu þeirra og skilum á tilteknum tíma.

9. gr.

[Um aðgang að skjölum og öðrum gögnum, sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni Íslands, fer samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga. Um aðgang að öðrum gögnum og skjölum, sem upplýsingalög taka ekki til, skal mælt fyrir um í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum þjóðskjalavardar.]¹⁰

⁹Þetta ákvæði átti upphaflega við Landsbókasafn (sjá: *Stjórnartíðindi* A 1985, bls. 207) en með sameiningu Háskólabókasafns og þess fyrrnefnda breyttist það sbr. lög nr. 71/1994 um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. (Sjá: <http://www.althingi.is/lagas/130b/1994071.html>).

¹⁰Þetta ákvæði breyttist með tilkomu upplýsingalaga, sbr. lög nr. 50/1996, Upplýsingalög. (Sjá: <http://www.althingi.is/lagas/130b/1996050.html>). Upphaflega var 9. gr. svohljóðandi: „Um aðgang að skjölum sem, varðveitt eru í Þjóðskjalasafni, og notkun þeirra skal ákveðið í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum þjóðskjalavardar.“ Sjá: *Stjórnartíðindi* A 1985, bls. 207.

10. gr.

Mikilvægustu skjöl safnsins skulu vera til á filmum og eintak af þeim varðveitt á öruggum stað utan húsakynna safnsins.

11. gr.

Þegar skjöl, sem að dómi þjóðskjalavarðar hafa fræðilegt gildi en eru í eigu einkaaðila, eru flutt úr landi skal tilkynna það þjóðskjalasafni og safnið hafa heimild til að semja um ljósritun þeirra eða afritun með öðrum hætti áður en farið er með skjölin úr landi.

12. gr.

Stjórnarnefnd þjóðskjalasafns getur heimilað [sveitarstjórnnum] að koma á fót héraðsskjalasöfn-um til að varðveita skjöl viðkomandi bæjarfélaga, sýslufélaga og hreppsfélaga ef fullnægjandi húsnæði og önnur skilyrði eru fyrir hendi að mati þjóðskjalavarðar. Heimilt er [sveitarstjórnnum] að stofna sameiginlegt héraðsskjalasafn fyrir fleiri en [eitt sveitarfélag].¹¹ Er safnið þá sameign þessara aðila og skulu þeir koma sér saman um stjórnarfar og rekstur og gera um það samning sem bera skal undir þjóðskjalavörð til staðfestingar.

13. gr.

Falli héraðsskjalasafn í vanhirðu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði sem voru forsenda fyrir leyfi til stofnunar safnsins skal þjóðskjalavörður vekja athygli stjórnar safnsins á því sem aflaga er talið fara og æskja úrbóta. Sé endurtekinni viðvörðun ekki sinnt skal þjóðskjalavörður láta flytja safngögnin í þjóðskjalasafn á kostnað þeirra aðila sem að héraðsskjalasafninu stóðu.

14. gr.

Þar sem héraðsskjalasöfn starfa skulu renna til þeirra skjöl sýslunefnda, bæjarstjórna, hreppsnefnda og hreppstjóra á safnsvæðinu. Þangað skulu einnig renna embættisskjöl allra stofnana og starfsmanna á vegum þessara aðila, skjöl félaga og samtaka sem njóta verulega styrks af opinberu fé og starfa eingöngu innan umdæmis héraðsskjalasafnsins.

Um afhendingu skjala til héraðsskjalasafns gilda sömu reglur og um afhendingu til þjóðskjalasafns.

Nánari ákvæði um héraðsskjalasöfn, þ. á m. hverjir séu afhendingarskyldir til þeirra, skal setja í reglugerð.¹²

15. gr.

Um lán skjala úr héraðsskjalasafni og notkun þeirra gilda sömu reglur og um þjóðskjalasafn.

16. gr.

Héraðsskjalasöfn skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.

17. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.¹³

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. [„Samtímis falla úr gildi lög nr. 7 frá 12. febrúar 1947, um héraðsskjalasöfn, og lög nr. 13 frá 17 mars 1969, um þjóðskjalasafn Íslands.“¹⁴]

¹¹ Í stað orðanna „sýslunefndum og bæjarstjórnnum“ í 12. gr. laganna (sbr. *Stjórnartíðindi A* 1985, bls. 207) kom orðið „sveitarstjórnnum“ og í stað orðanna „eina sýslu eða kaupstað“ kom „eitt sveitarfélag“. Breyting sbr. lög nr. 108/1988, 64. gr. lög um breytingu á lagaákvæðum og niðurfellingu laga vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála skv. sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986. (Sjá: <http://www.althingi.is/altext/stjt/1988.108.html>).

¹² Reglugerð 283/1994 um héraðsskjalasöfn, sjá: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/283-1994>.

¹³ Reglugerð 5/1916 „um þjóðskjalasafnið í Reykjavík“ ((Sbr: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/005-1916>) og áður nefnda reglugerð 283/1994 um héraðsskjalasöfn.

¹⁴ Sjá: *Stjórnartíðindi A* 1985, bls. 208.


Lög nr. 66/1985 taka til starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands og skjalavörslu hins opinbera en fleiri lög koma einnig við sögu varðandi meðferð og aðgengi að skjölum hins opinbera, bæði í vörslu Þjóðskjalasafns og í stofnununum sjálfum. Þetta eru ekki síst upplýsingalög nr. 50/1996, lög nr. 77/2000 „um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga“ og stjórnsýslulög nr. 37/1993 sem síðan breyttust með lögum um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/2003 (rafræn stjórnsýsla). Stjórnarskrá lýðveldisins frá 1944 geymir einnig ákvæði um Þjóðskjalasafn sbr. 10. gr. þar sem segir að annað frumritið af eiðstaf forseta lýðveldisins skuli geyma á Þjóðskjalasafni en hitt eintakið geymir alþingi. Sett hafa verið lög og reglugerð um skyldur stofnana um skjalaskil, þ.e. lög nr. 20/2002 „um skylduskil safna“, og reglugerð nr. 982/2003 „um skylduskil til safna“. Helstu reglugerðir sem snerta starfsemi Þjóðskjalasafns eru reglugerð nr. 5/1916 „um Þjóðskjalasafnið í Reykjavík“ og reglugerð 283/1994 „um héraðsskjalasöfn.“

Lög nr. 66/1985 breyttu hlutverki Þjóðskjalasafns

Lög nr. 66/1985 kváðu á um ýmsar breytingar í starfsemi Þjóðskjalasafnsins. Fram til ársins 1985 fólst meginhlutverk safnsins í að veita skjölum frá

skilaskyldum aðilum viðtöku og annast varðveislu þeirra. Með nýjum lögum fékk safnið mun viðtækara hlutverk þar sem því var falið að fylgjast með allri skjalavörslu hins opinbera. Safnið gegnir lykilhlutverki í skjalavörslu í landinu hvað varðar stefnumótun, fræðslu, þjónustu og eftirlit með skjalavörslu skilaskyldra aðila, auk þess sem það þjónar áfram hlutverki sínu sem varðveislustofnun og skjalasafn þjóðarinnar.

Lög nr. 66/1985 fólu í sér fleiri nýmæli í starfi Þjóðskjalasafnsins en þau sem að framan voru talin. Í fyrsta lagi var skipuð sérstök stjórnarnefnd til að hafa yfirumsjón með rekstri safnsins. Í öðru lagi var sérstaklega kveðið á um skjalagrisjun sem hluta af skjalavörslu nútímans undir eftirliti og handleiðslu Þjóðskjalasafns. Í þriðja lagi voru ákvæði um héraðsskjalasöfn sett í lögum um Þjóðskjalasafn Íslands en áður höfðu þau starfað samkvæmt lögum nr. 7/1947 um héraðsskjalasöfn og reglugerð nr. 61/1951. Í fjórða lagi fólu lög in í sér skyrari ákvæði en lög in um Þjóðskjalasafnið frá 1969, um hvaða embættum og stofnunum ber að skila gögnum til Þjóðskjalasafns. Í eldri lögum um safnið er hugtakið skilaskylda ekki nefnt en í ákvæðum laga nr. 66/1985 er skilaskylda til Þjóðskjalasafns skýr og án vafaatriða, sbr. 5. grein. Í fimmta og síðasta lagi fólu lög in í sér þá breytingu að skilaskylda skjala á Þjóðskjalasafns var lengd úr 20 árum í 30 ár.



Eiðstafur forseta Íslands 1944.



Eiðstafur forseta Íslands 2004.



Hlutverk og markmið Þjóðskjalasafns Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands er, skv. lögum nr. 66 frá 1985, skjalavörslustofnun hins opinbera, ríkisskjalasafn og skjalasafn þeirra sveitarfélaga sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni, auk þess sem það varðveitir skjöl einkaaðila, félaga, fyrirtækja og einstaklinga.¹⁵

Hlutverk safnsins er:

1. Að varðveita skjöl og gögn sem orðin eru 30 ára og verða til við alla stjórnýslu í landinu.
2. Að hafa yfirumsjón með skjalavörslu allra opinberra aðila á vegum ríkis og sveitarfélaga. Þjóðskjalasafnið fer með æðsta vald í skjalamállum ríkis og sveitarfélaga, veitir ráðgjöf varðandi skjalavistunarkerfi og meðferð skjala, allt frá því að þau verða til þar til þeim er skilað á Þjóðskjalasafn. Samþykki safnsins þarf ef breyta á skjalavistunarkerfum eða áður en ný eru tekin í notkun. Safnið gerir einnig úttekt á skjalageymslum, samþykkir grisjunaráætlanir og afhendingaráætlanir stofnana og embætta.
3. Að hafa yfirumsjón með héraðsskjalasöfnum og allri skjalavörslu sveitarfélaga.
4. Að annast rannsóknir sem tengjast sögu Íslands og skjalfræðilegar rannsóknir sem eru grundvöllur skráningar og flokkunar skjalasafna. Safnið gefur út skrár og leiðbeiningarrit um skjalasöfn í vörslu þess, auk þess sem það stendur að útgáfu heimilda.
5. Að miðla menningararfi þjóðarinnar með útgáfu heimilda á prenti og á vef safnsins.
6. Að halda opnum lestrarsal fyrir almenning þar sem unnt er að sinna fræðistörfum og skoða skjöl í vörslu safnsins. Safngestum er leiðbeint um notkun skjala og vísað á heimildir í tengslum við rannsókn hvers og eins.

Hlutverk Þjóðskjalasafnsins snýr þannig að varðveislu gagna og eftirliti með skjalavörslu hins opinbera ásamt því að sinna rannsóknum, fjölþættri þjónustu og aðstoð við þá sem til safnsins leita, hvort sem það eru einstaklingar í einkaerindum, fræðimenn að rannsóknarstörfum eða starfsmenn opinberra stofnana og embætta.

Varðveisla skjala á Þjóðskjalasafni Íslands er mikilvæg:

Fyrir sögu lands og þjóðar

Þjóðskjalasafn varðveitir frumgögn eða skjöl, sem orðið hafa til vegna opinberrar stjórnýslu og embættisverka á vegum hins opinbera, t.d. á sviði stjórnýslu, mennta- og heilbrigðismála, efnahagsmála, viðskipta og stjórn mála. Safnið hefur auk þess mikið magn skjala úr einkaerign í sinni vörslu, þ.e. skjöl sem snerta einstaklinga, félög og fyrirtæki. Opinber skjalasöfn og einkaskjalasöfn í vörslu Þjóðskjalasafnsins eru afar mikilvæg heimild um sögu landsins.

Fyrir réttindi einstaklinga, félagasamtaka, ríkisvalds og sveitarfélaga

Varðveisla gagna, sem snerta réttindi ríkis, sveitarfélaga, félagasamtaka og einstaklinga, og aðgengi að þeim á Þjóðskjalasafni Íslands þjónar mikilvægu hlutverki í þágu hagsmuna eða öryggis ríkisvalds, félagasamtaka og einstaklinga. Slík gögn hafa gjarnan mikið réttarfarslegt og stjórnýslulegt gildi eða geyma grundvallarupplýsingar er lúta að störfum hins opinbera og varða líf og réttindi einstaklinga. Stór þáttur í starfsemi safnsins felst í að svara fjölda fyrirspurna sem safninu berast frá almenningi og varða ýmsa hagsmuni, réttindamál eða sögulegar upplýsingar af einhverju tagi.

Fyrir rannsóknir fræðimanna og áhugafólks um þjóðleg efni og ættfræði

Þjóðskjalasafn varðveitir mikið magn frumheimilda um sögu þjóðarinnar. Safnið er því ómissandi stoð og uppspretta fyrir fræðirannsóknir enda er þjónusta við fræðimenn mikilvægur þáttur í starfsemi og hlutverki safnsins. Það eru ekki aðeins Íslendingar sem leita til safnsins því erlendir fræðimenn og áhugamenn um sögu landsins senda því fyrirspurnir eða heimsækja það til að sinna rannsóknum. Safnið hefur auk þess allt frá stofnun verið brunnur heimilda fyrir almenning sem hefur nýtt sér þjónustu og skjalaförða safnsins í tengslum við grúsk og athuganir sínar á ýmsu í þjóðlífi landsmanna fyrr og nú.

¹⁵ Stjórnartíðindi 1985 A, bls. 205–208.

Fyrir rannsóknir á sviði skjalfræði og sögu landsins

Þjóðskjalasafn annast ekki eingöngu skyldubundna varðveislu opinberra skjala og innir af hendi mikilvæga þjónustu við opinbera aðila, almenning og fræðimenn heldur er einnig rannsóknarstofnun í skjalfræðum og íslenskri sögu. Afrakstur af starfi og rannsóknum sérfræðinga safnsins hefur birst í

þeim ritum og greinum sem gefnar hafa verið út um málefni skjalasafna og skjalfræði, á innlendum og erlendum vettvangi, og í heimildaútgáfu og ritum um söguleg efni. Síðast en ekki síst hefur Þjóðskjalasafnið gefið út skrár um skjalasöfn safnsins auk handbóka til leiðbeiningar um skjalavörslu sem byggja á starfi og rannsóknum sérfræðinga þess.

Heimildir:

Alþingistíðindi A 3 1984–85.

Alþingistíðindi B 2–4 1984–85.

Heimildaleit í Þjóðskjalasafni. Upplýsingarit Þjóðskjalasafns. Reykjavík 1996.

<http://www.althingi.is/dba-bin/unds.pl?txi=/wwwtext/html/lagasofn/130b/1985066>, Lagasafn. Íslensk lög 1. október 2004. Útgáfa 130b.

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/005-1916>.

Sigfús Haukur Andrésson: *Þjóðskjalasafn Íslands. Ágrip af sögu þess og yfirlit um heimildasöfn þar*. (Ritröð Sagnfræðistofnunar 1). Reykjavík 1982.

Stjórnartíðindi B 1900.

Stjórnartíðindi B 1911.


Stjórnartíðindi A-B 1915.

Stjórnartíðindi A 1969.

Stjórnartíðindi A 1985.

Þjóðskjalasafn Íslands. Grundvöllur og hlutverk. Upplýsingarit Þjóðskjalasafns. Reykjavík. 1996.

Húsnæðismál



Húsnæðismál Þjóðskjalasafns fram til 1982

Húsakynni Þjóðskjalasafns Íslands í Safnahúsinu við Hverfisgötu voru fullnýtt og sprungin utan af starfsemi safnsins árið 1934. Ekkert varð úr viðbyggingu við húsið eins og ráðgert hafði verið í fyrstu. Skjölum var því komið í geymslu annars staðar þar sem Safnahúsið tók ekki við meiru. Verulegt magn af einkaskjölum, einkum verslunarbækur, var t.d. sett í geymslu á kirkjuloftinu á Bessastöðum árið 1953, og geymt þar til ársins 1982.

Þegar Þjóðminjasafnið fluttist úr Safnahúsinu að Hringbraut árið 1949 bættist við geymslurými sem Þjóðskjalasafnið naut góðs af. Stálskápar á renni- brautum voru settir í geymslur Þjóðskjalasafnsins í húsinu til að nýta betur plássíð. Safnið tók síðan á leigu geymslupláss á Laugavegi 178 þar sem geyma mátti um þúsund hillumetra af skjölum og var sú geymsla nær full árið 1981. Árið 1982 fékk safnið leigt geymslurými við Geirsgötu ásamt fleiri ríkisstofnunum, en innréttingu vantaði og geymslan var ekki nýtt nema að litlum hluta.

Ófremdarástand vegna húsnæðisvanda Þjóðskjalasafns

Nefnd, sem skipuð var árið 1980 um málefni Þjóðskjalasafns Íslands, komst að þeirri niðurstöðu að skjalavörsluaðferðir Íslendinga stæðu langt að baki því sem tíðkaðist í öllum nálægum löndum og sagði í áliti nefndarinnar að það stefndi í „fullkomið öngþveiti“ ef ekki yrði „hið fyrsta gert verulegt áttak til að skipuleggja vörslu skjala.“ Nefndin taldi augljóst að ekki væri seinna vænna að huga að aðstöðu Þjóðskjalasafns Íslands, helsta skjalasafns landsins. Undanfarna áratugi hafði aðeins brot af þeim skjölum, sem safnið átti að varðveita, verið afhent þar sem það réði ekki yfir húsrými til að taka við skjölum sem því var þó skylt að varðveita. Þetta leiddi til þess að mikið magn skjala hlóðst upp í opinberum stofnunum í misgóðum geymsluplássum. Þar voru skjöl oftast óaðgengileg þeim sem þurftu á þeim að halda í hagnýtum eða fræðilegum tilgangi. Víða var hætt á að þau skemmdust eða glötuðust enda ógerningur að halda uppi vörnum gegn eldi, vatni, ofþornun og fúa í öllum þeim fjölmörgu geymslum sem voru í notkun, sagði í áliti nefndarinnar. Skipulagi og röðun skjala þegar þau voru flutt í skjalageymslur var auk þess mjög ábótavant þar sem engin skipuleg skjalavarsla var þar fyrir hendi.

Ennfremur var bent á að jafnan væri hætt á að starfsfólk stofnana myndi farga skjölum án tillits til mikilvægis þegar geymslur fylltust og enginn aðili



sýndi áhuga á eða væri reiðubúinn til að taka við skjölum til varðveislu. Hér þurfti að gera myndarlegt áttak sem fyrst, að mati nefndarmanna. Úrbótin yrði óhjákvæmilega dýrari ef hún kæmi síðar en dýrast af öllu yrði að láta reka á reiðanum í þessum efnum.

Athugun nefndarinnar leiddi í ljós að mikið af skjölum ríkisstofnana, sem enn voru ekki komin til Þjóðskjalasafns, væru orðin meira en 20 ára gömul og áttu því samkvæmt þágildandi lögum að vera komin í varðveislu safnsins. Það var þess vegna brýnt að gera sem fyrst áttak í að innheimta skjöl til Þjóðskjalasafns en fyrst þurfti að greiða úr húsnæðisvanda safnsins.

Hvatt til úrbóta í húsnæðismálum Þjóðskjalasafns

Niðurstaða nefndarinnar var sú að lauslega áætlað væri skjalamagnið í ríkisstofnunum, sem Þjóðskjalasafn átti að innheimta aftur í tímamann, í kringum 20.000 hillumetrar, þ.e. skjöl fram til ársins 1960. Sennilega mætti helminga þá tölu með því að grisja þann skjalaförða sem orðið hafði til fyrir 1960, auk þess sem reikna mætti með afföllum á skjölum vegna förgunar í heimildaleysi. Lagt var til að skilafrestur skjala yrði lengdur úr 20 árum í 30 til að létta á Þjóðskjalasafninu. Einnig taldi nefndin nauðsynlegt að safninu yrði þegar í stað útvegað fimm þúsund fermetra húsnæði innan fimm ára, til viðbótar við húsnæði þess í Safnahúsinu og leigðum geymslum annars staðar í borginni. Hún taldi að nýtt húsnæði safnsins yrði að vera á einum stað í næsta nágrenni við núverandi húsnæði þess því óþolandi vinnufrekt og fyrirhafnarsamt yrði að láta safnið



dreifast í geymsluhúsnæði víðs vegar um borgina, auk þess sem sú neyðarráðstöfun, að geyma skjöl í geymslum hér og hvar, mætti aðeins verða bráðabirgðalausn.

Nefndin taldi nauðsynlegt að Þjóðskjalasafnið yrði búið undir að taka við 50 hillukílómetrum árið 2000. Þessi spá um umfang skjala, sem þörf var á að afhenda til Þjóðskjalasafns til varðveislu fram til ársins 2000, átti eftir að rætast. Nefndin áleit einnig að rétt væri að gera ráð fyrir í áætlunum fram til aldamóta að safnið þyrfti ekki minna en 8000 m² húsnæði undir skjalageymslur einar saman. Þá var ótalið það húsrými sem þurfti undir vinnuáðstöðu fyrir starfsfólk og gesti safnsins. Það var því kominn tími til að huga að byggingu nýs húss fyrir Þjóðskjalasafn, sagði í niðurstöðum nefndarinnar.

Tillaga um nýbyggingu í Öskjuhlíð

Áðurgreind nefnd um málefni Þjóðskjalasafns lagði til að íhugað yrði að fara að dæmi ýmissa þjóða, t.d. Norðmanna, þar sem geymslur skjalasafna voru sprengdar inn í kletta en ofanjarðar voru lestrarsalir, vinnustofur og annað rými fyrir starfsemi safnsins. Á Íslandi gæti slík bygging sómt sér vel, sagði í nefndarálit, þar sem landið er gagnauðugt af klettum og hömrum og svo miklum að víðáttu að ekki ætti að vera skortur á geymslurými fyrir viðbótargeymslur. Benti nefndin á að vesturhlíð Öskjuhlíðar væri kjörin fyrir slíka byggingu og tilvalinn staður í nágrenni við Háskóla Íslands, en þaðan ættu að liggja gagnvegir

í þá stofnun sem geymir gögnin um sögu landsins í fortíð og nútíð.¹⁶

Tillaga um nýbyggingu í nágrenni Háskóla Íslands

Nefnd þeirri sem menntamálaráðherra skipaði árið 1982, á aldarafmæli Þjóðskjalasafnsins, var einnig ætlað að meta húsnæðismál safnsins. Átti hún að gera tillögur um hvernig hagkvæmast yrði að standa að húsnæðismálum þess. Í greinargerð nefndarinnar kom fram að á þessum tíma var Þjóðskjalasafnið ætlað að fá afnot af öllu Safnahúsinu við Hverfisgötu þegar Landsbókasafnið flyttist í Þjóðarbókhöðuna, sem þá var enn í smíðum. Samþykki var fyrir þessu hjá menntamálaráðherra og ríkisstjórn frá árinu 1971. Háskóla- rektor, landsbókavörður og þjóðskjalavörður studdu þá ákvörðun en þjóðskjalavörður tók fram að þrátt fyrir að Þjóðskjalasafnið fengi allt Safnahúsið myndi það einungis fullnægja húsnæðisþörf þess í nokkur ár, sakir hins mikla skjalafloðs sem safninu ber að veita viðtöku. Safnahúsið gat því ekki orðið framtíðarlausn fyrir safnið þar sem kostnaðarsamt yrði að innrétta það með þarfir Þjóðskjalasafns í huga og sú lausn dygði aðeins um skamma hríð. Það þyrfti því að stefna að því að hús yrði reist fyrir Þjóðskjalasafn Íslands sem yrði framtíðarlausn og uppfyllti nútímakröfur varðandi skjalageymslur og vinnuáðstöðu. Nefndin áleit að nýtt húsnæði fyrir Þjóðskjalasafn Íslands ætti að rísa í námunda við Þjóðarbókhöðuna og Háskóla Íslands og þyrfti þegar í stað að tryggja slíkri byggingu lóð.¹⁷

¹⁶ Sjá nánar um umfjöllun nefndarinnar: *Alþingistiðindi* 1984–85 A3, bls. 2165-2185.

¹⁷ Sjá nánar um greinargerð nefndarinnar: *Alþingistiðindi* 1984–85 A3, bls. 2189-2199.

Húsakynni Þjóðskjalasafns í Safnahúsinu þörfuðust endurbóta

Ólafur Ásgeirsson tók við embætti þjóðskjalavarðar 1. desember 1984 og húsnæðismál safnsins urðu forgangsverkefni á fyrstu misserum hans í starfi en þau voru, eins og áður gat, í miklum ólestri í ársbyrjun 1985. Hafði áratuga fjársvelti bitnað á allri starfsemi safnsins ekki síður en á húsnæði þess. Í bréfi dagsettu 28. febrúar 1985 sendi Ólafur menntamálaráðuneyti upplýsingar um bága húsnæðisstöðu safnsins og vanda þess á flestum sviðum. Fór hann þess á leit við ráðuneytið að það beitti sér fyrir aukafjárveitingu til safnsins til að standa straum af nauðsynlegustu lagfæringum þar sem viðhald húsnæðis þjóðskjalasafnsins í Safnahúsinu hafði verið í algeru lágmarki frá upphafi. Árið 1985 var svo komið að mála þurfti geymslur í húsinu, lestrarsal og skrifstofur. Sumt hafði ekki verið málað í manna minnum og útlitið var í samræmi við það. Gluggar voru ópéttir og hitakerfi var í ólagi þannig að hiti á vinnustofum gat farið allt niður í 14–15 gráður. Sömuleiðis þurfti að gera við brotna glugga og þétta svalahurðir til að tryggja varðveislu þeirra þjóðgæðinga sem safnið geymir. Húsgögn þau sem þjóðskjalasafnið átti árið 1985 voru afar fornfáleg, allt að 80 ára gömul, og máttu muna fífil sinn fegri. Mikilvægt var að bæta úr brýnustu þörf um endurbætur húsbúnaðar og endurnýjun skrifstofuáhalda til að skapa starfsfólki viðunandi vinnuumhverfi.

Bráðabirgðalausnir í skjalageymslum

Árið 1985 hafði þjóðskjalasafn geymslur fyrir um 3800 hillumetra í Safnahúsinu. Auk þess leigði safnið skjalageymslur, nánar tiltekið að Geirsgötu og að Laugavegi 178. Síðarnefnda húsnæðið var fengið til að taka við skjölum Vestmannaeyja árið 1973, þegar eldgos hófst á Heimaey. Engu að síður voru skjalageymslur of litlar miðað við þörfina og nýttust auk þess ekki til fulls, þar sem hillur skorti í hluta geymsluhúsnæðisins sem leigt var. Fyrirsjáanlegt var að útvega þurfti þjóðskjalasafninu bráðabirgðahús-





Úr skjalageymslum Þjóðskjalasafns í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

næði hið fyrsta. Leiguhúsnæðinu að Laugavegi og Geirsgötu var sagt upp í janúar 1985. Húsnæði að Hesthálsi 2–4 var leigt haustið 1985, alls um 3.500 m². Flutt var í þær skjalageymslur í febrúar 1986.

Kaupin á húsnæði að Laugavegi 162

Ekkert varð úr að byggt yrði nýtt hús fyrir Þjóðskjalasafnið eins og hugmyndir höfðu verið uppi um. Niðurstaðan varð sú að kaupa hús í stað þess að reisa nýtt. Sjónir manna beindust að húsum Mjólkurstöðvarinnar við Laugaveg 162. Hafði stjórn Þjóðskjalasafns lagt til við menntamálaráðherra vorið 1985 að þessi húseign yrði keypt fyrir safnið til að leysa bráðan húsnæðisvanda þess. Starfsmenn safnsins höfðu kannað aðstæður þar vorið 1985 og töldu að húsin gætu vel hentað fyrir safnið. Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður sendi menntamálaráðuneyti bréf í apríl það ár og fór þess á leit að kannað yrði nánar hvort húsin væru hentugur kostur og hvort hugsanlegt væri að eignin yrði keypt. Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns, sem var skipuð í fyrsta sinn samkvæmt ákvæðum nýrra laga nr. 66. frá 28. október 1985, hófst þegar handa við að gera úttekt á húsnæðisþörf safnsins og á húsunum við Laugaveg. Að því búnu lagði stjórnin til við menntamálaráðherra að þetta húsnæði yrði keypt. Fest voru kaup á húsum Mjólkurstöðvarinnar að Laugavegi 162 í desember 1985 og tók Þjóðskjalasafnið við eigninni haustið 1986.

Haustið 1987 ferðuðust Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður og Magnús H. Ólafsson arkitekt um Norðurlöndin, Þýskaland og England til að skoða húsakynni ýmissa skjalasafna, fara yfir starfsemi þeirra og kanna sérbúnar geymslur. Markmið þeirra með ferðinni var að kynna sér hvernig standa bæri að innréttingu bygginganna að Laugavegi 162 fyrir Þjóðskjalasafnið í samræmi við það sem best þekktist á þessum tíma.



Ragnhildur Helgadóttir.



Sverrir Hermannsson.

Með fyrrgreindum húsnæðis kaupum var séð fram á að leysa mætti úr uppsöfnuðum vanda safnsins hvað snerti geymslurými og starfsfólki jafnframt búið betra vinnuumhverfi. Húsakynnin við Laugaveg voru samt ekki sniðin að þörfum safnsins, eins og gefur að skilja, þar sem gerólik starfsemi hafði farið fram í þeim en sú sem snýr að skjalavörslu. En sýnt þótti að með tilskyldum breytingum mundi húsnæðið svara þörfum Þjóðskjalasafnsins í u.þ.b. 20 ár.

Ágreiningur um forræði yfir eigninni að Laugavegi 162

Í fyrstu voru ekki allir á eitt sáttir um hver færi með forræði eignanna að Laugavegi 162, eins og kemur fram í skýrslu ríkisendurskoðunar frá þessum tíma. Eftir að eignin hafði verið keypt kom upp ágreiningur um forræði hennar milli forráðamanna Þjóðskjalasafns og menntamálaráðuneytis annars vegar og fjármálaráðuneytisins og Fasteigna ríkissjóðs hins vegar.

Fjármálaráðuneytið leit svo á að meðan Þjóðskjalasafnið nýtti ekki alla húseignina fyrir starfsemi sína, eins og raunin var í fyrstu, væri réttmætt og eðlilegt að fela Fasteignum ríkissjóðs umsjá hennar. Þannig

mætti nýta það húsnæði sem laust væri hverju sinni í þágu ríkisins en ýmsar stofnanir á þess vegum voru í húsnæðishraki. Fjármálaráðuneytið fól Fasteignum ríkissjóðs umsjón með húsunum að Laugavegi 162 og útleigu og viðhald á eigninni.


Forráðamenn Þjóðskjalasafns og menntamálaráðuneytis litu hins vegar svo á að eignin væri alfar- ið Þjóðskjalasafnsins og ætti stjórn þess að ákveða hvernig hún væri nýtt. Forráðamenn safnsins töldu víst að ef farið yrði að leigja hinum ýmsu stofnunum hluta húsnæðisins yrði það ekki til taks þegar safni- ið þyrfti á að halda. Tilgangurinn með kaupunum á eigninni, þ.e. að leysa húsnæðisþörf Þjóðskjalasafns Íslands til lengri framtíðar, myndi því missa marks.

Þessum ágreiningi var vísað til fjármálaráðherra og menntamálaráðherra. Úrskurður fjármálaráð- herra var á þann veg að Fasteignir ríkissjóðs skyldu hafa umsjón með eigninni og gera leigusamning við Þjóðskjalasafn um það húsnæði sem safnið hafði til afnota en úrskurður menntamálaráðherra hljóðaði á þá leið að stjórn Þjóðskjalasafns skyldi hafa for- ræði yfir húseigninni. Sverrir Hermannsson mennta- málaráðherra staðfesti síðan með bréfi til stjórnar Þjóðskjalasafnsins, dagsettu 4. desember 1986, að stjórn Þjóðskjalasafns hefði með höndum forræði yfir húseigninni að Laugavegi 162. Í bréfinu sagði einnig að það væri stjórnar safnsins að ákveða hvort einhver hluti húseignarinnar yrði leigður tímabundið meðan safnið þyrfti ekki á öllu húsrýmiinu að halda.

Athugun ríkisendurskoðunar á kaupum á Laugavegi 162

Tveimur árum eftir að húsin að Laugavegi 162 voru keypt fyrir Þjóðskjalasafnið gerði ríkisendurskoðun skýrslu um kaupin. Ástæða skýrslugerðarinnar var sögð vera sá ágreiningur sem skapast hafði um eign- ina á milli fjármálaráðuneytis og menntamálaráðu- neytis. Kvaðst ríkisendurskoðun líta svo á að skapast hefði óviðunandi ástand. Talsverðum fjármunum hafði verið varið í kaup á húsnæði sem ekki þjónaði enn þeim tilgangi sem til var ætlast nema að hluta til, og kæmi því ekki að tilætluðum notum. Í fram- haldi af framansögðu er rétt að geta þess að í skýrslu ríkisendurskoðunar kom einnig fram að fjárveitingar til að koma húsnæðinu í rétt horf fyrir safnið voru langt undir því sem kostnaðaráætlanir gerðu ráð fyrir að leggja þyrfti í endurbætur á því.

Fljótt á litið var um tvennt að velja, að mati ríkis- endurskoðunar. Í fyrsta lagi að koma húsnæðinu í það horf að það hentaði fyrir Þjóðskjalasafnið að því tilskyldu að kaupin hefðu verið skynsamleg. Kæmi hins vegar í ljós að kaupin hefðu verið óskyn- samleg og húsnæðið hentaði ekki starfsemi þjóð-




skjalasafnsins ætti að leysa húsnæðismál þess með öðrum hætti og taka húsin að Laugavegi 162 undir aðra starfsemi á vegum ríkisins eða selja þau. Rík- isendurskoðun setti á fót starfshóp til að fara ofan í saumana á húsnæðiskaupunum fyrir Þjóðskjalasafn- ið. Átti hópurinn m.a. að svara spurningum um hvort safnið þyrfti á húsnæðinu að halda fyrir þau verkefni sem því væri ætlað að inna af hendi lögum samkvæmt, hvort húsnæðið hentaði fyrirhugaðri notkun og hvort það kostaði hæfilega mikið eða myndi gera það þegar upp væri staðið. Hópurinn átti einnig að meta hvort kaup ríkisins á fasteigninni við Laugaveg 162 höfðu farið fram með eðlilegum hætti og hvort réttara hefði verið að leysa húsnæð- ismál safnsins á annan hátt.

Kaupin á Laugavegi 162 voru góður kostur að mati ríkisendurskoðunar

Niðurstöður vinnuhópsins voru í stuttu máli þær að lögmæti kaupanna á Laugavegi 162 undir starfsemi Þjóðskjalasafns var ekki dregið í efa. Hins vegar höfðu fjárveitingar til nauðsynlegra endurbóta verið langt undir því sem til þyrfti til að ráðast í fyrirligg- andi verkefni safnsins og endurbætur á húsnæðinu.

Í skýrslunni var ennfremur spurt hvort rétt hefði verið að leysa húsnæðismál Þjóðskjalasafns með öðrum hætti. Því var svarað á þann veg að ef fara átti að lögum um hlutverk safnsins varð að leysa



Hús Þjóðskjalasafns Íslands

Hús 1. Stendur við Laugaveg 162, alls 1.100 m² að stærð. Tvær hæðir, ris og jarðhæð. Jarðhæð er ætluð fyrir sýningar safnsins en hýsir nú bráðabirgðalestrarsal. Tvær hæðir eru fyrir skrifstofur. Á fyrstu hæð er íbúð umsjónarmanns húsa. Skrifstofuhúsnæði er leigt út að hluta. Hús 1 og 2 eru sambyggð.

Hús 2. Stendur við Ásholt, alls 1.900 m² að flatarmáli. Tvær hæðir og ris án kjallara. Á jarðhæð eru skjalageymslur. Á fyrstu hæð eru skjalageymslur, bókasafn og vinnuherbergi. Rísið er aðalrímið fyrir skrifstofur stofnunarinnar.

Hús 3. Stendur við Brautarholt einlyft geymsluhús 550 m², hlutað í nokkrar minni einingar og hefur verið notað sem geymslur og bílskúrar.

Hús 4. Stendur við Laugaveg 162, alls 4.450 m² að flatarmáli. Tvær hæðir, ris og kjallari. Húsið er að mestu skjalageymslur en hýsir auk þess viðgerðastofu safnsins á annarri hæð.

Hús 5. Stendur í baklóð við Laugarveg 164a en liggur við Brautarholt, alls 1.670 m² að flatarmáli. Tvær hæðir og kjallari. Húsið er eingöngu skjalageymsluhús. Innangengt er á milli húsa 4 og 5 um gang.

Lóð. Lóð safnsins við Laugaveg 162 er alls 8.016 m² og nálægt 700 m² við Laugaveg 164a, eða alls 8.716 m².

húsnæðismál þess á viðundandi hátt á þessum tíma. Í grundvallaratriðum hefði verið um þrjá möguleika að ræða. Í fyrsta lagi að leigja húsnæði. Í öðru lagi að byggja nýtt. Í þriðja lagi að kaupa gamalt og innréttu eftir þörfum safnsins. Þegar fyrrgreindir kostir voru rannsakaðir til fulls var ljóst að óhagkvæmt og dýrt var að fá leigt húsnæði undir starfsemi safnsins auk þess sem erfitt var að fá húsnæði sem hentaði. Fýsilegasti kosturinn frá sjónarmiði Þjóðskjalasafnsins hlaut að vera sá að fá byggt nýtt hús, sérhannað fyrir starfsemi þess. Sá möguleiki taldist hins vegar of tíma- og fjárfrekur. Sá kostur sem valinn var, þ.e. að kaupa gamalt hús og breyta því handa safninu, var vel þekktur erlendis og hafði oft reynst vel, sagði

í skýrslunni. Þar sagði ennfremur að húseignin við Laugaveg 162 hentaði starfsemi safnsins allvel og kaupverðið hafði verið hagstætt miðað við markaðsverð og önnur kaup sem gerð höfðu verið um svipað leyti. Ennfremur voru leidd rök að því í skýrslunni að væntanlegur heildarkostnaður, þ.e. kaupverð að viðbættum endurnýjunarkostnaði, yrði verulega lægri á flatareiningu en byggingarkostnaður sambærilegs húss. Ekki hafði heldur verið bent á aðrar húseignir sem gætu hentað betur fyrir starfsemi safnsins en þá sem keypt var. „Niðurstaðan er því sú, að kaupin á húseigninni Laugavegur 162 hafi verið góður kostur til að leysa húsnæðismál Þjóðskjalasafns Íslands,“ sagði að lokum í skýrslu ríkisendurskoðunar.¹⁸

¹⁸ Sjá: Skýrsla ríkisendurskoðunar um kaup ríkisins á fasteign að Laugavegi 162 (Reykjavík 1998).



Safnahús verður Þjóðmenningarhús. Þjóðskjalavörður afhendir stjórnarformanni Lyka hússins að viðstöddum menntamálaráðherra.



F.v. Sigfús Haukur Andrússon fyrrverandi skjalavörður, Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður, Salóme Porkelsdóttir formaður stjórnar Þjóðmenningarhúss og Björn Bjarnason menntamálaráðherra.

Hús Þjóðskjalasafns við Laugaveg hýsa alla starfsemi safnsins

Árið 1995 bættist við húsakost Þjóðskjalasafnsins þegar húsið við Laugaveg 164a var keypt og tekið í notkun árið 1996. Jókst þá geymslupláss safnsins um 1600 fermetra. Árið 1998 flutti safnið starfsemi sína úr Safnahúsinu við Hverfisgötu að Laugavegi. Lét safnið þá af hendi geymslur sem rúmuðu 6–7 hillukílómetra af skjölum og lestrarsalinn. Nýr lestrarsalur hefur enn ekki verið innréttaður í húsakynnum safnsins við Laugaveg og er notast við sal til bráðabirgða.

Hús Þjóðskjalasafnsins eru nú alls 9.570 m² að flatarmáli og hýsa alla starfsemi safnsins, skjalageymslur, vinnuaðstöðu starfsfólks, lestrarsal og viðgerðarstofu. Húsin eru fimm og standa stök nema hús 1 og 2, sem eru sambyggð. Húsin standa við þrjár götur: Laugaveg, Ásholt og Brautarholt.

Starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands krefst margháttads húsnæðis

Sú starfsemi, sem fram fer á Þjóðskjalasafni Íslands, krefst margháttads húsnæðis. Meginþarfir safnsins í þeim efnum eru:

1. Vinnuaðstaða starfsfólks - skrifstofur - fundarsalur - afgreiðsla.
2. Þjónusturými fyrir almenning - lestrarsalir - sýningarstaða.
3. Skjalageymslur sem uppfylla skilyrði um réttan aðbúnað.
4. Viðgerðarstofa - tæknirými.

Skrifstofur - fundarsalur

Vinnuaðstaða starfsfólks og fundaraðstaða er nú með ágætum eftir endurbætur á húsnæði safnsins á undanförunum árum.

Lestrarsalur - sýningarsalur

Finna verður annan stað fyrir lestrarsal safnsins, annað hvort í núverandi byggingum eða í nýbyggingu. Lestrarsalur safnsins er aðeins til bráðabirgða eins og hann er í núverandi horfi, og eykur það mjög á óhagræði varðandi notkun salarins að ekki er innangengt í hann úr öðrum hlutum húsnæðisins, þ.e. úr skjalageymslum eða frá skrifstofum. Öll vinna við afgreiðslu úr skjalasöfnum er því erfið og tímafrek og hættu á að skjöl skemmist þar sem flytja þarf skjöl, sem afgreidd eru til gesta, undir beru lofti milli skjalageymslna og lestrarsalrar. Hér þarf ekki að rekja hvaða ókosti það hefur, svo augljósir sem þeir eru, bæði fyrir starfsfólk safnsins og fyrir skjölin.

Safnið hefur ekki aðstöðu til sýninga. Það hamlar því að hægt sé að setja upp sýningar á þeim heimildum um sögu lands og þjóðar sem safnið varðveitir.

Viðgerðarstofa og tæknirými

Meginverkefni viðgerðarstofu Þjóðskjalasafns snúa enn sem komið er að viðgerðum á skinn- og pappírsskjölum.

Ný tækni í skjalavörslu, t.d. stafræn afritun og varsla rafrænna gagna, mun kalla á að safnið búi yfir sérhæfðum búnaði og verkþekkingu á þessu sviði. Forvarslan verður því í framtíðinni að fá húsrými til að sinna slíku, til viðbótar við þau miklu verkefni sem fyrirliggjandi eru á sviði viðgerða og forvörslu pappírsskjala.

Skjalageymslur

Skjalageymslur þurfa að uppfylla nokkur tæknileg skilyrði svo að þær séu fallnar til langtímavarðveislu skjala. Skjöl, sem þarf að varðveita, eru skráð á skinn, pappír, filmur og með rafrænum hætti. Skjalageymslur þurfa að vera útbúnar þannig að í þeim sé rétt raka- og hitastig og hentugur hillubúnaður.

Í safninu eru um 3.500 hillumetrar í lokuðum renniskápum, sem nýta húsrými best og uppfylla forvörslukröfur. Í bráðabirgðahillum eru tæplega 8.000 hillumetrar. Árið 2004 var staðan sú að hillur vantaði fyrir tæplega 25.000 hillumetra. Varla er unnt að tala um að aðgengi sé að 2/3 skjala í safninu af þeirri ástæðu að þau eru ekki aðgengileg í hillum heldur geymd á flutningabrettum. Þannig eru aðeins innan við 10% skjala í vörslu Þjóðskjalasafnsins í viðunandi geymslum með fullnægjandi hillubúnaði. Af skjalageymslum, sem eru samtals 6.320 m², eru 1.700 m² fullbúnir eða 26%, og er hér átt við heildartölur sem fela í sér umferðarrými og taka ekki tillit til skiptingar í brunahólf. Í stuttu máli sagt er frágangur skjalageymsluhúsa langt á eftir áætlun. Þetta veldur því að ekki hefur verið hægt að taka við skjalaafhendingum eins og nauðsyn krefst. Stórar skjalaafhendingar, t.d. vegna einkavæðingar stórra ríkisfyrirtækja, hafa aukið mjög þann vanda, sem safnið glímir við, vegna ófullnægjandi aðbúnaðar í skjalageymslum.

Sérstök aðstaða til varðveislu rafrænna gagna er enn ekki fyrir hendi. Rafræn skjalavarsla kallar á sérlausnir hvað varðar geymslur og tæknibúnað og mun safnið þurfa að byggja upp slíka aðstöðu ef standa á við fyrirheit um viðtöku rafrænna skjala.

Helstu kostir og gallar húsakynna Þjóðskjalasafns Íslands

Húsakynni Þjóðskjalasafnsins að Laugavegi hýstu áður aðra og gerólíka starfsemi en þá sem fer fram á skjalasafni. Kostum og göllum húsanna með tilliti til þarfa Þjóðskjalasafnsins má lýsa í stuttu máli í eftirfarandi atriðum:

Endurnýjun húsa og búnaðar


| Hús | Fermetrar alls nú | Endurnýjaðir m ² | Kostnaður í þús. kr. ¹⁾ | Ófrágengnir m ² | Áætl. kostnaður í þús. kr. ¹⁾ |
|------------------------------|-------------------|-----------------------------|------------------------------------|----------------------------|--|
| Hús 1 | 1.100 | 0 | | 1.100 | 106.400 |
| Hús 2 | 1.900 | 1.175 | 84.176 | 725 | 45.600 |
| Hús 3 | 450 | | | 450 | 0 |
| Hús 4 | 4.450 | 1.100 | 142.863 | 3.350 | 112.300 |
| Hús 5 | 1.670 | 0 | | 1.670 | 99.400 |
| Búnaður | | | 21.543 | | 194.600 |
| Lóð | | | | | 77.800 |
| Hönnun, eftirl. | | | (31.109) ²⁾ | | 126.500 |
| Ófyrirséð | | | | | 181.200 |
| Alls núv. húsn. | 9.570 | 2.275 | 279.691 | 7.295 | 943.800 |
| Hús 3, nýbygg. ³⁾ | | | | 3.000 | 608.900 |
| Alls | 9.570 | 2.275 | 275.691 | 10.295 | 1.552.700 |

¹⁾ Verð miðað við desember 2005.


²⁾ Þessi kostnaður er innifalinn í heildarkostnaði við hús 2 og hús 4.

³⁾ Hér er gert ráð fyrir nýbyggingu upp á 3000 m² sem kostar 608.900 þús. kr.

Nýtingarhlutfall húsa Þjóðskjalasafns Íslands 1. nóvember 2001



Hlutfall endurnýjaðs húsnæðis 1. nóvember 2001




a) *Kostir:*

1. Burðarþol húsa er mikið og gefur færi á skjalageymslum með hámarksnýtingu rýmis. Skjalageymslur verða mjög viðunandi þegar endurbótum lýkur.
2. Unnt er að aðgreina geymslur, vinnusvæði starfsfólks og aðgengi almennings með viðunandi hætti.
3. Skrifstofur og vinnustofur forvörslu eru fullnægjandi.
4. Staðsetning í borginni er góð.


b) *Gallar:*

1. Byggingar liggja dreift og flutningaleiðir með skjöl eru langar.
2. Flytja þarf skjöl utan dyra.
3. Forvörsluverkstæði er í megin skjalageymsluhúsi.
4. Lestrarsal skortir.
5. Viðbótargeymsluhúsnæði skortir.
6. Húsnæði til sýninga og almenningsþjónustu skortir.

Hlutfall endurnýjaðs húsnæðis í hverju húsi 1. nóvember 2001



Hlutfallsleg skipting kostnaðar vegna endurnýjunar og nýbyggingar 1. nóvember 2001




Framkvæmdir við húsnæði Þjóðskjalasafnsins við Laugaveg

Húsin við Laugaveg 162 voru keypt á sínum tíma með það í huga að þeim yrði breytt í samræmi við þarfir Þjóðskjalasafnsins næstu árin eftir kaupin og áttu fjárveitingar til safnsins að miðast við það. Reyndin varð hins vegar sú alveg frá upphafi að þetta gekk ekki eftir og stjórnvöld veittu ekki nauðsynlegt fjármagn til endurbótanna. Allar áætlanir um að koma húsunum í það horf, sem nauðsynlegt er nútímaskjalasafni, brugðust því. Vegna ónógra fjárveitinga allar götur síðan hafa endurbætur á húsnæðinu gengið hægt og hamlar það verulega starfsemi safnsins. Árið 2005 hafði aðeins 1,5% húsnæðisins, í fermetrum talið, verið endurbætt á ári hverju. Þannig höfðu aðeins um 24% húsnæðisins verið endurnýjuð á 16 árum. Endurbætur fóru einkum fram á húsum 2 og 4. Hús 4 var lagað að utan og sett ný einangrun og klæðning á þak. Útihurðir og gluggar voru einnig endurnýjuð. Nýtt þak var sett á hús 2 og rishæð hússins gerð upp.

Það fjármagn sem ráðstafað var til endurnýjunar fram til ársins 2005 var um 23% af heildarupphæð áætlaðs endurnýjunarfjár. Þegar nýbyggingarkostnaður var lagður við endurnýjunarféð lækkaði hlutfallið. Tiltölulega lítið fé eða innan við 10% framkvæmdafjár fór til sérbúnaðar skjalasafnsins.

Fram til ársins 2000 var unnið samkvæmt áætlun sem samin var árið 1986. Í ársbyrjun 1996 fékk safnið um 1.600 m² viðbótarhúsnæði við Brautarholt (hús 5) sem jók heildarstærð húsnæðis safnsins í um 8.500 m². Áætlun um endurbætur á húsakosti safnsins frá árinu 1986 gerði ekki ráð fyrir þessu viðbótarhúsi.

Hlutfall kostnaðar og áætlaðs fjár til endurnýjunar húsa



Í árslok 2000 voru skrifstofur safnsins fluttar af annarri hæð í húsi 2 í nýuppgert rými á efstu hæð sama húss. Framkvæmdum við húsnæði var að öðru leyti frestað og ljóst að lítið yrði úr framkvæmdum árið 2001 þar sem fjármagn skorti. Sú staðreynd blasti við að staða safnsins yrði æ erfiðari með hverju árinu sem liði án þess að nægjanlegar breytingar og endurbætur yrðu gerðar á húsakosti þess, ekki síst hvað snerti skjalageymslur og aðstöðu fyrir gesti á lestrarsal.

Framkvæmdir við endurbætur húsa safnsins voru litlar árin 2001–2004. Þó var unnið að nokkrum aðkallandi viðgerðum ásamt endurbótum samkvæmt kröfum eldvarnaeftirlitsins. Enn biðu nauðsynlegar endurbætur á skjalageymslum vegna skorts á fjárveitingum og er vöntun á innréttuðu geymsluplássi farin að koma mjög niður á starfsemi safnsins og hamla því að hægt sé að taka við skjölum, sem víða eru komin á skilaskyldu hjá stofnunum og fyrirtækjum hins opinbera og bíða afhendingar á Þjóðskjalasafn. Raunar hefur bágborið ástand húsa nú áhrif á flesta þætti starfseminnar.

Geymslurými og skjalaskil - horfur og ráðstafanir

Árið 1995 fór nefnd á vegum menntamálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Þjóðskjalasafns yfir áætlanir um skjalaskil og reiknaði út hve mikils væri að vænta af skjölum um aldamót. Bar þeirri áætlun saman við fyrri útreikninga, þ.e. að skjalasöfn sem kæmu til skila yrðu um 50.000 hillumetrar. Reiknað hafði verið með nokkurri einkavæðingu ásamt aukningu á afhendingum skjala þrotabúa en í þessum áætlunum hafði ekki verið gert ráð fyrir þeim stóru afhendingum sem til komu vegna einkavæðingar stórra ríkisfyrirtækja,




svo sem Pósts og síma, ríkisbankanna o.fl. Talsverð bjartsýni ríkti árið 1995 um að takast mætti að ljúka endurbótum á húsum safnsins á fimm árum. Einkum þar sem Þjóðarbókhlaða stóð þá fullbúin. Var því gripið til þess að seinka afhendingum stórra aðila, Ríkisspítala, Tryggingastofnunar o.fl., svo sem kostur var og skapa svigrúm fyrir framkvæmdir, sem ekki er unnt að sinna með allar geymslur fullar.

Skjalamagn í vörslu Þjóðskjalasafnsins mun tvöfaldaast á næstu 20 árum og verður orðið í kringum 90 hillukílómetrar árið 2020 og um 110 hillukílómetrar árið 2030. Miðað við þessa áætlun verður geymslurými núverandi húsnæðis Þjóðskjalasafns þrotið innan áratugar, jafnvel þótt takist á þessum tíma að endurbæta skjalageymslur sem enn eru vannýttar, vegna fjármagnsskorts. Endurbætur á skjalageymslum safnsins í núverandi húsakynnum leysa því ekki þörf þess fyrir skjalageymslur til lengri tíma lítið.


Skjalamagn í hillumetrum 1985–2005

Skjalamagnið hefur nær fimmfaldast á tímabilinu



Áætluð skjalaskil framreiknuð m.v. skil síðustu 20 ára.

Sýndar eru tvær líklegar sérafhendingar



Rýmismörk húsa ÞÍ í hillumetrar skjala eru;

- 32.000 hm m.v. núverandi ástand
- 45.000 hm m.v. fullar endurbætur
- 50.000 hm m.v. endurbætur og viðbyggingu

Áætlun um endurbætur og uppbyggingu húsakynna Þjóðskjalasafns

Í lok tíunda áratugarins kannaði byggingarnefnd Þjóðskjalasafnsins hvernig best og hagkvæmast væri að standa að endurbótum og uppbyggingu húsakynna Þjóðskjalasafnsins við Laugaveg. Niðurstaða nefndarinnar var m.a. að sú áætlun, sem gerð var á húsnæðisþörf safnsins í kringum setningu laga nr. 66/1985, hafi gengið eftir og safninu borist það magn skjala sem þá var gert fyrir ráð fyrir, auk þess sem ófyrirsjáanlegir hlutir, á borð við einkavæðingu stórra ríkisstofnana, höfðu aukið skjalamagnið til muna. Taldi nefndin að endurskoða þyrfti forgangsröðun verkefna í ljósi aðstæðna safnsins í aldarlok og benti í því sambandi á hve mjög allar áætlanir um starfsemina höfðu gengið úr skorðum vegna þess hve nauðsynlegar framkvæmdir við húsnæði höfðu dregist.

Nefndin setti fram ýmsar tillögur og áætlanir um húsnæðismál safnsins. Í þeim tillögum kom m.a. fram að stefna þyrfti að framtíðarlausn í áætlunum um endurbætur og uppbyggingu á húsakosti safnsins. Að öðrum kosti væri hætt við að fjármunum yrði kastað á glæ. Byggingarnefndin taldi einnig að brýnt væri að kanna möguleika á að hanna og reisa tengibyggingu, þar sem nú er hús 3, að stærð um 2.500 til 3.000 m². Sú tengibygging gæti rúmað lestrarsal, með viðeigandi anddyri, hreinlætisaðstöðu, afgangi og fatageymslum ásamt sýninga- og fyrirlastrasal, handritaviðgerðastofu, og skjalageymslur. Nefndin benti einnig á að í gildandi áætlun væri gert

ráð fyrir lestrarsal í húsi 2 en auðveldara yrði að uppfylla þarfir almennings í nýbyggingu en kostur væri á í gildandi áætlun, ekki síst aðgengi fyrir fatlaða.

Nauðsynlegar úrbætur og mögulegar framtíðarlausnir

Gera þarf ráðstafanir til að auka geymsluhúsnæði safnsins svo það geti tekið við um 30.000 hillumetrum á næstu 20 árum og er áætlað að um 4.000 m² geymsluhúsnæði þurfi til að bæta úr þessari þörf. Eftirfarandi leiðir hafa verið nefndar til að leysa úr húsnæðisvanda Þjóðskjalasafnsins til framtíðar:

1. Að halda áfram að innrétta núverandi hús við Laugaveg 162. Hefja þegar undirbúning að nýbyggingu sem tengir saman hús 2 og 4 og hýsa mundi m.a. aðalinngang, lestrarsal og almenna þjónustu auk skjalageymslna.
2. Að huga að öðru húsnæði sem henta mundi Þjóðskjalasafninu og flytja starfsemina þangað.
3. Að byggja nýtt hús. Nýbygging fyrir safnið er kostur sem ekki má gleyma. Sérhönnuð bygging fyrir safnið er ákjósanlegasti kosturinn og besta lausnin til lengri framtíðar litið.

Árið 2005 voru tuttugu ár frá því húsakynnin að Laugavegi 162 voru keypt fyrir Þjóðskjalasafnið. Af framansögðu sést að enn vantar mikið upp á að húsnæði safnsins hafi verið komið í nauðsynlegt horf í samræmi við starfsemi þess og stöðu sem skjala-

Endurbætur húsnæðis Þjóðskjalasafns 1996–2005

| Fjárhagur | Árin 1996–2002 | Árið 2003 | Árið 2004 | Árið 2004 | Árið 2005 | Samtals |
|------------------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| Staða frá fyrra ári | 0 | 6.219.487 | 4.737.274 | 4.598.978 | 3.681.293 | |
| Framlög eignaraðila | | | | | | |
| Fjárlög | 205.000.000 | 10.000.000 | 20.000.000 | | | 235.000.000 |
| Kostnaður greiddur í ráðuneyti | | | | | | -3.000.000 |
| Ríkissjóður, greitt til FSR | 199.592.105 | 12.500.000 | 15.000.000 | 4.907.895 | | 232.000.000 |
| Samtals til ráðstöfunar | 199.592.105 | 18.719.487 | 19.737.274 | 9.506.873 | 3.681.293 | 232.000.000 |
| Byggingarkostnaður | | | | | | 207.314.831 |
| Áfallinn byggingarkostnaður | | | | Áætlun | Áætlun | |
| Hönnun | | | | 200.000 | | 200.000 |
| Umsjón | | | | 250.000 | | 250.000 |
| Verksamningsgreiðslur | | | | | 2.800.000 | 2.800.000 |
| Samtals | 0 | 0 | 0 | 450.000 | 2.800.000 | 3.250.000 |
| Áfallinn byggingarkostnaður | | | | Áætlun | Áætlun | |
| Endurbætur hús 2 | | | | | | |
| Hönnun | | | 130.665 | 69.335 | | 200.000 |
| Umsjón | | | 178.669 | 221.331 | | 400.000 |
| Verksamningsgreiðslur | | | 2.461.442 | 1.200.000 | | 3.661.442 |
| Samtals | 0 | 0 | 2.770.776 | 1.490.666 | 0 | 4.261.442 |
| Áfallinn byggingarkostnaður | | | | Áætlun | Áætlun | |
| Endurbætur hús 4 | | | | | | |
| Hönnun | | | 4.983.278 | 616.722 | 700.000 | 6.300.000 |
| Umsjón | | | 681.808 | 718.192 | 1.400.000 | 2.800.000 |
| Verksamningsgreiðslur | | | 6.742.189 | 3.000.000 | 25.000.000 | 34.742.189 |
| Annað | | | 245 | | 3.000.000 | 3.000.245 |
| Samtals | 0 | 0 | 12.407.520 | 4.334.914 | 30.100.000 | 43.842.189 |
| Byggingarkostnaður samtals | 193.372.618 | 13.982.212 | 15.138.296 | 5.825.580 | 30.100.000 | 255.418.462 |
| Flutt til næsta árs | 6.219.487 | 4.737.274 | 4.598.987 | 3.681.293 | -26.418.707 | |
| Uppsafnaður stofnkostnaður | 193.372.618 | 207.354.831 | 222.493.127 | 228.318.707 | 258.418.707 | |

Heimild: Þjóðskjalasafn Íslands. Endurbætur. Stöðuskýrsla fyrir tímabilið jan.–nóv. 2004. Umsjón Framkvæmdasýsla ríkisins, des. 2004.

safns íslensku þjóðarinnar. Það er ljóst að bráðabirgðalausnir ganga ekki til langframa þegar þjóðarverðmæti eiga í hlut. Mikilvægt er að stjórnvöld finni framtíðarlausn á húsnæðismálum safnsins.

Framkvæmdir og áfangar í húsnæðismálum Þjóðskjalasafns 1985–2004

- 1985** Þjóðskjalasafn var til húsa í Safnahúsi við Hverfisgötu og hafði leiguhúsnæði að Laugavegi 178 og Geirsgötu 2. Þessu leiguhúsnæði var sagt upp í janúar 1985. Í staðinn leigði safnið um 3.500 fermetra húsnæði að Hesthálslí 2–4 í september sama ár. Gerð var ítarleg þarfagreining fyrir safnið, byggð á greinargerð þjóðskjalasafnsnefndar. Hús Mjólkursamsölu við Laugaveg voru skoðuð í apríl og keypt í desember 1985. Kaupverð var 110 millj. Engin útborgun var og síðan greitt á 10 árum, verðtryggt með 3,5% vöxtum. Staðgreiðsluverð var metið 75 millj. kr.
- 1986** Flutt var í skjalageymslur að Hesthálslí febrúarmars 1986. Hús að Laugavegi 162 var afhent í lok október 1986.
- 1987** Handritaviðgerða- og forvörslustofa fluttist í húsin í janúarbyrjun að loknum frágangi, málningu, dúklagningu og frágangi á snyrtingum. Skrifstofur voru fluttar í húsin 20. mars 1987. Þjóðskjalavörður og arkitekt kynntu sér nýjustu skjalasafnabyggingar í nágrennalöndum og söfnuðu nauðsynlegum gögnum. Unnið var að frumhönnun og gerð áætlun um uppbyggingu safnsins miðað við þarfir næstu 15 ára.
- 1988** Ríkisendurskoðun fór yfir húsnæðismál þjóðskjalasafns og hvernig staðið var að kaupum á húsunum að Laugavegi 162. Fallist var á þarfagreiningu þjóðskjalasafnsins og staðfest að um hagstæð kaup var að ræða. Lagði ríkisendurskoðun til að framkvæmdum yrði hraðað.
- 1989** Fjárveiting sem nam 70 millj. kr. var felld niður með sérstökum lögum um sparnað í ríkisrekstri. Til endurbóta á húsum við Laugaveg var veitt 1 millj. kr.
- 1990** Óhjákvæmilegt viðhald við húsnæði safnsins var greitt af rekstri þess. Lyfta var sett í Hús 2 og gengið frá hillum í bókasafni. Handbókasafn var flutt úr Safnahúsi.
- 1991** Viðhald húsa var í lágmarki.
- 1992** Viðhald húsa var í lágmarki.
- 1993** Unnið var að hönnun og gerð útboðsgagna.
- 1994** Útboðsgögn fyrir Hús 4 voru send ráðuneyti. Áætlanir voru endurskoðaðar með tilliti til breytinga. Viðvörunarkerfi gegn innbrotum, og vegna vatns og bruna, var sett í húsin.



Úr skjalageymslu þjóðskjalasafns á Laugavegi 162.






- 1995** Keypt var hús ísgerðar MS, sem er tengt Húsi 4 og hýsir skjalageymslur. Kaupverð var 45 millj. kr.
- 1996** Flutt var úr húsnæði við Hesthálslí, í janúar, og skjöl flutt í Hús 5 (áður ísgerð MS).
- 1997** Boðið var út verk við endurbætur á Húsi 4. Unnið var fyrir 55.018 þús. kr. Unnið var að frágangi þaks.
- 1998** Unnið var fyrir 53.768 þús. kr. Geymslur í Húsi 2 – öryggisgeymsla í Húsi 4. Þjóðskjalasafnið flutti starfsemi sína endanlega úr Safnahúsi í desember.
- 1999** Unnið var fyrir 38.449 þús. kr., þak á Húsi 2 var endurnýjað. Áætlanir voru endurskoðaðar miðað við breyttar forsendur. Hönnun og eftirlit nam um 700 þús. kr.
- 2000** Unnið var fyrir 29.482 þús. kr. Endurnýjað skrifstofuhúsnæði var tekið í notkun í desember þetta ár.
- 2001** Farið var yfir kröfur eldvarnareftirlits, gerð framkvæmdaáætlun og undirbúið útboð. Áætlað að lágmarksaðgerðir myndu kosta um 25 millj. kr. Til ráðstöfunar voru um 5 millj. kr.
- 2002** 10 millj. kr. fjárveiting var veitt til framkvæmda. Unnið að endurbótum til að tryggja eldvarnir.
- 2003** 10 millj. kr. fjárveiting var veitt til framkvæmda. Unnið að eldvarnarmálum.
- 2004** 20 millj. kr. fjárveiting var veitt til framkvæmda. Unnið að eldvarnarmálum og jafnframt að endurbótum í geymslurými í Húsi 4.
- 2005** 20 millj. kr. fjárveiting var veitt til framkvæmda. Unnið að eldvarnarmálum og jafnframt að endurbótum í geymslurými í Húsi 4 og utanhússviðgerðum á Húsi 2.

Folk's Registar yfir Alla Snæfells ness Sýslu. A.M. 1703.



Skjalavarsla

| 12. Marsi 11 | Stafnes | Hölmáttur, aðgönguálagdur | allan tíð | Talón |
|-------------------------|---------|---------------------------|-----------|-------|
| Förstingur Þingursson. | Aluá | Þingur | 62 ára | |
| Þudrun & Þiarna dóttir. | Þiarna | | 63 ára | |
| Þiarna Þorsteinsson | Þiarna | | 33 ára | |
| Barbara Þorstein dóttir | Þiarna | | 29 ára | |
| Þórdís Þorstein dóttir | Þiarna | | 22 ára | |
| Þuridur Þorstein dóttir | Þiarna | | 51 ára | |
| Þuridur Þorstein dóttir | Þiarna | | 21 ára | |
| Förstingur Þiarna | | | 20 ára | |
| Þuridur Þorstein | | | 18 ára | |
| Þuridur Þorstein | | | 80 ára | 7 |
| Alena Þorstein | | | 38 ára | |
| Alena Þorstein | | | 44 ára | |
| Alena Þorstein | | | 72 ára | |
| Alena Þorstein | | | 48 ára | |
| Alena Þorstein | | | 48 ára | |





Upprunareglan - meginregla nútímaskjalavörslu

Skjalavarsla í Þjóðskjalasafni Íslands byggir á upprunareglu (próveniensreglu). Sögulegar rætur hennar liggja aftur til 19. aldar þegar sú stefna var tekin upp í evrópskum skjalasöfnum að halda beri upprunalegri uppröðun skjalasafna við flokkun þeirra. Upprunareglan byggir á þeirri hugmynd að skjalasafn myndi heild sem ber að varðveita. Áður en hún kom til hafði verið tekið mið af hverju einstöku skjali og litið á það sem sjálfstæðan upplýsingagjafa. Með tilkomu upprunareglunnar var farið að miða við stærri einingu, skjalasafnið í heild sinni eins og það hafði myndast við tiltekna starfsemi þess embættis eða einstaklings þar sem það varð til. Litið var á skjalasafn sem vitnisburð um starf skjalasafnsmyndara (embættisstofnun, nefnd, fyrirtæki eða annað), sem endurspeglar tiltekna atburðarrás. Upprunareglan hafnar flokkunum á borð við efnisflokkarnir og aðrar slíkar sem slíta skjalasöfn í sundur og úr samhengi við tilurð sína.

Þegar upprunareglu er fylgt er sú vinnuregla viðhöfð við frágang skjalasafns (flokkun, skráningu, varðveislu) að hverju safni er haldið aðgreindu frá öðrum söfnum og skjalaröðun innan hvers safns fyrir

sig er haldið óbreyttri. Með þessu móti varðveitast starfshættir viðkomandi skrifstofu eða stofnunar á hverjum tíma, eins og þeir lýsa sér í myndun viðkomandi skjalasafns. Staðsetning skjals í skjalasafni endurspeglar stöðu þess í atburðarás og tengsl þess við önnur málsskjöl sem tengjast atburðunum. Málskjal eða skjöl geta glatað heimildagildi sínu séu þessi tengsl rofin með því að fjarlægja eitt eða fleiri skjöl úr skjalasafni eða tvístra því enn frekar. Hið sama á við um málsskjöl sem verða eftir í viðkomandi safni. Gildi þeirra getur breyst eða rýrnað ef skjal eða skjöl tapast eða eru tekin úr safninu.

Sú leið að fylgja upprunareglu hefur ekki aðeins þýðingu við skráningu og röðun skjalasafna og notkun þeirra sem sögulegra heimilda heldur er hún einnig mikilvæg við grisjun og varðveislu skjalasafna jafnframt því sem hún er notuð til að lýsa skjalasöfnum. Margfalt erfiðara er að leggja mat á gildi skjals ef vitneskju skortir um uppruna þess.¹⁹

Skjalavarsla samkvæmt upprunareglunni gildir ekki aðeins um skjalavörslu Þjóðskjalasafnsins heldur á hún einnig við um skjalavörslu þeirra aðila sem er skylt að afhenda skjöl sín til safnsins. Gengið skal frá afhendingarskyldum skjalasöfnum með upprunaregluna að leiðarljósi áður en þau eru afhent Þjóðskjalasafni.

¹⁹ Sjá nánar um upprunaregluna: Sveinbjörn Rafnsson: *Skrift, skjöl og skjalasöfn. Ágrip af skjalfræði*, Reykjavík 1980, bls. 66–67.

Vörsluhlutverk

Þjóðskjalasafnið var fyrst og fremst vörslustofnun fram til ársins 1985, þ.e. skjalasafn með það meginmarkmið að taka á móti skjölum og varðveita þau. Safnið gegnir enn þessu mikilvæga hlutverki sem felst, skv. 3. gr. laga nr. 66/1985, í söfnun og varðveislu „skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðiiðkanir.“ Skjöl eru, samkvæmt skilgreiningu laganna, hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, sem „hafa að geyma upplýsingar og orðið hafa til við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings hvort sem um er að ræða skrifleg gögn, uppdrætti, ljósmyndir, filmur, örglærur, hljóðupptökur, gataspjöld, segulbönd eða önnur hliðstæð gögn.“²⁰ Rafræn gögn hafa síðan bæst við þennan lista.


Varðveislustefna

Nútíma skjalavarsla gerir þá kröfu að mótuð sé stefna um varðveislu skjala. Slík stefna er í senn vinnureglur, viðmið og rammi fyrir fagleg vinnubrögð við meðferð skjala. Þjóðskjalasafnið hefur markað sér varðveislustefnu og snýst hún í meginatriðum um að hægja á eyðingu skjala í vörslu safnsins og lengja þar með líftíma þeirra með öllum tiltækum ráðum. Þannig er leitast við að koma í veg fyrir að mikilvægar heimildir glatist. Varðveislustefna snertir flesta þætti í starfsemi og aðbúnaði safnsins, fyrirkomulag í geymslum, meðhöndlun skjala, umbúðir fyrir þau og geymsluskilyrði. Skjalavarsla krefst réttis hita- og rakastigs í skjalageymslum og einnig þarf að huga að lýsingu, hillukerfum, hillu- og gólfefnum, málun og rykbindingu, gerð glugga, loftræstingu, eldvörnum, vatns- og lekavörnum og þjófavarnarkerfi.



Háaloft Stjórnarráðshússins við Lækjartorg hýsti skjalasafn forsætisráðuneytisins.

²⁰ Stjórnartíðindi A 1985, bls. 206.



Ástand skjalasafna og einstakra skjala er einnig kannað en slík athugun gefur m.a. upplýsingar um eftirfarandi:

- Stærð einstakra safna.
- Innihald; efni, þ.e. pappír, plast o.s.frv.
- Núverandi ástand skjala og umbúða.
- Vandamál er lúta að varðveislumálum.
- Besta varðveislukostinn.

Baráttan við eyðileggingu eða eyðingu skjala er kapphlaup við tímann því að gera þarf við skjöl í tæka tíð eða afrita þau svo þær upplýsingar sem þau hafa að geyma varðveitist. Skjölum frá seinni hluta nítjándu aldar og tuttugustu öld er t.d. hætt við að eyðast eða skemmast vegna lélegs hráefnis sem notað var við framleiðslu þeirra. Öll skjöl, sem hafa orðið fyrir raka- og fúaskemmdum, eru einnig í hættu. Það ber því fyrst og fremst að leggja áherslu á forvörslu slíkra skjala. Einnig þarf að leggja áherslu á að stofnanir, sem eru skilaskyldar til Þjóðskjalasafnsins, noti end-ingargóðan pappír við skjalamyndun sína.

Þjóðskjalasafnið veitir ýmsar upplýsingar á vefsíðu safnsins, www.skjalasafn.is, um forvarnaraðgerðir í skjalavörslu og er tilgangurinn að leiðbeina stofnunum um forvarnaraðgerðir og forvörslu við uppbyggingu skjalasafna. Þar eru m.a. veittar upplýsingar um hvers kyns pappír og umbúðir henti best og hvernig binda skuli tiltekin skjöl stofnana í bækur. Á vefsíðunni er einnig að finna tengla sem leiða til frekari upplýsinga um atriði er tengjast forvörslu.

Skjalamagn

Megnið af skjölum í vörslu Þjóðskjalasafnsins er úr pappír, eða frá upphafi 16. aldar, en einnig eru varðveitt skinnskjöl, filmur og fleira. Enn sem komið er sinnir safnið aðeins hefðbundinni skjalavörslu eins og

varðveisla skjala á pappír eða á öðru efni er stundum nefnd til aðgreiningar frá varðveislu rafrænna gagna.

Skjalasöfn, sem berast Þjóðskjalasafninu, eru misjöfn að efni og umfangi og geta verið allt frá einni bók og upp í marga hillumetra af skjölum. Í safninu eru varðveittar heimildir um alla þætti íslensks stjórnarfars, löggjafar-, dóms- og framkvæmdavalds. Þar eru skjöl sem tengjast atvinnu- og hagsögu, persónusögu, stjórnála-, félags-, heilbrigðis- og hugarfararsögu. Þjóðskjalasafn varðveitir þannig heimildir sem varða alla stjórnun opinberra mála, flesta þætti þjóðlífsins og flestalla Íslendinga frá því um 1700. Auk þess varðveitir það margar dýrmætari heimildir um sögu þjóðarinnar fyrir þann tíma. Áætlað er að núverandi skjalamagn í vörslu Þjóðskjalasafnsins sé rúmlega 34 hillukílómetrar af skjölum.

Eftirlit og ráðgjöf

Þjóðskjalasafn Íslands hefur, skv. lögum nr. 66/1985, það hlutverk að hafa yfirumsjón með skjalavörslu og skjalavistunarkerfum allra opinberra aðila á vegum ríkis og sveitarfélaga. Safnið hefur eftirlit með og veitir ráðgjöf um skjalavistunarkerfi, meðferð skjala og útbúnað í skjalageymslum. Leita þarf samþykkis Þjóðskjalasafns þegar skjalavistunarkerfi eru tekin í notkun eða þeim breytt og einnig þegar gerðar eru skjalavistunar- og afhendingaráætlanir. Safnið hefur auk þess yfirumsjón með allri skjalavörslu sveitarfélaga, héraðs- skjalasöfnum og öðrum skjalavörslustofnunum sem varðveita opinber skjöl.

Eftirlits- og leiðbeiningarstarf Þjóðskjalasafns nær þannig til allra þátta í skjalavörslu afhendingarskyldra aðila. Stuðst er við faglegar vinnureglur þar sem ákveðin áhersla er lögð á grundvallaratriði. Svo dæmi sé tekið er gengið út frá því að það sé ófrávikjanlegt að haldin sé bréfadagbók og að geymsluskrá sé gerð jafn- óðum og skjöl eru sett í geymslu. Þrátt fyrir að nokkur grundvallaratriði séu skilyrði í opinberri skjalavörslu þá er margt sveigjanlegt og breytingum undirþið, allt eftir aðstæðum og starfsemi viðkomandi stofnunar.

Markmið eftirlits og ráðgjafar

Meginmarkmiðið með eftirliti og ráðgjöf Þjóðskjalasafnsins er tvíþætt: Annars vegar að stuðla að því að skjalasöfn embætta og stofnana þjóni vel starfsemi þeirra, þ.e. að þau séu ekki aðeins skjalasafn í geymslum heldur aðgengilegt safn sem varðveitir upplýsingar um sögu og starfsemi viðkomandi stofnunar eða embættis. Hins vegar að stuðla að faglegum frágangi á skjalasöfnum hins opinbera, sem auðveld-

Reglur um skjalavörslu opinberra aðila voru nánar skilgreindar í auglýsingu frá Þjóðskjalasafni Íslands um skjalavörslu hins opinbera í *Lögbirtingarblaðinu*, nr. 14/1998, bls. 112.

Auglýsing

frá Þjóðskjalasafni Íslands um skjalavörslu hins opinbera

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga 1. og 2. tl. um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 og að fengnu álit menntamálaráðuneytis gerir Þjóðskjalasafn Íslands kunnugt:

Ráðuneyti og stofnanir sem undir þau heyra auk allra annarra afhendingarskyldra aðila sbr.

5. gr. laga nr. 66/1985 skulu fara eftir reglum Þjóðskjalasafns um:

1. Gerð skjalavörslukerfa (málaskrár) og varðveislu þeirra.
2. Gerð geymsluskrað yfir skjalasafn og afhendingu þess til Þjóðskjalasafns eða héraðsskjalasafns (sveitarfélög).
3. Heimild til grisjunar úr skjalasafni.
4. Varðveislu rafrænna gagna.

Reglum um ofangreint er nánar lýst í handbókum safnsins. Þegar eru útgefnar og fást hjá Þjóðskjalasafni Íslands:

1. Um skjalavörslu Stjórnarráðs Íslands (1991).
2. Skjalavarsla stofnana (1995).
3. Skjalavarsla sveitarfélaga (1997).

Reykjavík 3. febrúar 1998.

Þjóðskjalavörður

ar aðgengi að þeim, líka til lengri tíma litið, og tryggir varðveislu heimilda. Mikilvægt er að hafa hugfast að skjalavarsla hins opinbera snýst um framtíð ekki síður en nútíð. Skjalasöfn geta verið á sífelldri hreyfingu. Nýjum skjölum er komið í vörslu og gömul skjöl eru tekin fram og notuð við afgreiðslu nýrra erinda eða mála. Starf skjalavarðarins snýst um að þannig sé búið um hnútana að skjöl séu alltaf aðgengileg, óháð aldri eða geymslustað, og að varðveisla mikilvægra heimilda sé tryggð.

Hlutverk og skyldur skilaskyldra stofnana og embætta

Lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn fjalla ekki aðeins um hlutverk og skyldur Þjóðskjalasafns heldur einnig um lögbundnar skyldur þeirra opinberu aðila sem afhenda skjöl til Þjóðskjalasafns, sbr. 6. gr. en þar segir:

- Forstöðumenn skilaskyldra stofnana bera ábyrgð á skjalavörslu stofnananna.
- Afhendingarskyldir aðilar eru skyldugir að hlíta fyrirmælum safnsins um skráningu, flokkun og frágang skjala.


- Ný skjalavistunarkerfi og skjalageymslur skulu samþykkt af Þjóðskjalasafni áður en þau eru tekin í notkun.²¹

Lögboðin skilaskylda á skjölum

Lögbundin skilaskylda stofnana og embætta ríkis og sveitarfélaga á skjölum sínum til Þjóðskjalasafns er lyk-
ilatriði í starfsemi safnsins. Á þessari skilaskyldu hvílir starf þess, bæði sem stærsta skjalasafns þjóðarinnar og menningarstofnunar sem gætir mikilvægra heimilda í sögu þjóðarinnar. Samkvæmt 5. grein laga nr. 66/1985 er embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstarétti, Stjórnarráðinu og þeim stofnunum sem heyra undir það skylt að afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu. Sama gildir um stofnanir og fyrirtæki ríkisins og þau félagasamtök, sem fá meirihluta rekstrarfjár síns með framlagi á fjárlögum, og félög sem njóta verulegs styrks af opinberu fé. Þetta á einnig við um sveitarfélög og stofnanir þeirra ef þau afhenda ekki skjöl sín á héraðsskjalasafn.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 66/1985 skal afhenda skilaskyld skjöl til Þjóðskjalasafns þrjátíu árum eftir tilurð þeirra. Þá er miðað við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls. Þjóðskjalavörður getur

²¹ Sjá: *Stjórnartíðindi A* 1985, bls. 207.



samkvæmt lögnum lengt þennan frest eða stytt ef sérstakar ástæður mæla með því.

Grisjun; helstu reglur og viðmið

Þegar gildandi lög um Þjóðskjalasafn Íslands voru samín þóttu brýnt að setja ákveðnar reglur um grisjun skjala ekki síður en um varðveislu þeirra. Við setningu laganna var Þjóðskjalasafni Íslands falið að hafa eftirlit með og veita ráðgjöf um grisjun skjala í skjalasöfnum opinberra aðila. Safnið hefur gefið út leiðbeiningar um grisjun til að efla þekkingu og stuðla að faglegum vinnubrögðum, en hvorutveggja er forsenda þess að stofnanir geti gert áætlanir um grisjun skjalasafna sinna.

Leiðbeiningar Þjóðskjalasafns um grisjun fyrir afhendingarskylda aðila, þ.e. stofnanir, ráðuneyti og sveitarfélög, er að finna í skjalavörsluhandbókum Þjóðskjalasafnsins: *Handbók um skjalavörslu Stjórnarráðs Íslands* (1991), *Skjalavarsla stofnana* (1995) og *Skjalavarsla sveitarfélaga* (1997). Almennar leiðbeiningar um grisjun og tilskyld umsóknareyðublöð fyrir grisjunarbeiðnir til Þjóðskjalasafn eru auk þess aðgengileg á heimasíðu Þjóðskjalasafnsins.

Þeim aðilum sem skylt er að afhenda skjöl sín til Þjóðskjalasafns Íslands samkvæmt lögum nr. 66/1985, er óheimilt, sbr. 7 gr. laganna, að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema sækja um heimild til þess til Þjóðskjalasafns. Þegar stjórnarnefnd Þjóðskjala-

safns hefur samþykkt beiðni um grisjun þá gildir sú samþykkt þar til annað er ákveðið.

Grisjun er nauðsynleg af hagnýtum ástæðum. Pappírslöð í nútímasamfélagi er svo mikið að of kostnaðarsamt yrði að varðveita öll skjöl, vegna hins mikla geymslurýmis sem þyrfti til, auk þess sem það er oft óþarfi að varðveita allt, þar sem ýmis skjöl hrannast upp í mörgum eintökum og margir aðilar hafa stundum sömu gögnin í skjalasöfnum sínum. Kostnaður vegna skjalavörslu réttlætir þó aldrei ákvörðun um grisjun heldur verður ætíð að taka mest tillit til upplýsingagildis skjalanna eða þýðingar þeirra bæði samkvæmt lögum um varðveislu skjala og annarra mikilvægra atriða sem snerta sögu og réttindi þjóðarinnar. Venjulega er markmiðið með grisjun að skjalasafni sé ekki íþyngt með opinberum skjölum sem skortir upplýsingagildi eða eiga sér samsvarandi skráningu í sama skjalasafni eða öðru skjalasafni, auk þess sem sum skjöl hafa tímundið upplýsingagildi. Skilvirk grisjun lækkar geymslukostnað og gerir skjalasafnið skipulegra og aðgengilegra. Mikilvægt er að huga að grisjunaráætlun í upphafi þess að skjalasafn fer að myndast, ef þess er kostur, eða við endurskipulagningu þess. Ef góðar reglur skortir um grisjun safnsins verður óhægara að greina grisjunarhæf skjöl frá þeim skjölum sem varðveita ber þegar fram líða tímar.

Varðveisla skjala er meginmarkmið skjalavörslu. Grisjun skjala er undantekning á þeirri reglu og krefst sérstakrar undanþágu frá vörsluskyldunni. Þegar hugtakið grisjun er notað um förgun skjala úr skjalasöfnum er átt við skipulega eyðingu skjala eða gagna sem fram fer samkvæmt lögum ásamt því að ákveðnum reglum og aðferðafræði er fylgt. Grisjun er bundin við skjalasöfn sem heildir og er því annað og meira en tiltekt eða hreinsun á einstökum málum eða skjölum, en þetta síðastnefnda felst m.a. í því að rissblöðum, aukaeyðingum, plasti, umslögum o.þ.h. er hent þegar gengið er frá málsskjölum í skjalageymslu við lok máls.

Varðveisla upplýsinga er grundvallaratriði þegar ákvarðanir eru teknar um hvort varðveita eigi skjöl eða farga þeim. Markmiðið með grisjun er þannig að hreinsa til í skjalasöfnum með því að farga tilteknum skjölum án þess að glata upplýsingum. Grisjun byggir m.a. á því að heimildagildi skjalanna eða upplýsinganna, sem þau hafa að geyma, hafi verið metið í tímans rás og skráð áður en til grisjunar kemur. Gæta ber að því þegar skjalasöfn opinberra embætta og stofnana eru grisjuð að tryggt sé að engar mikilvægar heimildir glattist sem snerta hagsmuni og réttarstöðu einstaklinga eða eru merkilegar sögulegar heimildir. Því skal fylgja settum reglum til hins ítrasta þegar skjöl eru grisjuð svo að heimildir glattist ekki.

Sumir skjalaflokkar eru ekki grisjaðir

Almennt er gengið út frá því að varðveita skuli skjöl sem hafa stjórnsýslulegt, réttarfarslegt, sögulegt eða fræðilegt gildi. Óheimilt er að grisja skjöl sem urðu til fyrir 1960. Þess ber einnig að gæta, þegar kemur að þeirri spurningu hvort grisja skuli skjöl eða varðveita, að skjalasafn hversrar stofnunar er einstakt því það er heimild sem ekki er að finna annars staðar. Heimildagildi skjala felst fyrst og fremst í innihaldi þeirra en þau geta einnig verið einstæðar heimildir sem hluti af skjalasafni stofnunar eða embættis. Samhengi skjalanna innbyrðis er þannig vitnisburður um starfsemi hversrar stofnunar fyrir sig. Gæta verður þess að grisjun skjalasafns spilli ekki innbyrðis samhengi og gildi safnsins sem heimildar um starfsemi og hlutverk viðkomandi stofnunar eða embættis.

Afhendingar og frágangur skjalasafna

Skjalaverðir Þjóðskjalasafns hafa gert geymsluskrár og kostnaðaráætlanir vegna frágangs skjalasafna fyrir fjölda stofnana og fyrirtækja. Á undanförunum árum hefur mikil vinna verið unnin við frágang á ófrágengnum skjalaafhendingum sem borist hafa safninu. Á síðari hluta níunda áratugarins og á fyrri hluta þess tíunda unnu starfsmenn Þjóðskjalasafnsins mikið að frágangi skjalasafna úti í stofnunum, t.d. í ráðnueytunum. Á síðustu árum hefur þetta breyst og Þjóðskjalasafnið gerir þá kröfu að gengið sé frá skjalasöfnunum samkvæmt reglum Þjóðskjalasafns og að gerðar séu geymsluskrár yfir þau áður en þau eru afhent til Þjóðskjalasafns. Geymsluskrá nær yfir allt skjalasafn viðkomandi stofnunar sem komið er í geymslu. Skilaskyldum aðilum ber að hlíta fyrir

mælum Þjóðskjalasafns um skráningu, flokkun og frágang skjalasafna.


Þjóðskjalasafnið tekur ekki við ófrágengnu skjalasafni frá skilaskyldri stofnun eða embætti, nema sérstaklega hafi verið samið um það áður, að starfsmenn Þjóðskjalasafns gangi frá skjalasafninu gegn greiðslu frá afhendingaraðila. Skjölin eru þá flutt til Þjóðskjalasafns þar sem gengið er frá þeim. Starfsmenn Þjóðskjalasafns meta kostnað við frágang skjalasafnsins og gera kostnaðaráætlun, t.d. varðandi umbúða-kostnað og vinnulaun starfsmanns við verkið.

Þegar opinber embætti eru lögð niður ber að skila skjölum þeirra til Þjóðskjalasafns Íslands og fara með þau skjalasöfn samkvæmt reglum Þjóðskjalasafns og í samráði við það þar til afhendingar kemur. Hið sama á við þegar ríkisstofnanir eru einkavæddar.

Afhendingarferli

Afhendingarferlið, þ.e. það ferli sem á sér stað frá því að óskað er afhendingar og þar til hún berst Þjóðskjalasafni, er í grófum dráttum á þá leið að áður en til afhendingar kemur þarf stofnun, embætti eða annar skilaskyldur aðili að hafa samband við Þjóðskjalasafnið og óska eftir að fá að afhenda gögn og tilgreina hversu mikið magn er um að ræða, hvers kyns skjölin eru og frá hvaða tímabili. Áður en af afhendingu getur orðið þurfa starfsmenn Þjóðskjalasafns að samþykkja frágang skjalanna og skrána yfir þau eða afhendingarskrána eins og hún kallast. Fullfrágengin afhendingarskrá verður að fylgja með afhendingu skjalasafns til Þjóðskjalasafns. Starfsmenn Þjóðskjalasafns veita leiðbeiningar um frágang skjalasafna áður en til afhendingar kemur en að öðru leyti á starfsfólk viðkomandi stofnunar að vinna verkið og afhenda

Fjöldi afhendinga 1985–2005*



*Afhendingar eru mjög misstórar.

síðan Þjóðskjalasafni skjalasafnið fullfrágengið með skrá yfir þau gögn sem afhent eru.

Þegar skjöl eru afhent þurfa margvíslegar upplýsingar að fylgja um afhendinguna. Auk afhendingarskrár þarf t.d. að fylgja stutt greinargerð um sögu viðkomandi stofnunar og einstaka skjalaflokka sem verið er að skila. Nánari leiðbeiningar um þessi atriði og nauðsynleg eyðublöð er að finna í leiðbeiningarriti Þjóðskjalasafnsins: *Afhending skjala og gerð geymsluskjár* sem hægt er að sækja sem PDF-skjal á heimasíðu Þjóðskjalasafnsins eða sem bækling á skrifstofu safnsins. Eyðublöðin er hægt að sækja sérstaklega á vef safnsins eða á skrifstofu.

Skjalaafhendingar 1985–2005

Skjalaafhendingar til Þjóðskjalasafns hafa aukist mjög að fjölda og umfangi á síðastliðnum áratug. Á árunum 1985 til 1994 jókst skjalaförði safnsins úr 7.160 hillumetrum upp í 25.800 hillumetra. Árið 2005 var þessi tala 34.700 hillumetrar. Árlegar afhendingar til Þjóðskjalasafns á árunum 1985 til 2005 hafa verið á bilinu 31 til 92, og allt þar á milli, alls í kringum fimm-tán hundruð afhendingar. Afhendingar eru misstórar, allt frá einum kassa og upp í fleiri tugi hillumetra.

Fjöldi afhendinga og fjöldi afhentra safna er ekki endilega einn og sá sami þar sem sum stærri skjalasöfn eru afhent í áföngum og telst hver áfangi eða sending vera sérstök afhending.

Frá árinu 2003 hefur nær eingöngu verið tekið við smærri afhendingum, þar sem ástand húsnæðis Þjóðskjalasafnsins leyfir ekki móttöku stórra safna.

Stærsta afhending ársins 2003 var frímerkjasafn póstpjónustunnar, sem er í kringum 50 hillumetrar.

Þjóðskjalasafn gat ekki mætt þörf skilaskyldra aðila fyrir að skila skjölum á árinu 2005 vegna ástandsins í geymslumálum safnsins. Nær öll móttaka stærri skjalasafna var í biðstöðu á árinu og mun verða áfram um ófyrirséðan tíma, eða svo lengi sem ekki er leyst úr skorti safnsins á innréttuðu geymslurými.

Innheimta skjalasafna

Þjóðskjalasafnið hefur kallað eftir einstökum skilaskyldum skjalasöfnum sem ekki hafa verið afhent safninu eins og lög gera ráð fyrir.

Innheimta skjalasafna presta og prófesta

Árið 1985 var hafin innheimta hjá prestum og próföstum á skjalasöfnum þeirra. Það bar þann árangur að árið 1998 höfðu borist prestspjónustubækur sem

náðu fram til 1970 og margar mun yngri, úr nær öllum prestaköllum. Sömuleiðis höfðu borist sóknarmannatöl úr flestum prestaköllum, þar sem þau höfðu verið haldin, en þau ná yfirleitt fram til 1952, þegar Þjóðskráin tók til starfa.

Lög nr. 3/1945 frá 12. janúar þ.á. um kirkju- og manntalsbækur eru enn í gildi. Samkvæmt þeim skulu kirkjubækur sóknarpresta sendar Þjóðskjalasafni til varðveislu áður en 50 ár eru liðin frá löggildingu þeirra og má aldrei halda þeim lengur en 15 ár frá því þær eru fullritaðar. Þetta stangast að nokkru leyti á við ákvæði laga um Þjóðskjalasafn, þar sem skilafrestur er miðaður við 30 ára aldur skjala. En áhersla hefur verið lögð á það við presta, að bókum væri skilað sem fyrst, þegar þær hafa verið útskrifaðar og ekki gerðar eldri en 30 ára.

Árið 2000 var tekið upp nýtt form á prestspjónustubókum og hafa síðan verið að tínast inn bækur sem ná til ársins 2000. Tiltölulega lítið hefur borist af öðrum skjölum frá sóknarprestum.


Innheimta skjalasafna sýslumanna

Árið 1986 var öllum sýslumönnum sent bréf þar sem minnt var á afhendingarskyldu þeirra á skjölum til Þjóðskjalasafns Íslands og var erindið ítrekað á næstu árum. Árið 1990 hafði skjalavörður á Þjóðskjalasafni samband við alla sýslumenn símleiðis til að ræða þessi mál og voru leiðbeiningar um frágang skjala sendar til allra sýslumannsembættanna í framhaldi af því. Einnig var farið í heimsóknir í einstök embætti til að gera úttekt á skjalasöfnum þeirra og skjalavörslu.

Nokkuð innheimtist af skjölum sem komin voru á skilaskyldu í kjölfar samstarfs Þjóðskjalasafns og sýslumannsembættanna. Þjóðskjalasafn vann áfram að innheimtu á skjölum sýslumanna á árunum milli 1990 og 2000 og voru sýslumenn víðsvegar um landið heimsóttir. Árið 2002 fóru fulltrúar Þjóðskjalasafns á ársfund sýslumanna og fjölluðu þar um skjalavörslu sýslumannsembættanna og skilaskyldu þeirra á skjölum til Þjóðskjalasafns. Í kjölfar þessa fundar óskuðu nokkur sýslumannsembætti eftir að afhenda eldri skjöl til Þjóðskjalasafns. Í framhaldi af því hafa nokkur sýslumannsembætti unnið að frágangi og skráningu á skjölum sínum, svo unnt sé að afhenda skjölin til Þjóðskjalasafns. Stefnan er sú að embættin skili öllum skjölum sem til hafa orðið fyrir 1. júlí 1992 en þá tóku gildi ný lög um embætti sýslumanna, þ.e. lög nr. 92/1989, um framkvæmdavald ríkisins í héraði. Við gildistöku laganna var dómshald færð frá sýslumönnum og bæjarfógetum yfir til átta héraðsdómstóla.²²

Árið 1994 skipaði Þorsteinn Pálsson, þáverandi dómismálaráðherra, nefnd sem gera átti tillögur um samræmdar reglur um skráningu aðsendra og

²² Sjá: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1989092.html>. Lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði nr. 92/1989.



úsendra bréfa og skjalavistunarkerfi fyrir sýslumanns-embætti. Í nefndinni voru þau Ólafur K. Ólafsson sýslumaður, Kristjana Kristinsdóttir skjalavörður á Þjóðskjalasafni og Þorleifur Pálsson sýslumaður sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Nefndin aflaði upplýsinga hjá sýslumönnum um skjalavörslu embættanna ásamt því að vinna að gerð samræmdra reglna um skjalavörslu sýslumannsembætta. Nefndin hefur enn ekki skilað álit.

Einkaskjalasöfn

Þjóðskjalasafni Íslands er, skv. lögum, heimilt að safna öðrum skjölum en þeim sem skilaskyld eru. Þetta á við um einkaskjöl en það kallast þau skjöl sem ekki eru úr fórum opinberra aðila eða annarra sem er skylt að skila skjölum til Þjóðskjalasafns. Aðallega eru þetta skjöl einstaklinga en skjöl félaga, fyrirtækja og annarra óopinberra aðila teljast einnig til einkaskjala. Einkaskjöl eru af ýmsu tagi, t.d. fæðingar- og hjónavígsluvottorð, prófskírteini, eignaskjöl, samningar, einkabréf, handrit að hvers konar ritsmíðum, fundargerðabækur og bókhaldsgögn félaga o.s. frv. Hundruð einkaskjalasafna eru varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands og sífellt berast ný til varðveislu. Þjóðskjalasafnið veitti viðtöku Sögu- safni verkalyðshreyfingarinnar árið 2002, en það safn samanstendur af fjölmörgum einkaskjalasöfnum.

Flest einkaskjalasöfn í vörslu Þjóðskjalasafns eru flokkuð og skráð. Sum eru þó enn óaðgengileg sök- um þess að þau voru ófrágengin þegar þau bárust safninu. Árið 1992 gaf Þjóðskjalasafnið út prentaða skrá fyrir 300 einkaskjalasöfn í vörslu þess. Ýmsar aðrar skrár um einkaskjalasöfn eru aðgengilegar á lestrarsal.

Skjalasöfn einkavæddra ríkisfyrirtækja og niðurlagðra embætta og stofnana

Einkavæðing ríkisfyrirtækja og niðurlagning einstöku opinberra embætta eða stofnana jók mjög á skjalaskil til Þjóðskjalasafnsins og skjalamagn í vörslu safnsins, á tímabilinu 1985–2000. Einkavæðing stofnunar eða ríkisfyrirtækis þýðir að öllum skjölum þess er skilað í einu lagi til Þjóðskjalasafns. Magn skjalanna hefur oft verið margfalt meira en áætlanir sögðu til um.

Skjalasöfn gjaldþrota fyrirtækja

Samkvæmt lögun nr. 21 frá 26. mars 1991, um gjaldþrotaskipti og fleira, skulu skjöl gjaldþrota fyrirtækja afhendast Þjóðskjalasafni eftir tilteknum reglum. Um afhendingu skjalanna til varðveislu á Þjóðskjalasafni skal farið eftir sömu reglum og eiga við um skjöl sem eru lögð fram í dómsmálum, sbr. 80. gr. laganna.²³

Þjóðskjalasafnið hefur tekið við skjalasöfnum margra þrotabúa á undanförunum árum. Frágangur og ástand þessara safna við afhendingu á Þjóðskjalasafns hefur oft verið óviðunandi og safnið hefur ekki haft fjármagn eða mannafla til að flokka, skrá og ganga frá öllum slíkum söfnum.

Afhending á safni íslenskra frímerkja frá tímabilinu 1873–2002

Í ársbyrjun 2003 var gengið frá samkomulagi milli Þjóðskjalasafns Íslands og Íslandspóstshf., að tilhlutan samgönguráðuneytisins, um að Þjóðskjalasafn Íslands tæki í sína vörslu frímerki sem komu frá dönsku pósthjórninni. Um var að ræða frímerki frá upphafi útgáfu póstyfirvalda á íslenskum frímerkjum og til ársins 2002. Einnig var afhent svonefnt „Hans Hals safn“, sem Póst- og símamálastjórnin á Íslandi hafði keypt frá Svíþjóð árið 1946. Samið var um að Íslandspóstur mundi framvegis afhenda Þjóðskjalasafni árlega umsaminn fjölda sýnishorna af frímerkjaútgáfu næsta árs á undan. Táknræn afhend-

²³ <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1991021.html>.



TómasIngi Olrich, menntamálaráðherra, og Johan Peter Noack, ríkisskjalavörður Danmerkur, innsigla með handabandi samninginn um afhendingu skjala Stjórnarráðs Íslands 1849-1904, þar með talin stjórnarskráin.



Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður, undirritar afhendingarsamninginn. Með honum á myndinni eru Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, sérfræðingur í Lista- og safnadeild menntamálaráðuneytisins, og Karitas Halldóra Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu menningarmála í menntamálaráðuneytinu.



Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra Danmerkur og Davíð Oddsson forsætisráðherra Íslands skoða stjórnarskrána frá 1874 við hátiðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Frumrit stjórnarskrárinnar er meðal skjala í „Tilögu- og úrskurðarbók (Forestillings- og resolutionsprotokol)” frá 1874–1875. Formleg afhending hennar var fyrsti áfangi í afhendingu á skjölum, sem snerta íslensku stjórnardeildina, til Íslands.

ing fór fram við undirritun samkamlags, 8. janúar 2003. Talning, skráning, samanburður við eldri skrár og endanleg afhending fór fram í október–desember 2003, og gaf ríkisendurskoðun út sérstaka skrá þar að lútandi. Í janúar 2004 afhenti Íslandspóstur hf. síðustu frímerkjin sem gefin höfðu verið út á árunum 1997–2002. Einnig voru afhent erlend frímerki sem íslenskum póstyfirvöldum höfðu borist frá Alþjóða-póststofnuninni.

Meginhluti frímerkjasafnsins, eða frá 1873 til 1996, hafði verið varðveittur hjá Póst- og símamálastofnuninni, síðar Íslandspósti hf., undir eftirliti samgönguráðuneytisins og ríkisendurskoðunar. Yngsti hlutinn var í vörslu Íslandspósts hf.

Frímerkjasafnið er tvískipt. Annars vegar er svokallað arkasafn, sem gert er ráð fyrir að aldrei verði raskað. Hins vegar er svonefnt póstpörfasafn, sem má ráðstafa með öðrum hætti eftir atvikum, t.d. með lánum á sýningar. Engin skipuleg varsla var á frímerkjum frá upphafi þannig að mismikið er til af frímerkjum frá fyrstu árum frímerkjaútgáfunnar, auk þess sem fáeinir eyður eru í safninu.

Afhending stjórnarskrárinnar frá 1874 og fleiri merkra skjala Íslandssögunnar

Íslendingum afhent stjórnarskrá 1874

Með póstskipi þann 22. mars 1874 barst Hilmarí Finsen, landshöfðingja, stjórnarskráin frá 5. janúar sama ár, ásamt „Konunglegri auglýsingu til Íslendinga um það, að út sé komin stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands“, undirrituð af Kristjáni IX.

og dómsmálaráðgjafanum Klein, 14. febrúar sama ár. Stjórnarskráin var birt í sérprentuðum bæklingi með formála og eftirmála eftir Gísla Brynjúlfsson, dósent í Kaupmannahöfn. Hlutar úr stjórnarskránni voru síðan prentaðir í *Þjóðólfi*.

Í byrjun maímánaðar birti landshöfðingi tilkynningu um tvö þakkarávörp til konungs, annað frá þingmönnum, varaþingmönnum, embættismönnum og borgurum í Reykjavík, hitt frá íbúum í Gullbringusýslu. Sagði konungur í „auglýsingu“ sinni að hann hefði gefið stjórnarskrána „af frjálsu fullveldi sínu“ og að hann vænti þess að heimsækja Ísland á komandi sumri til þess að taka þátt í fögnuði þjóðarinnar á þúsund ára afmælinu.

Hinn 30. júlí sumarið 1874 kom konungur til Reykjavíkur og landshöfðingi flutti þá ávarp og minntist sérstaklega á „hina frjálslegu stjórnarskrá“, sem konungur hefði „helgað þetta hátíðarár með“. Þjóðhátíð var haldin á Þingvöllum í ágústbyrjun og þjóðmálafundur á vegum Þjóðvinafélagsins. Konungi voru flutt ávörp, hinn 6. ágúst af Halldóri Kr. Friðrikssyni, alþingismanni og varaforseta félagsins, og daginn eftir flutti Grímur Thomsen, skáld og alþingismaður, konungi ávarp fundarins. Kristján IX. færði Íslendingum ekki stjórnarskrána við opinbera athöfn. Alþingi kom ekki saman á þessu ári og Jón Sigurðsson, forseti þingsins, kom ekki til landsins. Orð Matthíasar Jochumssonar „frelsisráð úr föðurhendi“ eru því táknræn og hið sama á við um styttuna af Kristjáni IX. við Stjórnarráðshúsið þar sem hann heldur á skránni.

Stjórnarskráin, sem gefin var út 5. janúar 1874, markaði tímamót á margan hátt og er eitt af merkustu skjölum íslenskrar sögu. Hún veitti Íslendingum

fullt forræði í sérmálum landsins og innleiddi mikilvægi atriði varðandi stöðu fólks í landinu þar sem í henni voru ákvæði um mannréttindi, svo sem um friðhelgi heimilis og eignaréttar, atvinnufrelsi, prentfrelsi, félagafrelsi og trúfrelsi. Stjórnarskráin innihélt auk þess ákvæði um skipan og starfshætti Alþingis, kjördæmi, kjörgengi og kosningarétt. Alþingi fékk þar með rétt til að setja fjárlög og leggja á skatta. Strax á Alþingi 1873, þegar farið var að hilla undir stjórnarskrána, var farið að undirbúa setningu nýrra skattalaga sem staðfest voru 1877. Þá voru afteknir skattar sem höfðu verið í gildi öldum saman. Þessi skattalög urðu grundvöllur að fjölmörgum breytingum sem urðu á íslensku samfélagi á næstu árum, t.d. á sviði mennta-, heilbrigðis- og samgöngumála. Lög um stofnun læknaskóla í Reykjavík voru staðfest árið 1876 og lög um stofnun landsbanka árið 1885. Þannig má rekja mörg dæmi, þótt Íslendingum þætti stjórnarskráin 1874 um margt stórgölluð og Alþingi væri stöðugt að reyna að gera á henni breytingar í andstöðu við dönsk stjórnvöld allt fram til ársins 1903, þegar heimastjórnarlögin voru samþykkt.

Stjórnarskráin, þ.e. frumrit hennar, kom í forestilings- og resolutionsprotokol árið 1904 og fór aftur til Danmerkur frá Íslandi í skjalaskiptum Dana og Íslendinga árið 1928.

Samningur árið 2003 um afhendingu skjala frá Kaupmannahöfn

Árið 2002 sendu ríkisskjalavörður Danmerkur og þjóðskjalavörður tillögur til ráðuneyta sinna um að skjöl íslensku stjórnardeildarinnar og Íslandsráðuneytis, frá árunum 1825–1904, yrðu afhent til Íslands en þau voru varðveitt í danska Ríkisskjalasafninu. Skjölín tengjast sögu Íslensku stjórnardeildarinnar sem stofnuð var í Kaupmannahöfn árið 1848 við afnám einveldisins í Danmörku.

Menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, ritaði síðan Brian Mikkelsen menningarráðherra Danmerkur og lét í ljós von um að fallist yrði á þessar tillögur. Í svari danska ráðherrans 16. janúar 2003 voru þær samþykktar og ríkisskjalaverði og þjóðskjalaverði falið að annast undirbúning málsins og afritun þeirra skjala sem afhent yrðu og einnig annarra skjala sem varða málefni Íslands og mundu ekki verða afhent í frumriti.

Frumrit stjórnarskrárinnar frá 1874 afhent árið 2003

Samningur um afhendingu skjala íslensku stjórnardeildarinnar var undirritaður 9. apríl 2003 af menntamálaráðherrum Íslands og Danmerkur. Af því tilefni afhenti Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra Danmerkur Davíð Oddssyni forsætisráðherra Íslands frumrit stjórnarskrárinnar frá 1874 við hátíð-

lega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu, sem fyrsta hluta formlegrar afhendingar. Frumrit stjórnarskrárinnar er meðal skjala í „Tillögu- og úrskurðarbók (Forestilings- og resolutionsprotokol)“ frá 1874–1875.

Í samningnum var Þjóðskjalasafni Íslands og Ríkisskjalasafni Danmerkur veitt heimild til frekara samstarfs á sviði skjalavörslu og náði það bæði til afritunar skjala og samstarfs vegna skjalavörslu. Í samningnum var kveðið á um að Ríkisskjalasafnið myndi ljósmynda skjölín áður en þau yrðu afhent en íslenska ríkið skyldi standa straum af þeim kostnaði.

Skjölín bárust síðan til landsins í ársbyrjun 2004. Alls voru þetta 80 skjalabækur. Að innihaldi voru þetta tillögu- og úrskurðarbækur með frumritum laga og reglugerða, bréfadagbækur og skrár.

Skráning skjalasafna

Skráning skjalasafna er grundvallarforsenda þess að unnt sé að nota skjalasöfn Þjóðskjalasafnsins, hvort heldur sem er í þágu einstaklinga, hins opinbera eða í fræðilegum tilgangi. Nú á dögum er það talið hluti almennra mannréttinda að allir eigi greiðan aðgang að skjalasöfnum, auk þess sem sett hafa verið sérstök lög um reglur og viðmið um aðgang almennings að upplýsingum, þ.e. upplýsingalög nr. 50/1996.

Þjóðskjalasafn hefur gefið út prentaðar skjalaskrár og liggja þær frammi til notkunar fyrir gesti á lestrar-sal. Mikið starf hefur verið unnið við að skrá skjalasöfn í vörslu Þjóðskjalasafns í þeim tilgangi að gera þau aðgengileg. Enn er þó mikið ógert.

Dæmi um skjalasöfn, sem unnið var við að skrá á árunum 2001 til 2004, eru Teikningasafn menntamálaráðuneytis, skjalasafn ríkisbókhalds (eldri hluti), skjalasafn Íslensku stjórnarskrifstofunnar (sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn) árin 1904–1981, skjalasafn sendiráðs Íslands í London 1939–1957, skjalasafn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR), skjalasafn verkalyðshreyfingarinnar (ASÍ), skjalasafn I. skrifstofu stjórnarráðsins, elsti hluti skjalasafns utanríkisráðuneytis, skjalasafn Rentukammers, skjalasafn samgönguráðuneytisins og skjalasafn Samábyrgðar. Auk þess var unnið að ýmsum öðrum skráningarverkefnum, t.d. var gerð ítarleg skrá um frimerkjasafn pósthjónustunnar í samstarfi við samgönguráðuneytið og ríkisendurskoðun. Auk þess hefur verið unnið að uppfærslu á skrá yfir skjalasafn forsætisráðuneytisins og að nýrri heildarskrá um skjalasöfn presta og prófafa ásamt ítarlegum inngangi um störf þessara embættismanna og embættisskyldur. Verkefnið hefur notið stuðnings Kristnihátíðarsjóðs og Kristnisjóðs. Heildarskráin um skjalasöfn presta og prófafa mun síðan verða gerð aðgengileg á vefsíðu Þjóðskjalasafns, ásamt öðrum skráum yfir skjalasöfn í vörslu safnsins.



Frá viðgerðarstofu Þjóðskjalasafns á Laugavegi 162.

Skjalaskrár á heimasíðu safnsins

Unnið að því að gera skrár yfir söfn í vörslu Þjóðskjalasafns aðgengilegar fyrir almenning á vefnum. Í fyrsta áfanga er stefnt að því að birta skrár yfir stærstu skjalasöfnin. Um langtíma verkefni er að ræða þar sem yfirfara þarf allar skrár með ýmis atriði í huga, t.d. að birting þeirra stangist ekki á við lög um persónuvernd.

Forvarsla og viðgerðir á skjölum

Á Þjóðskjalasafninu er forvörslu- og viðgerðarstofa sem hefur forvörslu og skjalaviðgerðir á sínum snærum. Áslaug Jónsdóttir veitti deildinni forstöðu til ársins 2000 að Benedikt Kristþórsson tók við starfinu og gegndi því þar til um mitt ár 2004. Starfsmenn viðgerðarstofu í árslok 2004 voru Kristjana Kristjánsdóttir og Olga Dagmar Erlendsdóttir, sem hóf störf á viðgerðarstofunni árið 2003. Lovísa Guðmundsdóttir hætti á árinu 2003 vegna aldurs. Starfsmenn viðgerðarstofu hafa, ásamt því að sinna forvörslu og skjalaviðgerðum, komið að undirbúningi á sýningum á vegum Þjóðskjalasafnsins til að tryggja að nauðsynlegum kröfum forvörslu um meðferð sýningargagna sé fylgt, t.d. hvað snertir lýsingu, umbúðir, frágang og fleira.

Forvarsla er þýðingarmikill þáttur í starfi skjalasafns og felst í meginatriðum í eftirfarandi:

- Skjölum er komið fyrir í öruggum geymslum þar sem hægt er að hafa stjórn á umhverfisþáttum eins og hita, raka og birtu.
- Skjöl eru meðhöndluð samkvæmt tilteknum reglum og geymd í umbúðum sem uppfylla kröfur um sýrustig og gerð.
- Viðkvæm og illa farin skjöl eru afrituð og þar með hlíft við notkun.
- Fylgst er með ástandi skjala og skjalageymslna.
- Veitt er ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi útlán, sýningar og fleira er lýtur að forvörslu skjala.
- Gerð er áætlun um viðbrögð ef skjöl lenda í hættu, t.d. vegna eldsvoða eða vatns.

Markmið með viðgerð á skjali er að varðveita skjalið og þær upplýsingar sem það geymir. Ýmis eldri skjalasöfn hafa verið tekin til viðgerðar í tíð viðgerðarstofu Þjóðskjalasafnsins, þ.e. á árunum 1965–2000, og hefur verkefnum verið forgangsraðað frá fyrstu tíð. Fyrst var unnið að viðgerðum á kirkjubókum. Þær voru mest notaðar af gestum Þjóðskjalasafns og voru þess vegna sumar hverjar mjög þvældar og slitnar. Frá byrjun desember 1997 til loka febrúar 1998 var unnið við umbúðaskipti og skráningu á skjölum. Unnið var í ríkisreikningum sem voru í opnu krossbandi. Pappaspjald var brotið utan um pakkann svo ystu arkir voru mjög



Skinnbréf í nýjum umbúðum.

óhreinar og rifnar. Allt járn var hreinsað úr og voru það nokkur kíló úr 250 kössum. Ystu arkir voru hreinsaðar og gert við það sem var rifið. Að því loknu voru arkir settar utan um hvert mál og það skráð.

Einnig var unnið að umbúðaskiptum á skinnbréfum. Alls eru skinnbréfin 1226 með um 1800 innsiglium og innsiglabrotum. Skinnbréfin eru úr ýmsum söfnum. Í A.M. eru flest bréfin eða 666. Skinnbréf frá Skálholtsstól eru 292 og frá Hólástól 75, frá Þingeyraklaustri eru 30. Skinnbréf hafa verið í hinum ýmsu söfnum innan um pappírsbréfin, til dæmis í Leyndarskjalasafni (16), Jarðaskjölum (23), Varia (5), Kirknaskjölum (jarðaskjöl kirkna – 105 talsins). Úr öðrum söfnum eru þau 13 alls. Fara þurfti yfir þessi söfn og tína úr skinnbréfin. A.M., Skálholts- og Hólaskjöl voru í öskjum sem voru óviðunandi umbúðir og pappírsörk var utan um hvert skinnblað. Innsigli voru alveg óvarin svo að á stórum bréfum stóðu innsiglin oft út úr örkinni og urðu stöðugt fyrir hnjaski ef askjan var opnuð. Allar öskjurnar voru í sömu stærð svo stór skinnbréf voru brotin saman og stærstu bréfin margbrotin saman.

Í lok janúar 1999 voru gerðar sérsniðnar umbúðir fyrir skinnbréfin. Notaðar voru samskonar umbúðir og Árnastofnun í Kaupmannahöfn notaði utan um íslensku skinnbréfin áður en þau voru afhent Stofnun Árna Magnússonar í Reykjavík. Fylgst

hafði verið með þegar verið var að hanna og þróa þessar umbúðir hjá sérfræðingum Árnastofnunar í Kaupmannahöfn, í samráði við Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi og sérfræðinga í Bretlandi, en það mun hafa verið tveggja ára þróunar- og undirbúningsvinna. Árið 2000 var lokið við að ganga frá skinnbréfum og bókum í nýjar umbúðir. Gerð var úttekt á skemmdum, eldri og nýrri viðgerðum (sirtingu) og áætlun gerð um viðgerðir skinnskjala og innsigla.

Hin ýmsu skjalasöfn í vörslu Þjóðskjalasafns hafa verið tekin til viðgerðar á síðastliðnum áratugum. Byrjað var á kirkjubókadeild, eins og áður sagði, en síðan hafa önnur söfn fylgt í kjölfarið, t.d. skjalasafn stiftamtmanns, skjalasafn biskups, kirknaskjöl, jarðaskjöl og skjöl úr skjalasöfnum sýslumanna o.fl.

Á viðgerðarstofunni hefur auk þess verið unnið að forvörslu á innbundnum skjölum, ljósmyndum, kortum og teikningum með úttekt, hreinsun og viðgerð og þeim komið á sýrufrí karton. Þar á meðal eru t.d. elstu teikningar af byggingum og landamerkjum, Alþingishúsinu og Dómkirkjunni, teikningar fyrstu arkitekta landsins, túnateikningar o.fl. Ásamt þessu hafa forverðir búið teikningar, ljósmyndir og kort í sýrufríar umbúðir.

Viðgerðarstofa Þjóðskjalasafns hefur einnig fengið skjöl og skjalasöfn til viðgerðar frá hinum ýmsu héraðskjalasöfnum landsins. Landsbókasafnið var

einn stærsti utanaðkomandi aðili sem viðgerðastofa Þjóðskjalasafnsins sá um viðgerðir fyrir. Unnið var fyrir Landsbókasafnið til ársins 1994 eða þangað til það var flutt í Þjóðarbókhöðuna.

Stefnumótun um skjalavörslu ráðuneyta

Árið 1987 skipaði Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra nefnd til að skoða og móta stefnu í skjalavörslu hins opinbera. Þessi nefndarskipun átti sér stoð í lögum frá 1985 um Þjóðskjalasafn Íslands, einkum 6. grein laganna þess efnis að afhendingarskyldum aðilum er skylt að hlíta fyrir mælum Þjóðskjalasafns um vörslu og meðferð skjala. Eitt merkasta nýmæli laganna var einmitt eftirlit með skjalamyndun og skjalavörslu frá upphafi. Hlutverk nefndarinnar var að leggja fram tillögur um starfsemi og skipulag skjalasafna Stjórnarráðsins og skilaði hún tillögum til menntamálaráðherra haustið 1989.

Sú stefna var tekin strax í byrjun að hefja umbætur á skjalavörslu hins opinbera í Stjórnarráðinu. Þetta var í árdaga tölvuvæðingar í ráðuneytunum og tölvuvæðing skjalavörslukerfa þeirra stóð fyrir dyrum. Brýnt þótti að móta kerfi sem hentaði öllum ráðuneytum og uppfyllti skilyrði nútímaskjalavörslu þar sem ekkert samræmt skjalavörslukerfi var fyrir hendi fyrir öll ráðuneytin. Nefndin vann að gerð handbókar um skjalavörslu Stjórnarráðsins, sem síðan var gefin út árið 1991 af Þjóðskjalasafninu, *Handbók um skjalavörslu Stjórnarráðs Íslands*.

Unnið samkvæmt nýju skjalavörslukerfi

Meginatriði skjalavörslukerfisins, sem handbókin fjallar um, voru reynd á vettvangi og var leitað eftir eftir samstarfi við nokkur ráðuneyti í þeim tilgangi. Þar komu fyrst félagsmála- og forsætisráðuneyti. Jóhanna Sigurðarsdóttir þáverandi félagsmálaráðherra veitti heimild til þessa tilraunaverkefnis í félagsmálaráðuneytinu í apríl 1989. Forsætisráðuneytið varð skömmu síðar þátttakandi í verkefninu með samþykki Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra. Unnið var að þessu tilraunaverkefni árin 1989–1991 en helstu áfangar og framvinda voru á þessa leið:

- Vinnuáætlun og drög að handbók um skjalavörslu stjórnarráðs var lögð fyrir ráðherra. Skipaður var vinnuhópur viðkomandi ráðuneytis með fulltrúa frá Þjóðskjalasafni.

- Aflað var upplýsinga um skjalasafnið, alla meðferð skjalanna, vinnubrögð og verkefni með viðtölum við starfsfólk og skriflegum fyrirspurnum.
- Eldri skjöl í geymslum voru skoðuð og byrjað að útbúa geymsluskrá.
- Skjalavistunaráætlun var gerð á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir lágu samkvæmt liðum tvö og þrjú.
- Nýr bréfalykill, byggður á tugstafakerfi, var settur saman.
- Unnið var að gerð sérstakrar skjalahandbókar fyrir ráðuneytin.
- Unnið var að uppsetningu tölvukerfis fyrir bréfadagbók og að skráningu eldri skjala í geymslu.
- Handbók um skjalavörslu ráðuneytis var skilað, ásamt skjalavistunaráætlun, grísjunaráætlun, geymsluskrá og bréfalykli/bréfadagbók.

Í mars árið 1990 fól menntamálaráðuneytið Þjóðskjalasafni að vinna að skipulagi á skjalavörslu einstakra ráðuneyta í samráði við þau á grundvelli tillagna skjalavörslunefndarinnar og með vísun til laga um Þjóðskjalasafn. Undirbúningur var þá þegar hafinn við uppsetningu skjalavörslukerfisins í menntamálaráðuneytinu í samvinnu Þjóðskjalasafns og skjalavarða ráðuneytisins. Hafist var handa í fjármálaráðuneyti í ágúst 1990 og í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti árið 1991. Umhverfisráðuneyti var sett á fót um þessar mundir, með lögum nr. 3/1990, og var strax í byrjun lögð áhersla á að skjalavörslu þessa ráðuneytis félli að þeirri stefnu sem tekin hafði verið upp og yrði í takt við settar kröfur strax í byrjun. Var skjalavörslukerfi hins nýstofnaða ráðuneytis fullmótað þegar á fyrsta starfsári þess. Í byrjun árs 1992 hófst vinna í sjávarútvegsráðuneytinu í samvinnu við skjalavörð ráðuneytisins og lauk því starfi formlega árið 1994. Ráðuneyti og þær stofnanir sem undir þau heyra, að Hagstofu Íslands undanskilinni, haga nú skjalavörslu sinni almennt samkvæmt þeim reglum sem mótaðar voru við framangreint samstarf Þjóðskjalasafns og ráðuneytanna.

Í byrjun voru geymsluskrár unnar sameiginlega af starfsmönnum Þjóðskjalasafns og skjalavörðum ráðuneytanna, enda engar slíkar skrár fyrir hendi í ráðuneytunum yfir þau skjöl sem komin voru í geymslu þeirra. Það vinnulag er nú viðhaft að slík skrá er gerð af skjalavörðum ráðuneytanna jafnóðum og skjölin eru lögð í geymslu. Þær fylgja síðan afhendingum til Þjóðskjalasafns.

Fyrstu afhendingar samkvæmt nýju vinnulagi í skjalavörslu ráðuneyta

Fyrstu afhendingar ráðuneytanna til Þjóðskjalasafns, samkvæmt því vinnulagi sem lýst var hér að fram-

an, bærust safninu árið 1989. Þá afhentu félagsmála-, forsætis- og menntamálaráðuneyti skjöl frá upphafsárum sínum og fram til ársins 1985. Afhending félagsmálaráðuneytis náði yfir tímabilið 1946–1985, afhending forsætisráðuneytis yfir tímabilið 1919–1985 og elstu skjöl í afhendingu menntamálaráðuneytis eru frá árinu 1942. Árið 1991 afhenti fjármálaráðuneytið skjalasafn sitt frá árunum 1904 til 1980, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið afhenti skjöl allt til ársins 1992 og sjávarútvegsráðuneytið afhenti skjalasafn sitt frá upphafi til ársins 1984. Viðskiptaráðuneytið afhenti skjalasafn sitt árið 1994 og eru yngstu skjöl í þeirri afhendingu frá árinu 1993. Afhendingar samkvæmt þessari aðferð komu síðan frá samgönguráðuneyti og Hagstofu Íslands árið 1995 og utanríkisráðuneyti árið 1996. Landbúnaðarráðuneyti afhenti skjöl árið 2001 og dóms- og kirkjumálaráðuneyti árið 2002. Sum ráðuneytin hafa afhent skjalasöfn oft en einu sinni á tímabilinu 1989 til 2004.

Handbækur um skjalavörslu og stefnumótun um skjalavörslu hins opinbera

Þjóðskjalasafnið vann að endurskipulagningu á skjalavörslu nokkurra ríkisstofnana á tíunda áratugnum. Í tengslum við þá vinnu voru samdar handbækur til leiðbeiningar og hliðsjónar um þennan málaflokk. Starfsfólk Þjóðskjalasafns hefur síðan veitt ráðgjöf og sinnt eftirliti með skjalavörslu ríkis og sveitarfélaga með hliðsjón af handbókunum.

Handbók um skjalavörslu Stjórnarráðs Íslands

Fyrsta bókin sem kom út í flokki handbóka Þjóðskjalasafnið með leiðbeiningum og reglum um skjalavörslu opinberra stofnana og embætta var *Handbók um skjalavörslu Stjórnarráðs Íslands* (1991). Bókina sömdu Kristjana Kristinsdóttir og Björk Ingimundardóttir skjalaverðir á Þjóðskjalasafni. Bókin var samin að hlutan nefndar um skjalavörslu Stjórnarráðsins sem Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra skipaði í júní árið 1987. Nefndin lauk störfum í nóvember 1989. Hana skipuðu Baldur Möller ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneyti, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneyti, Gunnar Guttormsson deildarstjóri í iðnaðarráðuneyti, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu og Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður. Handbókin fjallar um skjalavörslu Stjórnarráðsins og vinnureglur sem þar gilda. Haft var að leiðarljósi að hvert ráðuneyti og stofnun, sem notar skjalavörslukerfið sem handbókin segir fyrir um, lagi það að sínum sérþörfum. Tilgangur



bókarinnar var að auðvelda meðferð stjórnsýslugagna bæði hvað snertir notkun og varðveislu. Hún geymir helstu upplýsingar sem starfsmenn Stjórnarráðsins þurfa á að halda varðandi skjalavörslu en um leið var með henni lagður grundvöllur að reglum um opinbera skjalavörslu og mótuð heildarstefna í skjalavörslu ráðuneyta og stofnana sem heyrna undir þau.

Skjalavarsla stofnana

Næst í röð skjalavörsluhandbóka Þjóðskjalasafnsins var bókin *Skjalavarsla stofnana* (1995). Höfundur er Kristjana Kristinsdóttir skjalavörður á Þjóðskjalasafni. Bókin skiptist í þrennt. Í fyrsta hluta eru leiðbeiningar varðandi skjalavistunaráætlun, bréfadagbók, bréfa-lykil, grísjunaráætlun, geymsluskrá og leiðbeiningar um vinnulag og umfjöllun um ábyrgð á skjalasafni. Í öðrum hluta eru sýnishorn einstakra verkþátta sem unnir hafa verið fyrir ríkisstofnanir meðan á vinnu við gerð bókarinnar stóð. Í þriðja hlutanum eru óutfyllt eyðublöð Þjóðskjalasafns sem unnt er að fjölfalda til notkunar. Handbókin var samin með skjalavörsluþarfir stofnana og fyrirtækja hins opinbera í huga. Hún byggir að hluta á áður nefndri *Handbók um skjalavörslu Stjórnarráðs Íslands* en strax við samningu þeirrar bókar þótti ljóst að semja þyrfti sambærilegar leiðbeiningar um skjalavörslu ríkisstofnana.

Skjalavarsla sveitarfélaga

Árið 1997 kom út handbókin *Skjalavarsla sveitarfélaga*. Að henni vann samstarfshópur um skjalavörslumál sveitarfélaga, sem skipaður var fulltrúum frá Þjóðskjalasafni Íslands, héraðsskjalasöfnum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í starfshópnum voru Kristjana Kristinsdóttir forstöðumaður skjalavörslusviðs Þjóðskjalasafns, Björn Pálsson héraðsskjalavörður Árnesinga, Björn Þorsteinsson forstöðumaður








fræðslu- og menningarsviðs Kópavogsbæjar og Magnús Karel Hannesson oddviti Eyrarbakkahepps, af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Starfshópurinn fjallaði um skjalavörslumál sveitarfélaga og hlut héraðsskjalasafna í skjalavörslu þeirra. Verkefni starfshópsins var m.a. að leggja fram tillögu um einfaldan og samræmdan bréfalykil fyrir skjalasöfn sveitarfélaga og setja fram tillögur að reglum um grisjun í slíkum skjalasöfnum. Þessum atriðum eru gerð skil í bókinni auk þess sem fjallað er um bréfa-

dagbækur, vinnureglur við bréfasöfn, meðferð trúnaðarskjala o.fl. sem lýtur að skjalavörslu sveitarfélaga og skjalaskil þeirra til viðkomandi héraðsskjalasafns eða Þjóðskjalasafns.

Ítrekað skal að fyriræli framangreindra handbóka um opinbera skjalavörslu hafa reglugerðargildi.

Í Þjóðskjalasafni er nú unnið að endurskoðun og endurútgáfu handbóka safnsins og útgáfu fleiri leiðbeiningarita, þ. á m. leiðbeininga og reglna um varðveislu rafrænna gagna.

Rafræn gögn



Rafræn gögn koma til sögunnar

Stjórnsýsla í nútímasamfélagi fer fram með með rafrænum hætti og gildir það um Ísland líkt og önnur lönd. Á síðustu tíu árum hefur verið hugað að ýmsu á því sviði, bæði hvað snertir vinnulag innan stjórnsýslunnar og val á hugbúnaði til notkunar. Samræma þurfti vinnubrögð, hugbúnað og tækjabúnað stjórnsýslunnar, m.a. til að auðvelda rafræn samskipti. Í því skyni var m.a. unnið að þróun hugbúnaðar fyrir rafræna skjalastjórn stjórnvalda með það fyrir augum að stjórnsýslan mundi hverfa í áföngum úr pappírshundnu umhverfi yfir í rafrænt, og mun það einnig gilda um afhendingar til Þjóðskjalasafnsins.

Hvað eru rafræn gögn?

Skilgreining Alþjóða skjalaráðsins (The International Council on Archives, ICA) á rafrænum skjölum er á þá leið að þau eru upplýsingar sem verða til, er safnað saman, eða eru móttæknar, í tengslum við ákveðna starfsemi, hvort sem það er í byrjun hennar, meðan á henni stendur eða í lokin, að því gefnu að gögnin uppfylli þau skilyrði að innihald, samhengi og uppbygging þeirra sé með þeim hætti að nægi til að veita upplýsingar um og sönnun fyrir þeirri starfsemi. Eðli eða samsetning rafrænna skjala er fjórþætt, þ.e. innihald, uppbygging, samhengi og framsetning. Varðveita verður fyrstu þrjá þættina þegar kemur að langtímarvarðveislu rafrænna gagna.

Nefnd um varðveislu tölvugagna

Haustið 1997 skipaði menntamálaráðherra nefnd um varðveislu tölvugagna sem verða til í stjórnsýslunni. Hlutverk hennar var að gera tillögur um tegundir tölvugagna sem falla skyldu undir skilaskyldu til Þjóðskjalasafns eða héraðskjalasafna, reglur um varðveislu tölvugagna hjá upphafsaðila, geymsluform gagna, varðveisluskilyrði og skilatíma til Þjóðskjalasafns og hvernig búa skyldi geymsluhúsnæði í Þjóðskjalasafni undir varðveislu tölvugagna. Ennfremur skyldi nefndin gera áætlun um kostnað við að koma upp nauðsynlegri aðstöðu til geymslu tölvugagna í Þjóðskjalasafninu.

Í nefndinni voru: Pétur Ásgeirsson deildarstjóri, menntamálaráðuneytinu, Bjarni Þórðarson fjármálastjóri, Þjóðskjalasafni, Jóhann Gunnarsson deildarstjóri, Hagsýslu ríkisins, Kristjana Kristinsdóttir sviðsstjóri skjalavörslusviðs Þjóðskjalasafns, Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður og Þóra Gylfadóttir bókasafnsfræðingur, Hagstofu Íslands.

Nefndin kynnti sér stöðu mála varðandi söfnun og

vörslu tölvugagna hjá 35 stofnunum og fyrirtækjum á Íslandi og kannaði hvernig skjalasöfn í nágrennalöndunum skipuleggja vörslu tölvugagna. Nefndin heimsótti m.a. danska Ríkisskjalasafnið sem hafði þá nýlokið við að skipuleggja vörslu rafrænna gagna.

Niðurstöður af vinnu nefndarinnar birtust í skýrslu sumarið 1998.

Ísland á eftir nágrennalöndunum í varðveislu rafrænna gagna árið 1998

Niðurstöður tölvugagnanefndar árið 1998 voru í meginatriðum þær að Ísland væri mjög á eftir nágrennalöndunum í varðveislu rafrænna gagna. Nefndin taldi rétt og eðlilegt að reikna með því að skjalavarsla stofnana og fyrirtækja yrði í rafrænu formi og að í framtíðinni myndi draga úr þýðingu pappírsskjalasafna. Með þetta í huga yrði að gera Þjóðskjalasafni Íslands kleift að taka á móti rafrænum skjölum afhendingarskyldra aðila og það sem fyrst.

Helstu atriði sem rafræn gögn hins opinbera eiga sammerkt

Þau tölvuskjöl, sem munu koma til varðveislu í Þjóðskjalasafni Íslands eru þau gögn sem verða til hjá og í tengslum við starfsemi hins opinbera. Þessi gögn eiga það sammerkt að:

- Þau eru búin til af/eða send til opinberrar stofnunar eða fyrirtækis í tengslum við almenna starfsemi stofnunarinnar/fyrirtækisins.
- Þau eru skjöl sem á að varðveita og fela í sér sönnunargildi, réttindi, skyldur eða eru talin mikilvæg stofnun/fyrirtæki á annan hátt.
- Þau eru gagnasöfn sem verða til við hvers konar kerfisbundna gagnaöflun. Hér er átt við mann-töl, rannsóknir, kannanir o.þ.h.

Tölvuskjöl geta verið hvers konar tölvutækar skrár, ritvinnslugögn, gagnagrunnar, rafræn skilaboð, myndir (einnig hreyfimyndir) og hljóð.

Í aðalatriðum gilda sömu reglur um varðveislu tölvugagna og um pappírsskjöl

Þrátt fyrir að sérstakan tækjabúnað þurfi til að taka við tölvuskjölum, skilgreina þau og sannprófa, varðveita þau, uppfæra og endurnota, miðla þeim til frekari notkunar og/eða grisja er tilgangurinn með varðveislu rafrænna gagna sá sami og á við um varðveislu gagna á öðru formi, t.d. pappír. Niðurstaða tölvugagnanefndar var sú að í aðalatriðum gilda sömu reglur um



varðveislu tölvugagna og um pappírsskjöl. Nefndin lagði áherslu á að gæta verði að lagalegum atriðum, skoða tengsl gagna og sönnunargildi. Varðveisla tölvugagna skal einnig byggja á þeirri meginreglu að upprunareglan sé höfð að leiðarljósi, líkt og tíðkast varðandi vörslu annarra gerða af skjölum. Nefndin benti á til eftirbreytni fyrir Ísland að upprunareglan væri grundvöllur rafrænnar skjalavörslu á erlendum skjalasöfnum.

Nefndin benti einnig á að ljóst væri að fleiri þyrftu að koma að vali eða mati á tölvuskjölum en pappírsgögnum. Hið sama gildi um alla aðra meðferð tölvuskjala. Ástæðan væri einfaldlega sú að erfiðara er að sjá hvert innihald tölvugagna er heldur en pappírsgagna, eða meta gildi þeirra. Til þessa þarf tæki og búnað, auk kunnáttufólks á sviði skjalavistunar og kerfisfræði, sagði í nefndaráli.

Varðveisluform tölvugagna verður að vera óháð vél- eða hugbúnaði

Tölvugagnanefnd komst einnig að þeirri niðurstöðu að varðveisluform tölvugagna verði að vera óháð vél- eða hugbúnaði. Varðveislun þarf enn fremur að byggja á alþjóðlegum stöðlum og geymslumiðillinn þarf að vera öruggur og staðlaður. Að öðru leyti mun varsla opinberra tölvugagna heyra undir sömu lög og önnur opinber gögn. Varslan er því á ábyrgð þjóðskjalasafns og er það sambærilegt við varðveislur tölvuskjala hjá nágrennaþjóðunum.

Þrjátíu ára reglan getur ekki átt við um tölvuskjöl

Í framhaldi af framansögðu kvað nefndin þjóðskjalasafn þurfa að ákveða staðla og setja reglur um á hvaða formi afhenda skal tölvugögn. Auk þess

skyldi safnið setja reglur um lýsigögn sem skulu fylgja afhendingu tölvuskjala. Sérfræðingar safnsins yrðu einnig að geta leiðbeint og aðstoðað við yfirfærslu á skilaskyld form ef með þyrfti. Einnig þyrfti að setja nýjar reglur um afhendingartíma eða aldur skjala. Þrjátíu ára reglan, sem í gildi er fyrir afhendingarskyld skjöl, getur ekki átt við um tölvuskjöl. Þrjátíu ára gömul yrðu tölvuskjöl löngu orðin tæknilega úrelt og óvíst að nokkur gæti lesið þau þegar að afhendingu kæmi. Nefndin taldi því brýnt að afhendingar- eða skilátími tölvugagna yrði stytur verulega eða niður í fimm ár, eins og víða væri miðað við erlendis, t.d. á Norðurlöndunum. Nefndin lagði til að lög um þjóðskjalasafnið yrðu uppfærð með hliðsjón af rafrænni skjalavörslu, t.d. að sett yrði í 6. grein 1. mgr. ákvæði um að skila beri tölvuskjölum eigi síðar en fimm árum eftir tilurð þeirra.

Tillögur um hvernig þjóðskjalasafn yrði búið undir varðveislur rafrænna gagna

Tölvugagnanefnd lagði fram tillögur í fjórum liðum um hvernig þjóðskjalasafn yrði búið undir að taka á móti rafrænum skjölum til varðveislur. Í fyrsta lagi að gerður yrði árangursstjórnunarsamningur við þjóðskjalasafnið þar sem skilgreint yrði til hvers væri ætlast af safninu í þessum efnum. Skyldi samningurinn m.a. kveða á um að safnið skilgreini lýsigögn sem fylgja þurfa öllum tölvugögnum og semji og gefi út leiðbeiningar um aðferðir við skil tölvugagna til safnsins. Miðað væri við að fylgja þeim stöðlum sem Danir höfðu sett.

Í öðru lagi að þjóðskjalasafni yrði gert mögulegt að ráða til sín starfsmann sem hefði það hlutverk að skipuleggja vörslu tölvugagna í safninu. Jafnframt yrði að veita safninu fé til að hægt yrði að koma upp nauðsynlegum tækjabúnaði og aðstöðu. Taldi nefnd-

in nauðsynlegt að veita safninu 10 milljónir króna strax á fyrsta árinu til þessa verkefnis og síðan árlega sömu fjárhæð.

Í þriðja lagði nefndin til að skorað yrði á dómsmálaráðuneytið að vinna að því að gera tölvugögn jafngild pappírsgögnum í gildandi lögum. Skilgreina þyrfti hvaða skilyrði tölvugögn þurfa að uppfylla til að teljast fullgild að lögum. Nefndin lagði áherslu á að þetta skilyrði væri forsenda þess að tækniframfarir á sviði rafrænnar skjalavörslu næðu fram að ganga og vísaði til Danmerkur sem fyrirmyndar.

Í fjórða og síðasta lagi var lagt til að lög um Þjóðskjalasafnið yrðu uppfærð með hliðsjón af rafrænni skjalavörslu, t.d. að sett yrði í 6. grein 1. mgr. ákvæði um að skila beri tölvuskjölum eigi síðar en fimm árum eftir tilurð þeirra.

Þjóðskjalasafn undirbýr varðveislu rafrænna gagna

Framangreindar tillögur tölvugagnanefndar urðu sá grunnur sem byrjað var að byggja á varðandi undirbúning Þjóðskjalasafns að því að taka upp vörslu rafrænna skjala. Gerður var árangurssamningur á milli menntamálaráðuneytis og Þjóðskjalasafns Íslands í árslok 1999. Fé fékkst til safnsins til að stuðla að því að það gæti hafið undirbúning að móttöku og vörslu tölvugagna. Í krafti þeirrar fjárveitingar var ný deild á sviði upplýsingatækni og útgáfu sett á laggirnar við safnið í ársbyrjun 2001 til að vinna að rafrænni skjalavörslu. Var starfsmaður ráðinn til að stýra deildinni strax á því ári. Næstu tvö árin voru ráðnir tveir starfsmenn til viðbótar við deildina.

Þjóðskjalasafn skal, lögum samkvæmt, sinna eftirliti og leiðbeiningum um rafræna skjalavörslu hins opinbera, líkt og gildir um vörslu upplýsinga sem varðveittar eru á pappír. Þess vegna er mikilvægt að ákveðnar og skilmerkilegar reglur gildi frá upphafi, um rafræn skjöl, meðferð þeirra, flokkun, skráningu, vörslu, grisjun og skil til skjalasafna.

Þar sem stjórnýsly Íslenska ríkisins er skylt að afhenda gögn sín til varðveislu á Þjóðskjalasafn hefur safnið unnið að því að móta stefnu um rafræna skjalavörslu og undirbúa móttöku rafrænna gagna til safnsins og varðveislu þeirra. Stór þáttur í þessari undirbúningsvinnu hefur falist í norrænu samstarfi, allt frá því á níunda áratugnum en frá því árið 1986 hefur Þjóðskjalasafnið tekið þátt í norrænu samstarfi um rafræna skjalavörslu. Árið 1991 hófst síðan samstarfsverkefni Þjóðskjalasafna Norðurlandanna fimm, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

undir yfirskriftinni TEAM (Tools for Electronic Archives Management).

Rafræn stjórnýsly

Söfnun upplýsinga í rafrænu formi er orðin mjög mikil hjá opinberum stofnunum og fyrirtækjum og á eftir að aukast enn frekar. Það á einkum við um opinber skjöl en einnig einkaskjöl. Varðveisla rafrænna skjala mun því í framtíðinni skipa æ stærri sess í starfsemi skjalasafna hér á landi, líkt og þróunin hefur sýnt erlendis.

Um miðjan tíunda áratuginn markaði ríkisstjórn Íslands sér stefnu um málefni upplýsingasamfélagsins, m.a. hvað snerti upplýsingatækni hins opinbera og rafræna stjórnýsly í nútíð og framtíð. Sérstök stefnumótun um þróun upplýsingasamfélagsins hafði ekki farið fram fyrr enda þótt upplýsingatækni hefði þá þegar lengi verið nýtt í þágu hins opinbera. Meðal markmiða ríkisstjórnarinnar var að endurskoða lög, gjöf, reglur og vinnubrögð stjórnýslunnar með tilliti til upplýsingatækni í því skyni að örva tæknilegar framfarir og gera upplýsingar aðgengilegar almennungi, án tillits til efnahags og búsetu. Jafnframt var sérstök áhersla lögð á að hugað yrði að nýtingu upplýsingatækni við miðlun opinberra upplýsinga og að öll upplýsingakerfi ríkisstofnana gerð þannig úr garði að hægt yrði að sækja þangað upplýsingar um lög, reglur, réttindi, skyldur o.þ.h. á vefnum. Ennfremur var lögð áhersla á að fólk gæti rekið erindi sín á vefnum, fylgst með framgangi mikilvægra mála og fengið alla þá þjónustu sem mögulegt væri að veita með þessum hætti.²⁴

Nefnd um rafræna stjórnýsly

Rafræn stjórnýsly felur í sér breytingar og kallar á nýjar leiðir við meðferð upplýsinga, bæði hvað snertir framkvæmd, tækjabúnað, miðlun og aðgengi að upplýsingum, auk þess sem lagalegt umhverfi þarf að vera með þeim hætti að rafræn stjórnýsly geti þróast í samræmi við lög. Davíð Oddsson þáverandi forsætisráðherra skipaði nefnd í nóvember árið 2000 til að skoða hvaða lagabreytinga væri þörf til að rafræn stjórnýsly gæti þróast og haft stoð í lögum. Í nefndinni voru lögfræðingarnir Páll Hreinsson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, formaður, Skúli Magnússon lektor við sömu deild og Kristján Andri Stefánsson deildarstjóri í forsætisráðuneytinu. Nefndinni var falið að kynna sér hvaða háttur væri hafður á í þessum efnunum á Norðurlöndum og undirbúa þær lagabreytingar

²⁴ Sjá: „Skýrsla nefndar um rafræna stjórnýsly.“ Reykjavík 2002, bls. 3.



Frá fundi norrænna sérfræðinga um rafræna skjalavörslu í Osló árið 2005.

sem hún taldi nauðsynlegar. Áhersla var lögð á að slíkar breytingar fælu eingöngu í sér lágmarkskröfur sem rétt þætti að gera þannig að stjórnvöldin gæti þróast óheft innan þess ramma eftir því sem tækni fleygir fram og efni og aðstæður leyfa, eins og segir í skýrslu nefndarinnar, sem út kom í október 2002.

Að beiðni nefndarinnar leitaði forsætisráðuneytið eftir álitum ýmissa aðila á drögum að skýrslu og tillögum nefndarinnar í júlí 2002, þar á meðal til Þjóðskjalasafns Íslands. Þjóðskjalasafnið skilaði athugasemdum sínum við skýrsludrögin í ágúst 2002.²⁵

Frumvarp til laga um rafræna stjórnsýslu

Í nóvember árið 2002 var lagt fram á alþingi frumvarp til laga um breytingu á stjórnsýslulögum nr. 37 frá 1993, eða nánar tiltekið frumvarp um rafræna stjórnsýslu. Í framsögu fyrir frumvarpinu sagði Davíð Oddsson þáverandi forsætisráðherra m.a. að tilgangurinn með frumvarpinu væri sá að nema á brott þær hindranir sem almennt kynnu að standa í vegi fyrir rafrænni stjórnsýslu og beina þróun slíkra stjórnsýsluhátta í æskilegan farveg. Forsætisráðherra kom einnig inn á mikilvægi rafrænnar skjalavörslu í framsögu

sinni. Skilvirk og örugg varðveisla rafrænna gagna væri forsenda þess að hægt væri að tala um rafræna stjórnarhætti. Þess vegna væri lagt til í 7. grein frumvarpsins að lögfest verði regla sem geri stjórnvöldum „skyld að varðveita rafræn gögn máls þannig, að unnt verði að sannreyna efni og uppruna þeirra síðar.“²⁶

Athugasemdir við frumvarp um rafræna stjórnsýslu

Áðurnefnd nefnd um rafræna stjórnsýslu fjallaði um frumvarpið í skýrslu sinni og sagði í athugasemdum hennar við 7. grein að af ýmsum ákvæðum laga leiði að nauðsynlegt sé að varðveita rafræn gögn, sbr. einkum lög nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, og upplýsingalög nr. 50/1996. Sagði nefndin að sú regla sem hér var lögð til tæki að sjálfsgöðu aðeins til gagna sem í eðli sínu eru varðveitanleg, en fæli ekki í sér að hljóðrita þurfi samræður í talsíma eða þess háttar.

Nefndin lagði áherslu á að ríkir opinberir hagsmunir eru bundnir við að unnt sé að ganga út frá falsleysi opinberra skjala og átti það einnig við um rafræn gögn, sem geta gegnt sama hlutverki og opinber málsskjöl samkvæmt frumvarpinu. Í samræmi við þetta er lögð sú skylda á herðar stjórnvöldum að þau gangi þannig frá rafrænum gögnum að hægt verði að

²⁵ „Skýrsla nefndar um rafræna stjórnsýslu.“ Reykjavík 2002, bls. 4–5.

²⁶ „Skýrsla nefndar um rafræna stjórnsýslu.“ Reykjavík 2002, bls. 29.

sannreyna uppruna þeirra og að efni þeirra sé óbreytt frá því að þau orðu til. Taldi nefndin ástæðu til að nefna að þótt rafrænar undirskriftir nýtist við að ganga úr skugga um falsleysi skjala á ákveðnu tímamarki yrði ekki gert ráð fyrir því að vottorð þessara undirskrifta verði gild nema í takmarkaðan tíma. Samkvæmt þessu verða stjórnvöld að ganga þannig frá varðveislu rafrænna skjala að síðar sé unnt að sannreyna falsleysi þeirra, þótt vottorð rafrænna undirskrifta séu ekki lengur gild og rafrænar undirskriftir skjala orðnar óvirkar.

Nefndin taldi að ef geymsla rafrænna skjala hins opinbera sé trygg mætti ganga út frá því að skjöl sem borist hafa stjórnvaldi á ákveðnu tímamarki séu óbreytt. Ekki skipti sköpum þótt vottorð rafrænnar undirskriftar sé ekki lengur til staðar, að mati nefndarinnar, ef gengið hefur verið úr skugga um falsleysi skjalsins við móttöku eða vistun þess og unnt er að vísa til þessarar könnunar síðar. Ekki þótti ástæða til þess að tilgreina nánar hvernig nákvæmlega skuli staðið að varðveislu rafrænna skjala, enda gæti margvísleg tækni nýst í þessu sambandi.²⁷ Frumvarpið varð að lögum nr. 51/2003, um breytingu á stjórnslulögum.²⁸

Talið nauðsynlegt að endurskoða lög um Þjóðskjalasafn Íslands

Forsætisráðherra benti á í umfjöllun um rafræna skjalavörslu árið 2002 að ýmis sérsjónarmið mundu eiga við um vörslu rafrænna gagna. Slík gögn væru til að mynda ekki aðgengileg nema með viðeigandi vél- og hugbúnaði. Varðveisla þeirra mundi ennfremur þurfa að vera „með þeim hætti, að ganga megi út frá, að þau séu óbreytt frá upprunalegri gerð. Samhliða því sem settar eru reglur um rafræna málsmeðferð stjórnvalda er því mikilvægt að fjallað verði um hvernig hagkvæmast sé að standa að vörslu slíkra gagna, bæði hjá stjórnvöldum og á Þjóðskjalasafni.“ Ríkisstjórnin hafði þess vegna ákveðið að skipa áðurgreinda nefnd til „að fjalla um lagaleg og tæknileg álitamál tengd skráningu, vistun og geymslu rafrænna gagna, eftir atvikum með það fyrir augum að endurskoða lög nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, að þessu leyti.“²⁹

Hlutverk Þjóðskjalasafns í breyttu umhverfi

Í skýrslu fyrrnefndar nefndar um rafræna stjórnslu, segir m.a. um hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands, að

þegar um rafræna stjórnslu sé að ræða verði að ætla að stjórnvöld muni afhenda Þjóðskjalasafni Íslands afrit af gögnum sínum en halda engu að síður þeim sömu gögnum áfram til haga í kerfum sínum. Þetta atriði endurspeglar augljósan eðlismun á hefðbundinni stjórnslu og rafrænni. Taldi nefndin þennan mun á rafrænni stjórnslu og hinni hefðbundnu leiða til þess að rétt væri að taka hlutverk Þjóðskjalasafn Íslands, að því er snertir rafræn gögn, til athugunar. Taldi nefndin hugsanlegt að Þjóðskjalasafnið gegndi ekki aðeins núverandi hlutverki sínu heldur yrði „því einnig falið að varðveita rafræn gögn í því skyni að unnt verði að sannreyna efni þeirra og uppruna. Þannig mætti koma á þeirri skipan að stjórnvöld afhentu Þjóðskjalasafni Íslands árlega afrit af gögnum sínum.“ Í framhaldi af þessu ályktaði nefndin að hægt yrði að leita til Þjóðskjalasafns Íslands og fá afrit af viðkomandi skjali, í því sama formi og það var þegar það var afhent safninu ef upp kæmi vafi um efni eða uppruna ákveðins skjals vegna áfalla í vinnslu upplýsinga hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi. Nefndin lagði hins vegar áherslu á að slíkt fyrirkomulag mætti þó ekki „draga úr ábyrgð sérhvers stjórnvalds á því að halda uppi viðunandi öryggi á hverjum tíma við vinnslu upplýsinga, þ.m.t. varðveislu þeirra, þannig að unnt sé að sannreyna efni og uppruna þeirra síðar á aðgengilegan hátt hjá hlutaðeigandi stofnun.“³⁰

Tillögur um aðgang að rafrænum gögnum

Um aðgang að rafrænum gögnum í Þjóðskjalasafni Íslands, sagði nefndin, að yrði farið að afhenda safninu rafræn gögn eða afrit gagna í einhverjum mæli fyrir hinn almenna þjástíu ára frest skv. 6. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands þá væri nauðsynlegt að endurskoða ákvæði 20. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996. Þar er mælt svo fyrir um gögn, sem lögin taka til og hafa verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands eða öðru opinberu skjalasafni að hlutaðeigandi safn skuli taka ákvörðun um hvort umbeðin gögn skuli sýnd eða hvort ljósrít skuli veitt af skjölum eða afrit af öðrum gögnum sé þess kostur. Að mati nefndarinnar myndi fara best á því að hlutaðeigandi stjórnvald, en ekki safnið, sæi um að veita aðgang að gögnum sem tengdust enn virkum hagsmunum. Það var mat nefndarinnar að hlutaðeigandi stjórnvald sé „almennt best í stakk búið til að meta hvort einhverjir þeir hagsmunir, sem njóta verndar 5. og 6. gr. upplýsingalaga, standa í vegi fyrir því að veita megi aðgang

²⁷ „Skýrsla nefndar um rafræna stjórnslu“, bls. 35.

²⁸ <http://www.althingi.is/alttext/stjt/2003.051.html>. Þingskjal 1158, 128. löggjafarþing 348 mál: stjórnslulög (rafræn stjórnslu). Lög nr. 51/2003, 20. mars 2003.

²⁹ <http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/374>.

³⁰ „Skýrsla nefndar um rafræna stjórnslu“, bls. 23.



Á fundi í apríl 2005 var aðferð danska Ríkisskjalasafnsins við vörslu rafræna gagna kynnt.

að gögnum. Fer því best á því, hér eftir sem hingað til, að hvert stjórnvald sjái um að veita aðgang að gögnum þess samkvæmt upplýsingalögum nr. 50/1996 allt þar til þrjátíu ár eru liðin frá tilurð gagna.”³¹

Lagt til að Þjóðskjalasafn hefði samstarf við Dani um varðveislu rafræna gagna

Tölvugagnanefndin, sem skipuð var 1997, ákvað að rétt væri að Þjóðskjalasafn styddist við reglur og vinnulag danska Ríkisskjalasafnsins um rafræn skjöl, bæði hvað snertir reglur um rafræn skjalakerfi og gagnagrunna og reglur sem lúta að móttöku og langtímavörslu rafræna skjala í Þjóðskjalasafni. Ástæðan fyrir að Danmörk varð fyrir valinu sem samstarfsaðili Íslands í þessu máli var sú að skjalavarsla opinberra aðila hér á landi byggir að miklu leyti á dönskum aðferðum. Ríkisskjalasafnið í Kaupmannahöfn varð fyrst norrænna safna til að taka við tölvuskram til varðveislu, á grundvelli markvissra reglna og aðferða, og býr nú yfir einni öflugustu tölvuskjaladeildinni á Norðurlöndum.

Samstarf Þjóðskjalasafnsins og Ríkisskjalasafnsins í Kaupmannahöfn

Í framhaldi af vinnu tölvugagnanefndarinnar hófust samningaviðræður milli Þjóðskjalasafns Íslands og

danska ríkisskjalasafnið um samstarf á sviði rafrænnar skjalavörslu. Sú ákvörðun var tekin hjá Þjóðskjalasafni, að höfðu samráði við danska Ríkisskjalasafnið, að taka upp aðferðir þess síðarnefnda við móttöku og vörslu rafræna gagna og nota leiðbeiningar þess og reglur um rafræna skjalavörslu.

Í ársbyrjun 2002 urðu stjórnarskipti í Danmörku sem urðu til þess að Ríkisskjalasafnið í Kaupmannahöfn var vegna skipulagsbreytinga ekki í stakk búið til að svara Þjóðskjalasafni um áframhaldandi samstarf um aðferðir og hugbúnað fyrir langtímavarðveislu tölvugagna. Þjóðskjalasafn beið niðurstöðu í málinu út árið 2002. Málið var þó einungis í biðstöðu og áframhalds að vænta árið eftir. Á meðan beiðið var niðurstöðu varðandi samstarfssamning Þjóðskjalasafns og Ríkisskjalasafnsins var unnið við þýðingar á dönsku reglunum. Á árinu 2003 voru samin drög að samkomulagi við Ríkisskjalasafnið um samvinnu á sviði langtímavarðveislu tölvuskjala. Vinnu við þýðingu dönsku reglnanna var haldið áfram á árinu 2004.

Árið 2005 var skrifað undir samning við Ríkisskjalasafnið í Kaupmannahöfn um notkun danskra aðferða og tækni við langtímavarðveislu tölvugagna. Sá samningur tryggir Þjóðskjalasafni, afnot af reglum og leiðbeiningum Ríkisskjalasafnsins, ókeypis afnot af þeim forritum safnsins er lúta að prófun og meðferð rafræna skjala og gagna, aðgang að sérfræðipækkingu gegn greiðslu og aðgang að þjálfun fyrir starfsfólk. Síðla árs lágu lokadrög að þýðingum dönsku reglnanna fyrir.

³¹ „Skýrsla nefndar um rafræna stjórnsýslu“, bls. 23.

Tilraunaverkefni um skil á rafrænum gögnum

Árið 2005 hóf Þjóðskjalasafn tvö tilraunaverkefni um skil á rafrænum gögnum til langtíma vörslu í Þjóðskjalasafni. Annað verkefnið var unnið með embætti ríkisskattstjóra og snerist um færa gagnagrunn þaðan til vörslu í Þjóðskjalasafni. Hitt verkefnið snýst um afhendingu rafræns bréfasafns menntamálaráðuneytisins samkvæmt hinu dönsku reglum. Verkefnin eru hluti stefnunnar „Auðlindir í allra þágu,“ sem ríkisstjórnin hleypti af stokkunum um upplýsingasamfélagið. Meginmarkmið tilraunaverkefnanna eru:

1. Að taka út skjalavörslukerfi/skjalastjórnarkerfi MRN og rafræn gagnkerfi RSK, með því að skrá og tilkynna þau til Þjóðskjalasafns á grundvelli draga að reglum um skil og langtíma vörslu rafrænna gagna hins opinbera sem Þjóðskjalasafn undirbýr.
2. Að búa til skilahæfar útgáfur af skjölum úr skjalavörslukerfi menntamálaráðuneytis og á gögnum úr einum eða tveimur rafrænum gagnagrunnum embættis ríkisskattstjóra. Slík vörsluútgáfa yrði byggð á reglum danska Ríkisskjalasafnsins sem Þjóðskjalasafn hefur samið um að nota og þýða.
3. Að afla þekkingar, tækja og forrita sem og reynslu á því sviði sem afhending/móttaka vörsluútgáfu rafrænna skjalavörslukerfa eða gagnagrunna krefst og býður upp á. Menntamálaráðuneytið hefur í rúmlega 10 ár skráð, samið og skannað inn skjöl í rafrænu skjalavörslukerfi. Því er vænlegt að vinna með því embætti að rafrænum skilum. Hið sama gildir um embætti ríkisskattstjóra. Þar hefur verið unnið brautryðjandastarf á sviði rafrænnar stjórnarsýslu og þar er til mikið magn rafrænna gagna sem þarf að varðveita til langframa.
4. Að leggja grunn að markvissu verklagi við skil á rafrænum gögnum til Þjóðskjalasafns.
5. Að meta hvaða ný verkefni/verkbættir verða til hjá stofnunum í kjölfar nýrra reglna um rafræna skjalavörslu/skjalastjórn og skjalaskil.

Ákveðið var að leggja áherslu á annað verkefnið í einu og byrja á því að færa einn gagnagrunn hjá embætti ríkisskattstjóra til vörslu í Þjóðskjalasafni.

Það verkefni komst vel á veg á árinu 2005. Þegar báðum tilraunaverkefnum er lokið verða gefnar út reglur skil á rafrænum gögnum og í framhaldi af því hafist handa við að taka við rafrænum gögnum opinberra aðila.


Könnun á rafrænni skjalavörslu ríkisstofnana

Áður en hafist yrði handa við móttöku og vörslu rafrænna gagna í Þjóðskjalasafni var talið nauðsynlegt að kanna umfang og eðli rafrænnar skjalavörslu og annarrar rafrænnar gagnavinnslu hjá opinberum aðilum. Árið 2004 vann hópur sérfræðinga Þjóðskjalasafns að gerð spurningalista til að senda til opinberra stofnana. Safnið sendi spurningalistann fyrst og fremst til að kanna umfang og eðli rafrænnar skjalavörslu og annarrar rafrænnar gagnavinnslu en einnig var spurt um ýmis atriði varðandi meðferð og varðveislu skjala á pappír. Könnunin var rafræn og fengu svarendur senda slóð á veffang þar sem hægt var að svara spurningunum. IMG Gallup sá um framkvæmd könnunarinnar fyrir Þjóðskjalasafn. Könnuninni lauk í ágúst 2004. Hún hafði verið send til 350 aðila og bærust svör frá 254 eða 72,5%.

Skýrsla um skjalavörslu ríkisstofnana

Unnið var úr könnuninni strax í kjölfar hennar. Skýrsla Þjóðskjalasafnsins um skjalavörslu ríkisstofnana kom síðan út í maílok 2005 undir yfirskriftinni: Rafræn skjala- og gagnavarsla ríkisstofnana. Af því tilefni bauð safnið, starfsmönnum Stjórnarráðsins, seljendum skjalavörslukerfa og fleirum til fundar í húsakynnum safnsins. Á fundinum var fjallað um helstu niðurstöður könnunarinnar, greint frá tilraunaverkefni um afhendingu rafrænna skjala og gagnagrunna og samstarfi Þjóðskjalasafns og Ríkisskjalasafns Dana á þessu sviði. Sérstakur gestur á fundinum var Kirsten Villadsen Kristmar frá danska Ríkisskjalasafninu. Hún greindi fundarmönnum frá hugmyndafræðinni sem danskar reglur um afhendingu og varðveislu rafrænna gagna byggjast á og ræddi ýmsa þætti danska kerfisins.

Rekstur





Fjárhagur Þjóðskjalasafns Íslands 1988–2005

Útgjöld Þjóðskjalasafns Íslands skiptast í þrjá meginflokkka: Launagjöld, húsnæðiskostnað og almenn rekstrargjöld.

Þjóðskjalasafn Íslands tók við húsnæði sínu að Laugavegi 162 haustið 1986 og þar með urðu miklar breytingar á útgjöldum safnsins frá fyrri árum. Rekstrarkostnaður safnsins, hvað varðaði mannafla og almenn rekstrargjöld, hafði verið svipaður undanfarinn áratug og engar breytingar á starfseminni sem boðuðu aukin útgjöld. Rekstur Safnahússins við Hverfisgötu var á sér reikningi utan almenns reksturs safnanna tveggja sem þar voru til húsa. Leiguhúsnæði hafði safnið á tveimur stöðum, að Laugavegi 172 og Geirsgötu 1. Á árinu 1985 var leigusamningum sagt upp. Nýtt leiguhúsnæði við Hesthálss fékkst haustið 1985 og í desembermánuði sama ár voru hús að Laugavegi 162 keypt fyrir safnið.

Með viðbótarhúsnæði var leyst í bili úr stórfelldri húsnæðisþörf og unnt var að flytja stór skjalasöfn í geymslur sem áður voru í vörslu afhendingaraðila. Var því um að ræða mestu breytingu á högum safnsins frá upphafi. Breytingar á húsnæði, stórfelldur flutningur á skjölum og kostnaður sem óhjákvæmilega féll til við flutninga settu svip sinn á rekstur árunna 1985–1989. Starfsliði var fækkað og allur rekstur skorinn niður. Var hallarekstur óhjákvæmilegur þar sem talsverður tími leið uns tekið var tillit til þessara þátta við afgreiðslu fjárlaga.

Framlög ríkisins og útgjöld safnsins hækkuðu nokkuð árin 1994 og 1995 vegna Lýðveldishátíðarsýningar sem haldin var í samvinnu við Þjóðminjasafn árið 1994. Verulegur niðurskurður varð síðan árið 1996.





Jón Ásgeir Jónsson við skjalamóttöku á Laugavegi 162.

Árið 1996 flutti safnið úr geymslu að Hesthálsi í geymsluhús að Laugavegi 164a. Árið 1996 var sérstaklega þungt í skauti og var hallinn kominn í um 15 milljónir enda féll flutningskostnaður með fullum þunga á safnið. Var gripið til strangra aðhaldsaðgerða til að ná rekstrinum á réttan kjöl en að ýmsu leyti hefur reksturinn borið þess merki síðan.

Árið 1998 flutti þjóðskjalasafnið endanlega úr Safnahúsinu við Hverfisgötu og voru flutningar þessir allkostnaðarsamir og komu verulega við fjárhag safnsins.

Árið 1987 lagði nefnd sem fjallaði um skjalasöfn Stjórnarráðsins til að tölvudeild yrði stofnuð við safnið og ráðnir að henni 7 starfsmenn. Sú tillaga náði þó ekki fram að ganga. Tölvudeild var ekki sett á laggir fyrr en árið 2000 en þá var rekstrarammi safnsins aukinn sem því svaraði. Verkefni tölvudeildarinnar er að annast varðveislu rafrænna skjala og miðlun upplýsinga til almennings um vefsíðu safnsins.

Laun og húsnæðiskostnaður eru viðamestu gjalda-

liðirnir. Launakostnaður var um 60% af heildarkostnaði safnsins árið 1988 en er um 72 af hundraði heildarkostnaðar safnsins árið 2005 og sést það glögggt af mynd 3.

Sértekjur safnsins hafa vaxið mikið eftir aldamótin. Munar mestu um að safnið hefur unnið að heimildasöfnun fyrir Óbyggðanefnd en það verkefni er flókið og tímafrekt og þar hefur verið lögð áhersla á vönduð vinnubrögð. Vöxtur sértekna er einvörðungu vegna þessa verkefnis sem mun standa amk til 2011.

Mikil aukning skjala í vörslu safnsins hefur aukið álag á starfsfólk sem annast afgreiðslu úr um það bil 30 hillukílómetrum skjala umfram það sem var í vörslu þess árið 1985. Er ljóst að verkefni safnsins munu vaxa í réttu hlutfalli við safnkostinn og verður að bregðast við því á næstu árum.

Ávallt hefur verið stefnt að skilgreindum markmiðum og forgangsraðað í rekstrinum. Frá 1999 hefur safnið starfað samkvæmt árangursstjórnunarsamningi við menntamálaráðuneytið.

Samningur milli menntamálaráðuneytis og Þjóðskjalasafns

Samningur var gerður á milli menntamálaráðuneytis og Þjóðskjalasafns Íslands, í árslok 1999, í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um árangursstjórnun í ríkisstofnunum. Samningurinn gildi frá 1. janúar 2000 til 31. desember 2002. Heimilt var að endurskoða hann ef ófyrirséðar aðstæður myndu valda því að ákvæði væru talin óraunhæf að mati beggja samningsaðila. Undirbúningur að endurnýjun samningsins skyldi hefjast a.m.k. þremur mánuðum áður en samningstíma lyki.

Í samningnum var kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirra verkefna sem Þjóðskjalasafni Íslands höfðu verið falin. Tilgangurinn var að festa í sessi ákveðin atriði í samskiptum ráðuneytis og stofnunar, ásamt því að draga fram áherslur vegna stefnumótunar og áætlanagerðar. Samningurinn breytti í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á starfsemi stofnunarinnar eða þeim stjórnsýsluskyldum sem henni eru ætlaðar lögum samkvæmt. Rekstrarframlag Þjóðskjalasafnsins yrði eftir sem áður ákveðið á fjárlögum. Af hálfu menntamálaráðuneytis var samningurinn háður samþykki Alþingis á fjárlagatillögum ráðuneytisins.

Meginmarkmið Þjóðskjalasafnsins á samningstímanum voru framkvæmdir við húsnæði safnsins

og endurskoðun skjalavörslumála í þeim tilgangi að bæta aðgengi að skjölum og mæta breyttum aðstæðum í skjalavörslu nútímans auk þess að sinna hefðbundnum verkefnum. Til að ná þessum markmiðum var stefnt að því að koma þeim húsakynnum safnsins í notkun, sem þá voru ófullbúin, stofna tölvudeild til að geta sinnt varðveislu tölvuskjala, taka við skjölum vegna einkavæðingar ríkisbanka, hafa eftirlit með skjalageymslum og skjalavistunarkerfum skilaskyldra aðila, umpakka og ganga frá skinnbréfum í öryggisgeymslu og móta forvörslustefnu. Markmið varðandi aðgengi að skjölum voru þau að unnið yrði að skráningu skjala, endurskoðun handbóka um skjalavörslu og að sýningar yrðu haldnar á skjölum og þeirri sögu sem þau geyma.

Menntamálaráðuneytið átti, samkvæmt samningnum, að beita sér fyrir því að fjárveitingar til Þjóðskjalasafns yrðu í samræmi við framangreind markmið svo þau mættu nást.

Megináherslur í starfi safnsins samkvæmt árangurssamningi

Starfsemi Þjóðskjalasafns tók mið af framangreindum samningi á gildistíma hans árin 2000–2002. Áherslur í starfi safnsins fólust í fyrsta lagi í að koma í notkun nýjum skrifstofum og lestrarsal í Húsi 2 og skjala-



Frá heimsókn menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, í Þjóðskjalasafn 21. október 2005. F.v. Björk Ingimundardóttir, Unnur Birna Karlsdóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.

geymslum í húsi 4. Framkvæmdir við húsnæði voru að vísu utan ramma árangurssamningsins og utan rekstrarramma en þar sem markmið safnsins eru mjög háð því að af nauðsynlegum framkvæmdum verði þá voru endurbætur á húsnæðinu settar á listann með öðrum markmiðum tímabilsins. Stefnt var að því að reyna að koma skrifstofum, lestrarsal og skjalageymslum í notkun í samræmi við fjárveitingar sem heimilaðar yrðu á fjárlögum hverju sinni.

Í öðru lagi var stofnuð upplýsinga- og tæknideild til að geta sinnt varðveislu rafræna gagna. Á samningstímanum þurfti að vinna að gerð staðals um langtíma varðveislu tölvugagna, móta reglur um rafræna skjalavörslu og undirbúa móttöku rafræna gagna.

Í þriðja lagi setti safnið sér á samningstímanum að umpakka og ganga frá skinnbréfum í vörslu safnsins í nýjar umbúðir og setja í öryggisgeymslu. Því verki lauk á tímabilinu.

Í fjórða lagi blasti við að taka þyrfti á móti skjölum vegna einkavæðingar ríkisbanka. Búa þurfti í haginn fyrir safnið að taka á móti því skjalamagni sem því myndi berast vegna einkavæðingar bankanna. Forsenda þess að geta tekið við þessum skjalasöfnum, til viðbótar við önnur sem fyrirsjáanlega mundu berast þar að auki, var að koma skjalageymslum í húsi 4 í notkun. Einnig var brýnt að vekja athygli einkavæðingarnefndar á þeim kostnaði sem falla myndi á Þjóðskjalasafnið vegna væntanlegrar einkavæðingar ríkisbankanna.

Í fimmta lagi var áfram unnið að eftirliti með skjalageymslum og skjalavistunarkerfum skilaskyldra aðila, stofnana hins opinbera og með héraðskjalasöfnum.

Í sjötta lagi var unnið að mótun nýrrar forvörslustefnu.

Í sjöunda lagi var stefnt að því að unnið yrði að skjalaskráningu, t.d. að innslætti eldri skjalaskráa í gagnagrunn Þjóðskjalasafnsins.

Hafist var handa við endurskoðun handbóka Þjóðskjalasafnsins um skjalavörslu, með tilliti til fenginnar reynslu, breytinga í rekstri og starfsumhverfi hins opinbera og í samræmi við staðal um skil tölvugagna sem unnið var að á samningstímanum.

Í níunda lagi stóð Þjóðskjalasafnið að sýningum á ýmsum skjölum sem varðveita heimildir um sögu lands og þjóðar.

Gagnkvæmar skyldur samningsaðila


Árangurssamningurinn á milli menntamálaráðuneytisins og Þjóðskjalasafnsins fól í sér verklagsreglur um samstarf og gagnkvæmar skyldur samningsaðila. Í 6. grein samningsins sagði að Þjóðskjalasafn Íslands skyldi vera reiðubúið til samstarfs við aðrar menningar- og menntastofnanir eftir því sem tilefni gæfust



Fjármálaráðherra í heimsókn í Þjóðskjalasafni Íslands. F.v. Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður og Geir H. Haarde fjármálaráðherra.

og hagkvæmt þætti fyrir báða aðila. Í 6. grein var einnig kveðið á um að Þjóðskjalasafnið skyldi gæta hagkvæmni í rekstri og starfa í samræmi við samninginn og fjárlög. Safnið átti að hefja undirbúning að sundurliðaðri fjárhagsáætlun um starfsemi og rekstur komandi árs á hverju ári eftir að fjárlagafrumvarp hefði verið lagt fram á Alþingi. Leggja bar helstu niðurstöður ársáætlunar fyrir menntamálaráðuneytið í febrúar ár hvert, þegar tekið hefði verið tillit til afgreiðslu fjárlaga og greiðslustöðu í upphafi árs. Samhliða því skyldi leggja fram fjárlagatillögur og nauðsynlegar upplýsingar vegna verkefnavisa fyrir næsta ár. Þjóðskjalasafnið skyldi senda árlega greinargerð þar sem ráðuneytinu væri kynnt hvernig til hefði tekist um framkvæmd verkefna liðins árs, með samþanburði á áformum og árangri. Samráðsfundir skyldu haldnir minnst einu sinni á ári þar sem farið væri yfir framgang umsaminna verkefna, áætlun næsta árs og fjárlagatillögur.

Menntamálaráðuneytið skyldi leggja mat á árangur starfsemi Þjóðskjalasafns út frá greinargerð safnsins um framkvæmd þeirra verkefna sem samningurinn kvað á um. Mat þetta skyldi liggja fyrir eigi síðar en mánuði eftir að safnið léti greinargerð sína í té. Ráðuneytið mundi vekja athygli Þjóðskjalasafnsins á laga- og reglugerðarbreytingum er varða starfssvið stofnunarinnar og kynnu að hafa áhrif á framkvæmd þeirra verkefna sem samningurinn náði til.



Bjarni Þórðarson fjármálastjóri. Eldri myndin er frá 1990.



Nýr samningur gerður árið 2005

Síðla árs 2005 var unnið að gerð nýs samnings milli Þjóðskjalasafns og menntamálaráðuneytis. Samningurinn var frágenginn og undirritaður þann 29. desember 2005 og mun gilda frá 1. janúar 2006 til 31. desember 2010, en verða endurskoðaður árlega. Tilgangur samningsins er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli ráðuneytis og stofnunar, auk þess að draga fram megináherslur í allri starfsemi safnsins, t.d. hvað snertir starfsmannastefnu, faglega stefnumótun og forgangsroðum og framvindu verkefna. Kveðið er á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirra verkefna sem safninu hafa verið falin. Markmið og tímasetningar verða sett fram í ársáætlunum og gerð grein fyrir árangri í ársskýrslum. Nokkrir málaflokkar, sem gerð verður grein fyrir í framangreindum skýrslum og áætlunum, eru:

- Viðtaka tölvuskjala til varðveislu.
- Endurskoðun geymsluskraá.
- Eftirlit með skjalavörslu.
- Skráning skjalasafna.
- Endurskoðun handbóka um skjalavörslu og leiðbeiningarrita.
- Námskeið í skjalavörslu.
- Móttaka skjala vegna einkavæðingar ríkisbanka/ ríkisstofnana.
- Stafræn afritun tiltekinna heimildaflokka í forvörslu og miðlunarskyni.

Samningurinn breytir í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á starfsemi stofnunarinnar eða þeim stjórnsluskyldum sem henni eru ætlaðar samkvæmt lögum. Framlag ríkissjóðs til Þjóðskjalasafns Íslands er ákveðið í fjárlögum fyrir hvert ár. Verði um aukningu á sértekjum að ræða leiðir það, samkvæmt samningnum, ekki til lækkunar á framlagi ríkissjóðs. Samningurinn hljóðar einnig upp á að menntamálaráðuneyti muni beita sér fyrir því að fjárveitingar verði í samræmi við markmið þau sem samningurinn lýsir.

Rannsóknir, útgáfa, sýningar

IVNYT
2 • 2007

Arkiv
Dan
adr

St
s

ARK

no
AR

lag

Digitalis
arkivverk



Alternativ
i Riksarkiv



ands Nationalarkiv
ler 125 år

vielse af nyt
agasin til

hvervs



Jubile
kring

Två g
Wetterling

Nedgang i
torskefangst,
opgang for arkiverne

208

213



Frá sýningu um Kristni í 1000 ár í Þjóðmenningarhúsi árið 2000.

Rannsóknir

Samkvæmt lögum nr. 66 frá 1985, 4. gr. 7. tl., um Þjóðskjalasafn Íslands skal safnið efla þekkingu á þjóðarsögunni og stuðla að rannsóknum á henni. Þetta markmið hefur verið haft að leiðarljósi. Sérfræðingar safnsins hafa sinnt rannsóknum á sviði skjalfræði, handritafræði og sagnfræði, ásamt því að sinna rannsóknum á skjalasöfnum, skráningu þeirra, útgáfu skjalaskráa og sögu skjalamyndara. Skjalfræðirannsóknir hafa falist í gerð skjalavistunarkerfa og ritun handbóka um notkun skjalasafna og handbóka um skjalavörslu hins opinbera. Sagnfræðirannsóknir hafa beinst að ýmsum þáttum í sögu landsins: stjórnisýslusögu, verslunar- og hagsögu, sögu félagsamtaka, iðnsögu, sögu tiltekinna þátta atvinnulífs og þjóðfélagsþróunar, kirkjusögu, tónlistarsögu, sögu atburða og einstaklinga. Handritarannsóknir hafa snúið að útgáfu merkilegra skjala sem eru viðkvæm og lítt aðgengileg notendum.

Skrif um skjalfræðileg efni og málefni skjalasafna

Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins hafa tekið þátt í norrænu og alþjóðlegu samstarfi við skjalasöfn og skjalaverði og skrifað greinar í erlend ráðstefnu- og fagrit um skjalasöfn og skjalavörslu. Dæmi um slíkar greinar eru:

Bjarni Þórðarson: „Fremtid.“ *Rapporter til 19. Nordiske Arkivdage år 2000.* (Viborg 2000), bls. 94–95.

Guðmundur Magnússon: „Lov og edb-dokumenter.“ *Rapporter til 19. Nordiske Arkivdage år 2000.* (Viborg 2000), bls. 93.

Kristjana Kristinsdóttir og Ragnheiður Mósesdóttir: „Appraisal and disposal of documents in Iceland.“ *Baltic – Nordic Archival Seminar on Appraisal and Disposal in Þärnu October 11–13, 1995.* (Helsinki 1997), bls. 38–42.

Kristjana Kristinsdóttir: „Fältarbetet i arkiven.“ *Arkiven bör inte bara anas utan också synas.“ Rapporter til de 17_nordiske arkivdagene i Hamar 10.–13. august 1994.* (Oslo 1994), bls. 225–247.

Kristjana Kristinsdóttir: „The Turning Point in 1985. The History of Appraisal and Disposal of Records in Iceland.“ *Archival Science.* 3 (Dordrecht, Hollandi) 2004, bls. 1–6.

Ólafur Ásgeirsson: „Archival legislation, Iceland.“ *Archivum XL,* (München 1995), bls. 295–299.

Ólafur Ásgeirsson: „Arkivariernas utbildning i ett internationellt sammanhang.“ *16:e Nordiska Arkivdagarna. Härnösand 11.–14. juni 1991. Mötesrapport.* (Arkiv í Norrland 11), Örnköldsvik 1992, bls. 46–56.

Ólafur Ásgeirsson: „Datamaskiner: daggrý for mekaniseret data processing.“ *Rapporter til 19. Nordiske Arkivdage år 2000.* (Viborg 2000), bls. 89–92.

Ólafur Ásgeirsson: „De islandske arkiver ved århundredeskiftet.“ Vest-nordisk arkivkonference Island – 1999. (Reykjavík 2002), bls. 36–51.

Ólafur Ásgeirsson: „Oral Tradition in Icelandic Genealogy.“ *Archivum* (München 1991), bls. 189–193.

Ólafur Ásgeirsson: „The ideal of completeness. Demographic sources in Iceland and their utilization.“ *Fonti Archivistiche e ricerca demographica*. (Róm 1996), bls. 245–251.

Stefán F. Hjartarson: „Arkiven bör inte bara anas utan också synas.“ *Rapporter til de 17 nordiske arkivdagene i Hamar 10.–13. august 1994*. (Oslo) 1994, bls. 67–81.

Samstarfsverkefni á sviði útgáfu og rannsókna og aðstoð við einstök verkefni

Á undanförnum tveimur áratugum hefur Þjóðskjalasafnið átt samstarf við marga aðila á sviði rannsókna og útgáfu heimilda auk þess að leggja viðamiklum rannsóknarverkefnum lið. Safnið býr ekki að sérstakri aðstöðu fyrir fræðimenn, eins og nauðsynlegt er í stofnun sem stuðla vill að rannsóknum, en vinnuherbergi hafa verið látn í té í einstöku tilvikum, ef þess hefur verið kostur. Sem dæmi um slík stærri verkefni má fyrst nefna að Þjóðskjalasafn aðstoðaði við gerð yfirlits um kirkjueignir á tímabilinu 1597–1994, sem gert var að tilstuðlan kirkjumálaráðuneytisins og kirkjueignanefndar.

Í öðru lagi er samstarfsverkefni við Óbyggðanefnd þar sem sérfræðingar safnsins hafa unnið að grundvallarrannsóknum á heimildum um jarðeignir og landamerki þeirra jarða sem fjallað er um á vettvangi nefndarinnar. Sérstaklega er vakin athygli á því að Þjóðskjalasafn kemur að þessu máli sem fulltrúi almennings og er leitast við að draga fram í dagsljósið öll tiltæk skjöl, sem tilheyra hverju máli, til afnota fyrir alla málsaðila.

Safnið hefur alla tíð leitast við að veita aðstoð þegar viðamikil verkefni eru á dagskrá og nauðsynlegt að leggja mikla vinnu í heimildaleit. Dæmi um slíkt er aðstoð safnsins í samstarfi við utanríkisráðuneytið við Pétur Thorsteinsson sendiherra er hann vann að ritverki sínu um sögu utanríkisþjónustunnar.

Þá hefur Þjóðskjalasafn verið aðili að samstarfsverkefni Íslands og Rússlands um útgáfu skjala sem varða samskipti landanna á sviði utanríkismála 1943–2003. Sérfræðingar safnsins hafa unnið að því máli en Þjóðskjalavörður á sæti í ritnefnd verksins.

Á sviði heilbrigðisráðuneytisins vann Páll Sigurðs-

son fyrrverandi ráðuneytisstjóri að sögu heilbrigðisráðuneytisins og hafði aðstöðu á Þjóðskjalasafni á meðan á því verki stóð.

Unnur B. Karlsdóttir sagnfræðingur vann að sérfræðiskýrslu fyrir heilbrigðisráðuneytið, byggða á gögnum ráðuneytis og landlæknisembættis.

Hugrún Reynisdóttir sagnfræðingur vann að ritun sögu viðskiptaráðuneytisins og hafði til þess aðstöðu á Þjóðskjalasafni og aðgang að skjalasafni ráðuneytisins sem þar er í vörslu. Rannsókn Hugrúnar var jafnframt MA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands. Áður á vegum viðskiptaráðuneytisins hafði Einar Benediktsson sendiherra notið aðstoðar safnsins, er hann ritaði bók um inngöngu Íslands í EFTA.

Á verksviði samgönguráðuneytisins hefur Heimir Þorleifsson rannsakað sögu pósts og síma og hafa rit hans um þessi efni komið út.

Höfundar sögu Stjórnarráðs Íslands, sem kom út á árinu 2004, höfðu aðstöðu í safninu og aðgengi að skjalasafni Stjórnarráðsins. Þjóðskjalavörður sat jafnframt í ritstjórn sögu Stjórnarráðsins.

Þjóðskjalasafn hefur átt samstarf við Ættfræðifélagið um heimildaútgáfu, nánar tiltekið útgáfu Manntals 1910. Safnið hefur einnig veitt gerð ættfræðigrunnis Íslendingabókar sérstaka fyrirgreiðslu en að henni standa Friðrik Skúlason og Íslensk erfðagreining (deCode).

Iðnsaga Íslendinga hefur alla tíð haft tengsl við Þjóðskjalasafnið bæði hvað snertir húsnæði og aðstoð við heimildaleit. Iðnsagan hefur staðið fyrir yfirgripsmiklum rannsóknum á sögu atvinnuvega og hefur Þjóðskjalasafnið lagt þar lið með aðstoð við heimildaöflun.

Útgáfa

Ákvæði um útgáfustarf Þjóðskjalasafns Íslands voru fyrst sett inn í lög um safnið nr. 13/1969, en þar segir, í 2. gr. 2. lið, að gefa skuli út prentaðar eða fjölritaðar skrár um afhent skjalasöfn til leiðbeiningar um notkun þeirra. Fram að þeim tíma höfðu gilt reglugerðar-ákvæði, sem fyrst voru sett árið 1900. Í reglugerðum safnsins var gert ráð fyrir útgáfu yfirlitsskrár um öll skjöl, sem afhent höfðu verið safninu. Sú útgáfa virðist hafa átt að þjóna þeim sem afhentu skjöl fremur en þeim sem ætluðu að nota þau. Ákvæði núgildandi laga um Þjóðskjalasafnið, þ.e. lög nr. 66/1985, um gerð og útgáfu skjalaskráa er þau sömu og voru í lögnum frá 1969. Hins vegar bættust ný ákvæði við lögina árið 1985 þar sem kveðið er á um að Þjóðskjalasafnið skuli gefa út leiðbeiningarrit um skjöl og skjalavörslu til þess að stuðla að fræðslu og leiðbeiningum fyrir afhendingarskylda aðila og skjalaverði opinberra stofnanna (sbr. 4. gr. 2. og 3. liður).

Skjalaverðir Þjóðskjalasafns hafa lagt stund á fræðistörf og heimildaútgáfu, allt frá því að Jón Þorkelsson fyrsti landsskjalavörður og síðan þjóðskjalavörður stóð að útgáfu *Íslensks fornbréfasafns* í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag. Annað stórt útgáfuverkefni sem hófst í hans tíð var útgáfa *Alþingisbóka Íslands* í samvinnu við Sögufélagið. Hannes Þorsteinsson þjóðskjalavörður hélt þeirri útgáfu áfram. Hann stóð einnig að útgáfu fleiri merkilegra heimilda, t.d. að útgáfu á *Annálmum 1400–1800* í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag. Eftir hann liggur einnig handrit í 66 bindum, undir yfirskriftinni *Æfir lærdra manna*, ásamt greinargerð hans um verkið og heimildir þess. Jón Þorkelsson og Hannes Þorsteinsson sáu einnig um útgáfu greinasafns um fróðleik gamlan og nýjan, sem Sögufélagið gaf út, og bar titilinn *Blanda*. Skjalaverðir Þjóðskjalasafns unnu áfram fram eftir öldinni að útgáfu heimilda og hinna ýmsu rita í samvinnu við útgefendur á borð við Sögufélagið og Hið íslenska bókmenntafélag. Í þeim flokki voru t.d. *Alþingisbækurnar*, en Gunnar Sveinsson tók við útgáfu þeirra árið 1966 og lauk henni árið 1990. Síðan hóf Gunnar undirbúning að útgáfu dóma yfirréttarins forna. Björk Ingimundardóttir tók við verkinu eftir að hann lést.

Málþing og greinasafn um manntalið frá 1703

Þjóðskjalasafn Íslands og Hagstofa Íslands stóðu fyrir málþingi um *Manntalið 1703* þann 15. nóvember 2003 í tilefni 300 ára afmælis manntalsins. Málþingið var haldið í húsakynnum Hagstofu Íslands í samstarfi við Sagnfræðingafélagið, Sagnfræðistofnun og Félag um 18. aldar fræði. Erindi fræðimanna, sem flutt voru við þetta tilefni, birtust í greinasafni sem þjóðskjalasafn og Hagstofa stóðu að og út kom í árslok 2005 undir yfirskriftinni *Manntalið 1703 þrjúhundruð ára. Greinar í tilefni afmælis*. Ritstjórar eru Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalasafni og Ólöf Garðarsdóttir Hagstofu Íslands og þau rita jafnframt inngang. Höfundar greina eru innlendir og erlendir fræðimenn, þar á meðal eru tveir starfsmenn þjóðskjalasafns Íslands.

Útgáfa bréfa Jóns Guðmundssonar ritstjóra til Jóns Sigurðssonar forseta

Einar Laxness, cand. mag., sagnfræðingur og starfsmaður þjóðskjalasafns, hefur undanfarin ár unnið að samantekt bréfa Jóns Guðmundssonar, ritstjóra Þjóðólfs og alþingismanns, til Jóns Sigurðssonar forseta. Hér er um að ræða 20 ára bréfaskriftir, þ.e. frá árunum 1855–1875. Áður hafði Einar tekið saman bréf Jóns Guðmundssonar til sama viðtakanda frá

árunum 1845–1855. Þau birtust í ritinu *Bréf til Jóns Sigurðssonar. Úrval*, 2. bindi (Reykjavík 1984), sem gefið var út á vegum Bókaútgáfu Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins.

Bréf þessi eru varðveitt bæði í handritadeild Landsbókasafns og í Þjóðskjalasafni. Þau eru samtals 191, og eru þar meðtaldar ýmsar styttri orðsendingar. Bréfin frá 1845–1855 eru alls 47, en þau sem nú eru í útgáfu eru 144, frá árunum 1855–1875. Einar hefur ritað þessi bréf upp og auk þess tekið saman athugasemdir og skýringar, til gagns fyrir notendur.

Bréf Jóns ritstjóra til Jóns forseta eru gagnmerk heimild um þessa tvo forystumenn í þjóðfrelsisbaráttu Íslendinga á 19. öld.

Gert er ráð fyrir að bréfasafnið verði gefið út á vegum Þjóðskjalasafns árið 2007, á tvö hundruð ára afmæli bréfritarans, sem fæddur var árið 1807.

Skjalaskrár

Þjóðskjalasafnið leggur áherslu á að gefa út skrár yfir skjalasöfn í varðveislu þess, enda er eitt mikilvægasta hlutverk skjalasafna að flokka og skrá skjöl sem þau varðveita og búa þau í hendur notenda, fræðimanna og almennings. Heimildir verða með því móti tiltækar og mikilvæg þekking, sem skjalaverðir hafa á unnið sér í starfi, kemur almenningi til góða. Við gerð skjalaskráa er í sumum tilvikum jafnframt gerð grein fyrir hlutverki og þróun viðkomandi stofnunar eða embættis og efnisflokkun skjalasafnsins útskýrð í inngangi skrár. Skráning viðkomandi safns er grundvallaratriði í skjalavörslu og nauðsynleg til þess að hægt sé að nota safnið. Skjalaskrár með heildaryfirliti yfir skjalasöfn og skjalaflokka þeirra veita einnig nauðsynlega innsýn í embættisrekstur og stjórnábyrgð hér á landi. Gæði skjalaskráa ráðast einkum af því hversu nákvæmlega er farið yfir söfnin og hvernig upplýsingum um þau og hlutverk viðkomandi embættis er komið á framfæri við notendur. Í skjalaskrá sem gefnar hafa verið út eftir 1952 er einnig rakin saga embætta þar sem viðkomandi skjalasöfn hafa orðið til, og fjallað um skjölin, innihald og flokkun o.fl. Þessar skjalaskrár hafa verið aðgengilegar til notkunar fyrir gesti þjóðskjalasafns á lestrarsal. Sumar skrárnar eru í fjölríti en aðrar hafa verið gefnar út innbundnar. Eftirtaldar skrár hafa verið gefnar út á prenti:

Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík I.1. Skjalasafn hirðstjóra, stiptamtanna og landshöfðingja. Reykjavík 1903.

Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík II. Skjalasöfn klerkdóms. Reykjavík 1905–1906.

Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík III. Öxarárþing.- Yfirréttur hinn forni.- Landsyfirdómur.- Sýslur.- Hreppar.- Sáttanefndir.- Umboð. Reykjavík 1910.

Skrár Þjóðskjalasafns - I. Skjalasafn landlæknis 1760–1946. Reykjavík 1952.

Skrár Þjóðskjalasafns - II. Prestþjónustubækur og sóknarmannatöl. Reykjavík 1953.

Skrár Þjóðskjalasafns - III. Biskupsskjalasafn. Reykjavík 1956.

Bráðabirgðaskrár Þjóðskjalasafns 1. Skrá um skjalasöfn sýslumanna og sveitastjórna I,1 – I,4. Reykjavík 1973.

Skrár Þjóðskjalasafns - Nýr flokkur 1. Skjalasafn landfógeta 1695–1904. Reykjavík 1987.

Skrár Þjóðskjalasafns - Nýr flokkur 2. Einkaskjalasöfn. Reykjavík 1993.

Skjalaskrár á vef Þjóðskjalasafns

Stefnt er að því að búa allar geymsluskrár Þjóðskjalasafnsins til vefútgáfu. Nokkrar skrár yfir skjalasöfn í vörslu Þjóðskjalasafns hafa þegar verið gerðar aðgengilegar og leitarbærar á vef safnsins. Þær skrár, sem tilbúnar voru og aðgengilegar á vef þjóðskjalasafns í árslok 2005, eru skjalasöfn Hins danska kansellís, Kirkjustjórnarráðs, Rentukammers, Skólastjórnarráðs og Íslensku stjórnardeildarinnar.

Skjalaskrár á vefnum

| Skjalasafn | Frá árinu | Til ársins | Fjöldi eininga |
|--------------------------|-----------|------------|----------------|
| Hið danska kansellí | 1549 | 1848 | 8.532 |
| Kirkjustjórnarráð | 1635 | 1791 | 1.244 |
| Rentukammer | 1683 | 1848 | 18.338 |
| Skólastjórnarráð | 1800 | 1848 | 315 |
| Íslenska stjórnardeildin | 1848 | 1906 | 6.431 |

Handbækur um skjalavörslu

Gerð og útgáfa leiðbeiningarrita um skjalavörslu hefur verið stór þáttur í útgáfu Þjóðskjalasafns. Markmiðið með slíkri útgáfu felst ekki aðeins í fræðslugildi þeirra heldur varðveitir hún einnig þá þekkingu á skjalasöfnum og starfsháttum opinberra stofnana og embætta sem starfsmenn Þjóðskjalasafns hafa aflað sér. Sú þekking nýtist safninu í því þjónustu- og leiðbeiningarhlutverki sem það gegnir. Þjóðskjalasafnið hefur á undanförnum árum staðið að gerð og útgáfu handbóka um skjalavörslu. Tilgangurinn með útgáfu slíkra handbóka er að veita leiðbeiningar um hvernig haga skuli flokkun, skráningu, varðveislu og grisjun skjala í viðkomandi stofnunum og hvernig ganga skuli frá skjalaafhendingum til Þjóðskjalasafns. Handbækur safnsins eru:

Handbók um skjalavörslu Stjórnarráðs Íslands. Þjóðskjalasafn Íslands. Reykjavík 1991.

Þjóðskjalasafn Íslands

• Hvers leitar þú? • Heim

| | Skjalasafn | Frá árinu | Til ársins | Fjöldi eininga | Leita Fletta |
|--------------------|--------------------------|-----------|------------|----------------|--------------|
| Skjalavarsla | Hið danska kansellí | 1549 | 1848 | 8532 | |
| Skjalaskrár | Kirkjustjórnarráð | 1635 | 1791 | 1244 | |
| Heimildagrunnar | Rentukammer | 1683 | 1848 | 18338 | |
| Sýningar – Fræðsla | Skólastjórnarráð | 1800 | 1848 | 315 | |
| Athending skjala | Íslenska stjórnardeildin | 1848 | 1906 | 6431 | |
| Þjónusta | | | | | |
| Héraðsskjalasöfn | | | | | |
| Um Þjóðskjalasafn | | | | | |

Til upplýsingar um þær skrár sem birtar eru á vef Þjóðskjalasafns Íslands

Hafa þer hugfast að þær geymsluskrár sem birtast hér á vef Þjóðskjalasafnsins eru ekki allar fullbúnar. Þannig vantar enn skráningarfærslur yfir bókhald og ýmis sérmál í geymsluskáp yfir skjalasöfn Rentukammers og Íslensku stjórnardeildarinnar. Til að nálgast umrædd mál þurfa notendur safnanna að leita í eldri geymsluskrár safnanna.

Unnið er að frekari uppfærslu geymsluskrána.

Skjalavarsla stofnana. Handbók. Þjóðskjalasafn Íslands. Reykjavík 1995.

Þjóðskjalasafnið hefur einnig gefið út leiðbeiningarit um skjalavörslu sveitarfélaga í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga:

Skjalavarsla sveitarfélaga. Fræðslurit 17. Þjóðskjalasafn Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga. Reykjavík 1997.

Auk framangreindra handbóka hafa verið tekin saman ýmis fjölrít sem endurskoðuð eru reglulega og innihalda leiðbeiningar og fyriræmi Þjóðskjalasafns um ýmislegt er varðar skjalavörslu. Dæmi um slíkt er fjölrítið *Afhending skjala og gerð geymsluskrár*. Þar eru veittar leiðbeiningar um frágang skjalasafns, gerð geymsluskrár yfir skjalasafn og hvernig haga ber afhendingu þess til Þjóðskjalasafns. Bæklingurinn er einnig aðgengilegur á rafrænu formi á vef Þjóðskjalasafnsins: www.skjalasafn.is, undir liðnum „afhendingar skjala opinberra aðila.“

Heimildaútgáfa

Þjóðskjalasafn hefur staðið að útgáfu tveggja rita á sviði heimildaútgáfu:

Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar. Heimildaútgáfa Þjóðskjalasafns I. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfu. Þjóðskjalasafn Íslands. Reykjavík 1979.

Prestastefnudómar og bréfabók Gísla biskups Þorlákssonar. Heimildaútgáfa Þjóðskjalasafns II. Bjarni

Vilhjálmsson og Júníus Kristinsson sá um útgáfu. Þjóðskjalasafn Íslands. Reykjavík 1983.

Upplýsinga- og leiðbeiningarit

Þjóðskjalasafn hefur gefið út upplýsingarit um starfsemi safnsins og notkun skjala í vörslu þess:

Heimildaleit í Þjóðskjalasafni. Þjóðskjalasafn Íslands. Reykjavík 1996.

Þjóðskjalasafn Íslands. Grundvöllur og hlutverk. Þjóðskjalasafn Íslands. Reykjavík 1996.

Þjóðskjalasafn Íslands. Í tilefni af þingi norrænna skjalavarða sem haldið var í Reykjavík sumarið 2003 var gefinn út stuttur kynningarbæklingur um safnið á íslensku, dönsku og ensku.

Kennsluefni

Lestur skjala og handrita hefur verið kenndur í nokkur ár við sagnfræðiskor Háskóla Íslands á námskeiðunum „Íslands- og Norðurlandasaga II (1550–1830)“ og „Skjalasöfn og skjalavarsla.“ Til kennslu í þeim námskeiðum var tekið saman efni með sýnishornum ritheimilda til æfinga við nám í lestri skriftar frá miðri 16. öld til miðrar 19. aldar. Titill kennsluheftisins er:

Skjalalestur, sýnishorn ritheimilda. Þjóðskjalasafn Íslands. Reykjavík 2001.

Þjóðskjalasafn Íslands kostaði útgáfu kennsluheftisins en hluti af undirbúningi var greiddur af styrk



úr Kennslumálasjóði Háskólans. Að samantektinni stóðu Kristjana Kristinsdóttir á Þjóðskjalasafni og Már Jónsson dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands en ýmsir fleiri innan Þjóðskjalasafns og utan aðstoðuðu við gerð ritsins. Um er að ræða bráðabirgðaútgáfu sem ætlunin er að nota í tvö til þrjú ár til reynslu og með endurskoðun slíks námsefnis í huga.

Ráðstefnurit

Fulltrúar Þjóðskjalasafnsins hafa sótt allar helstu norrænar og alþjóðlegar ráðstefnur um skjalasöfn og skjalavörslu. Þjóðskjalasafnið hefur staðið að útgáfu eftirtalinnna ráðstefnurita að loknum slíkum ráðstefnum:

Rapporter. De XV. Nordiske Arkivdage. Laugarvatn. Island 6.–9. August 1987. Ritstjóri Aðalgeir Kristjánsson. Þjóðskjalasafn Íslands. Reykjavík 1987.

Vest-nordisk arkivkonference. Island 1999. Rapporter. Ritstjórar Eiríkur G. Guðmundsson og Kristjana Kristinsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands. Reykjavík 2002.

Þjóðskjalasafn átti einnig aðild að gerð ráðstefnurita Nordiske Arkivdage árin 1991, 1994 og 1997, en frá árinu 2000 hafa ritin komið út á rafrænu formi.

Nordisk Arkivnyt

Tímaritið *Nordisk Arkivnyt* er gefið út af þjóð- og ríkisskjalasöfnunum á Norðurlöndunum. Tímaritið

kemur út fjórum sinnum á ári og birtir greinar um málefni ríkisskjalasafnanna og ýmis konar fréttir úr faginu. Tímaritinu er dreift til ríkisskjalasafna Norðs, Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands og u.þ.b. 140 áskrifenda. Í byrjun ársins 2005 tók Þjóðskjalasafn Íslands við útgáfu *Nordisk Arkivnyt* af Finnum og mun sjá um útgáfu þess næstu fimm árin. Fyrsta tölublað ársins 2005 kom úr prentun 23. mars 2005. Ritstjórn tímaritsins er í höndum aðalritstjóra og fimm svæðisritstjóra, einum frá hverju landi. Ritstjórnin ákveður efni og áherslur. Hver svæðisritstjóri er ábyrgur fyrir efnisöflun í sínu landi. Aðalritstjóri tímaritsins árin 2005–2009 er Eiríkur G. Guðmundsson, sviðsstjóri upplýsinga- og útgáfusviðs Þjóðskjalasafns Íslands.

Rafræn útgáfa og miðlun

Árið 2001 var stofnað nýtt svið í Þjóðskjalasafni Íslands, upplýsinga- og útgáfusvið. Hið breytta umhverfi, sem skapast hefur í kjölfar tölvutækni og rafrænnar miðlunar kallaði á að slíkt svið væri stofnað og fékk Þjóðskjalasafn til þess sérstaka fjárveitingu. Sviðstjóri var ráðinn snemma árs 2001 og næstu þrjú árin var starfsmönnum fjölgað til að vinna að auknum verkefnum þess. Fyrsta verkefnið var heildarendurskoðun heimasíðu safnsins.

Ný og aukin heimasíða var formlega opnuð 9. október 2001, en var aukin verulega að efni næstu mánuði þar á eftir. Með þessum nýja vef var þjónusta við almenning aukin verulega og fyrstu skrefin tekin í miðlun valdra heimilda safnsins um vefinn. Árið 2003 var sett upp aðstaða á safninu fyrir stafræna ljósmyndun til að leysa ljósritun af hólmi þegar afrita þarf skjöl safnsins.



Frá norrænum skjaladegi í Þjóðskjalasafni 8. nóvember 2003.

Frá stofnun hefur meginhlutverk sviðsins verið að undirbúa safnið undir móttöku rafrænna gagna til varðveislu og að annast upplýsingatækni, útgáfu- og kynningarmál. Frá stofnun og fram til 2004 var unnið að þróun og endurbótum á tölvukerfi safnsins og gerð heimasíðu. Upplýsinga- og útgáfusvið Þjóðskjalasafns hefur frá upphafi sinnt ýmsum og ólíkum verkefnum á sviði útgáfumála og miðlunar. Sum lúta að útgáfu á prenti en önnur að birtingu nýrra gagnagrunna og sýninga á heimasíðu en henni er m.a. ætlað að gera skjalaskrár og margvísleg önnur gögn aðgengileg á netinu. Upplýsingar um starfsemina eru þar og nefna má að norrænt fagorðasafn, með þýðingum á ensku, hefur verið gert aðgengilegt á heimasíðu Þjóðskjalasafns.

Manntöl

Á nýjum vef Þjóðskjalasafns haustið 2001 var fyrsti vísir að manntalsgrunni safnsins með upplýsingum úr manntalinu 1703. Með þessu var mörkuð ný braut safnsins í miðlun heimilda með stafrænum hætti í leit- og birtum gagnagrunni. Síðan hefur vefbirting manntala haft forgang hjá safninu í þeirri viðleitni að auka aðgengi fólks að mikilvægum menningarverðmætum sem það varðveitir.

Stafræna gerð manntalsins 1703 kom frá Hagstofu Íslands en hana átti eftir að yfirfara og leiðrétta. Á árunum 2002–2005 hefur verið unnið að innslætti upplýsinga úr manntölunum frá 1835, 1870, 1880 og 1901. Friðrik Skúlason lét Þjóðskjalasafni í té hluta upplýsinga úr manntalinu 1835 úr sínum grunni og var bætt við þær upplýsingar áður en þær voru birtar á netinu. Auk þess hefur safnið samið við Hálfðan Helgason um afnot af innslætti hans á manntölunum 1816 og 1880 og einnig fengið færslur úr manntalinu 1870, sem slegnar voru inn undir handleiðslu bandaríks sagnfræðings, Daniel Vasey. Alls voru innslagnar manntalsfærslur í fórum safnsins orðnar 296.019 í árslok 2005.



Innsláttur gagna úr manntalinu 1901 sumarið 2004.



Forsíða vefjar Þjóðskjalasafns á ýmsum tímum. Fyrsti vefurinn 1998, nýr vefur 2001 og loks vefurinn eins og hann leit út í desember 2005.

Árið 2003 hófst samstarf Þjóðskjalasafns og Ólafar Garðarsdóttur, sagnfræðings og sérfræðings hjá Hagstofu Íslands, um innslátt upplýsinga úr manntölunum 1870 og 1880. Á því ári störfuðu háskólanemar við innslátt upplýsinga úr áðurgreindum manntölunum. Afraksturinn varð tæplega 45 þúsund færslur.

Sumarið 2004 störfuðu tveir háskólanemar að innslætti á manntalinu 1901, auk þess sem annar þeirra lauk við innslátt upplýsinga úr manntalinu 1880. Með þessu starfi bættust 18.400 færslur í safnið. Ólöf Garðarsdóttir kom fyrst og fremst að verkinu sem þátttandi í alþjóðlegu rannsóknarverkefni North Atlantic Population Project (NAPP), sem styrkt er af bandaríska vísindastjóðnum.

Sumarið 2005 lauk skráningu gagna úr manntalinu 1880 og áfram var unnið að skráningu gagna úr manntalinu 1901. Alls bættust 10.054 færslur í safnið það ár. Nýsköpunarsjóður námsmanna strykta verkið þetta sumar.

Á árinu 2005 var manntalsgrunnur Þjóðskjalasafns endurskipulagður og inniheldur nú leiðrétta útgáfu manntalsins 1703 og manntalið 1835. Bæði þessi manntöl eru þó ekki að fullu prófarkarlesin. Rætt hefur verið við Ættfræðifélagið um stuðning við verkið. Ætlunin er að í fyrstu lotu verði í manntalsgrunni Þjóðskjalasafns Íslands öll manntöl í fórum safnsins frá og með manntalinu 1703 til og með manntalinu 1901.

Kvikfjartalið frá 1703

Kvikfjartalið frá 1703 er, ásamt *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1702–14 og manntalinu 1703, einstæð heimild fyrir hag- og félagsögurannsóknir. Kvikfjartalið er varðveitt úr 100 hreppum af 163. Það hefur ekki verið gefið út og er lítt rannsakað. Markmið Þjóðskjalasafns er að ráða bót á þessu með því að gefa það út bæði á prenti og rafrænt. Fyrsta skrefið í þá átt var að slá efni kvikfjartalsins inn á tölvu, og fékkst 4 mannmánaða styrkur úr Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2004 til að hefja verkið. Safnið stóð eitt undir kostnaði við innslátt kvikfjartalsins sumarið 2005 en þá tókst að ljúka honum. Þjóðskjalasafn lagði einnig fram fjármagn til verksins. Með þessu framtaki vill safnið vinna að því að ný þekking skapist um hagi landsmanna og búskaparhætti fyrr á tíð, svo sem vitneskja um fjölda búfjár og eignarhald á kvikfé. Þá er víða getið um skuldastöðu kvikfjareigenda. Útgáfa á kvikfjartalinu mun einnig opna möguleika á samanburði við þær upplýsingar sem *Jarðabókin* og manntalið frá 1703 hafa að geyma.

Skólavefur

Eitt af markmiðum Þjóðskjalasafns Íslands er að koma safnkosti á framfæri við almenning eins og kostur er og styðst það markmið við 4. laga nr. 66/1985. Skólavefur Þjóðskjalasafnsins er ein leið til að þjóna þessu markmiði en hann var formlega opnaður 11. október 2002 með athöfn í Þjóðskjalasafni. Vefurinn hófst sem samstarfsverkefni Þjóðskjalasafns og Fjölbrautaskólans við Ármúla á fyrri hluta árs 2002. Síðar bættist Kvennaskólinn í Reykjavík í hópinn. Lykilatriði er að vefurinn byggir á samstarfi við kennara í íslenskum framhaldsskólum og gæti tekið til margra námsgreina, sem þar eru kenndar. Segja má að skólavefurinn sé aðferð til að virkja þann sköpunarkraft sem felst í slíku samstarfi og jafnframt tengir hann saman námsefni framhaldsskólanna og skjöl á Þjóðskjalasafni. Á þann hátt fæst lifandi innsýn í horfinn heim sem vonandi eykur skilning og áhuga kennara og nemenda á sögu lands og þjóðar.



Starfshópur sem vann að gerð skólavefs ÞÍ. F.v. Jón Torfason, Eiríkur G. Guðmundsson og Benedikt Jónsson frá Þjóðskjalasafni og Eygló Eiðsdóttir og Margrét Gestsdóttir frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla.

Þjóðskjalasafnið hefur lagt til starfskrafta, aðstöðu og fjármagn til skólavefsins, og er jafnframt eigandi hans. Verkefnið hefur einnig tvívegis fengið styrk úr Þróunarsjóði framhaldsskóla. Samvinna Þjóðskjalasafns og framhaldsskóla hefur verið farsæl. Verkaskipting hefur verið sú að samstarfsaðilar hafa í sameiningu valið skjöl til að birta á skólavefnum. Starfsmenn Þjóðskjalasafns hafa séð um ljósmyndun skjala, innslátt og aðra vinnu tengda birtingu efnis á vefnum. Framhaldsskólakennarar hafa skrifað um baksvið skjalanna og sett í samhengi við kennsluefnið, samið spurningar og verkefni fyrir nemendur, búið til orðskýringar við heimildatextana og tekið saman heimildaskrá, sem miðast við aðstöðu nemenda til að nýta sér þær.

Á upphafsári skólavefsins var unnið að átta viðfangsefnum í íslensku og sögu. Síðar bættust við tvö viðfangsefni í sögu. Alls hafa því tíu viðfangsefni verið unnin í samstarfi við Fjölbrautaskólann við Ármúla. Þau eru:

- Baksvið Íslandsklukkunnar
- Dulsmál
- Kópavogsfundur
- Manntalið 1703
- Minnispointar Gerlachs
- Reykholtsmáldagi
- Siðbreytingin
- Stóridómur
- Skaftáreldar
- Sjöundármál

Árið 2004 höfðu Þjóðskjalasafn og Kvennaskólinn í Reykjavík samstarf um gerð íslenskuverkefnis á skólavefnum. Afrakstur þessa samstarfs var eitt viðfangsefni, sem var langt til lokið í árslok 2004 og tengist baksviði skáldsögunnar *Sjálfstætt fólk* eftir Halldór Laxness.

Síðla árs 2004 mátti finna ellefu viðfangsefni á skólavefnum, sem skiptast þannig á milli námsáfanganna að 2 viðfangsefni hafa eingöngu verið gerð fyrir námsáfangann *Íslensku 403*, 3 fyrir námsáfangann *Sögu 103* og eitt fyrir námsáfangann *Sögu 203*. Þá hafa verið gerð 5 viðfangsefni sem bæði snerta námsáfangana *Íslensku 403* og *Sögu 103* og eru eins að öðru leyti en því að verkefni eru mismunandi fyrir *Íslensku 403* annars vegar og *Sögu 103* hins vegar.

Þjóðskjalasafn stefnir að því að þróa skólavefinn áfram í samstarfi við þá aðila sem þegar hafa tekið höndum saman um gerð vefsins og aðra áhugasama framhaldsskóla sem vilja taka þátt í verkefninu. Síðar verður hugað að því að þjónusta grunnskóla og háskóla með hliðstæðum hætti.

Sýningar

Þjóðskjalasafn hefur haldið ýmsar sýningar á skjölum um sögu lands og þjóðar.

- 1985** Haldin var sýning í anddyri Safnahússins í tilefni af 20 ára afmæli viðgerðarstofu Þjóðskjalasafns. Sýndar voru mismunandi aðferðir við viðgerðir á skjölum og skjöl fyrir og eftir viðgerð.
- 1990** *Skjöl í 800 ár.* Sýning á skjölum og kynning á Þjóðskjalasafni Íslands. Sýningin var haldin í Bogasal Þjóðminjasafns. Þar var leitast við að vekja athygli á fjölbreytni þeirra heimilda sem Þjóðskjalasafn Íslands geymir og þræða söguna í skjölum allt frá dögum Snorra Sturlusonar til tölvugagna nútímans. Þetta var fyrsta stóra sýningin á skjölum Þjóðskjalasafns og því vel við hæfi að á henni var Reykjavoltsmál-

dagi (Reykholtsmáldagi), elsta skjalið í vörslu safnsins, máldagi kirkjunnar í Reykholti í Borgarfirði, en elsti hluti hans mun vera frá árinu 1185. Sýnd voru skemmd skjöl og viðgerðir á þeim. Einnig var til sýnis gamalt einfalt band, hvernig það er varðveitt og öskjur sérsniðnar utan um bækur. Sýnd voru gömul skinnblöð sem varðveist hafa sökum þess að þau voru notuð í band utan um skjöl. Bæklingur var gefinn út í tilefni sýningarinnar.

- 1993** *Fram til fullveldis.* Sýning á skjölum og ljósmyndum í tilefni af 75 ára afmæli fullveldis á Íslandi 1. desember 1993. Á sýningunni var þess minnst að 1. desember þetta ár voru liðin 75 ár frá því að Ísland varð fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku. Í tilefni þess voru sýnd ýmis skjöl sem tengjast sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og spanna tímabilið frá því fyrst var farið að nefna breytingar á landsréttindum í kringum 1830 og til þess tíma er Íslendingar urðu fullvalda þjóð með eigin stjórnarskrá, þjóðfána og skjaldarmerki.
- 1994** *Leiðin til lýðveldis.* Sýning Þjóðskjalasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins. Sýningin var haldin í Morgunblaðshúsinu nr. 6 við Aðalstræti þar sem endurbætur stóðu yfir á húsi Þjóðminjasafns við Suðurgötu. Á sýningunni voru skjöl og munir úr sögu sjálfstæðisbaráttunnar, frá 1830 og fram til 1944 að Ísland varð lýðveldi.
- 1995** Sýning viðgerðarstofu Þjóðskjalasafns í anddyri Safnahússins í tilefni af 30 ára starfi forvörsludeildar safnsins. Sýnt var hvernig skjöl og handrit gátu verið útleikin Sýnd voru fúin skjöl, mygluð, óhrein, músétin, blettótt eftir vatnsleka eða olíuefni svo dæmi séu tekin.



- 1996** Sýning á teikningum franska arkitektsins André Devys af Flughöfn Reykjavíkur frá árinu 1933. Sýningin, sem opnuð var 11. október, var haldin í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Á sýningunni voru teikningar franska arkitektsins André Devys frá árinu 1933 sem sýna tillögur hans að Flughöfn Reykjavíkur. Þær höfðu ekki áður verið sýndar opinberlega á Íslandi.
- 2000** Þann 8. desember 2000 var opnuð í Þjóðskjalasafni sýning um Jón Þorkelsson fyrsta þjóðskjalavörð Íslands, sem hóf störf í Landskjalasafni 8. desember 1899. Sýningin bar yfirskriftina „Söfn þessi eru sómi og gagn allrar þessarar þjóðar“ og var helguð því að 100 ár voru liðin frá því að Jón Þorkelsson tók við embætti sem landsskjalavörður. Sýningin stóð uppi í húsakynnum safnsins að Laugavegi til 2001.
- 2000** *Kristni í 1000 ár.* Sýning á þúsund ára sögu kristni á Íslandi. Sýningin var samstarfsverkefni Kristnihátíðarnefndar, Þjóðskjalasafns og Þjóðmenningarhúss. Sýningin, sem opnuð var 17. júní árið 2000, var haldin í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu og stóð til ársins 2002.
- 2001** Sett var upp sýning í húsakynnum Þjóðskjalasafns að Laugavegi 162 sem bar yfirskriftina „Saga og minni“. Hún var helguð ævistarfi Einars Laxness, sagnfræðings, sem lét af störfum hjá Þjóðskjalasafninu þetta sama ár.
- 2002** Á árinu voru settar upp tvær sýningar í húsakynnum Þjóðskjalasafnsins í tilefni þess að 3. apríl 2002 voru 120 ár liðin frá stofnun Landsskjalasafns sem síðar varð Þjóðskjalasafn Íslands. Annars vegar var sýning sem bar yfirskriftina „Hvað viltu vita?“ Þar voru sýnd ýmis skjöl sem lýsa sögu byggðarlaga og einstaklinga. Hluti þessarar sýningar var einnig settur upp í Gerðubergi í Breiðholti vorið 2003, sjá síðar.
- Hins vegar var sýning sem bar yfirskriftina „Einokunaverslun á Íslandi“. Sýnd voru hin ýmsu skjöl sem tengjast einokunaversluninni og sögu hennar í tilefni þess að 400 ár voru liðin frá því að einokunaverslun var komið á hér á landi árið 1602.
- Þessar tvær sýningar voru einnig birtar á vef Þjóðskjalasafnsins.
- 2003** Árið 2003 voru settar upp tvær sýningar í húsakynnum Þjóðskjalasafnsins. Önnur bar yfirskriftina „Manntalið 1703“ og var sett upp í tilefni þess að 300 ár voru liðin frá því að þessi merkilega heimild um íslenskt samfélag varð til.
- Hin sýningin, sem bar yfirskriftina „Þrjár stjórnarskrár 1874–1944“, var sett upp í tilefni

af því að Ríkisskjalasafnið í Kaupmannahöfn afhenti Íslendingum frumrit stjórnarskrárinnar frá 1874. Sýningin sýndi sögu þriggja stjórnarskráa Íslands, þ.e. stjórnarskrárinnar frá 1874 (Stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands), stjórnarskrárinnar frá 1920 (Stjórnarskrá konungsríkisins Íslands) og frá árinu 1944 (Stjórnarskrá lýðveldisins).

- 2003** Sett var upp sýningin „Hvað viltu vita?“ í sýningarsal Gerðubergs í Breiðholti í samstarfi við Gerðuberg og var hún hluti sýningar sem Þjóðskjalasafn hafði sett upp árið 2002 undir sömu yfirskrift. Á sýningunni í Gerðubergi voru sýndar heimildir sem lýsa sögu uppbyggingar í Breiðholti í máli, myndum og skjölum.
- 2004** Á árinu tók Þjóðskjalasafn þátt í undirbúningi og uppsetningu tiltekens hluta sýningar Þjóðminjasafns sem opnuð var í húsakynnum þess við Suðurgötu, undir yfirskriftinni: „Þjóð verður til.“ Hafði Þjóðminjasafn í ársbyrjun 2004 óskað eftir samstarfi við Þjóðskjalasafn um gerð margmiðlunarsýningar þar sem manntalið 1703 yrði meginviðfangsefnið og skyldi þessi sýning vera hluti nýrrar grunn-sýningar safnsins. Í margmiðlunarsýningunni um manntalið 1703 er lögð áhersla á að sýna hversu merk heimild um þjóð og byggð manntalið er. Fjallað er um aðdraganda að töku þess og framkvæmd og gerð manntala erlendis fyrr á tímum. Ýmiskonar myndefni er sýnt á meðan texti er lesinn, þar á meðal myndir af blaðsíðum úr frumriti manntalsins 1703 og myndir af hlutum í Þjóðminjasafni sem tengja má við einstaklinga sem skráðir eru í manntalinu. Auk þess lánaði Þjóðskjalasafn skjöl og myndir af skjölum til grunnsýningar Þjóðminjasafns.

Skjaladagar

Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn héldu tvívegis svokallaðan skjaladag á tíunda áratugnum. Í fyrria skiptið árið 1992 og í síðara skiptið árið 1998. Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn kynntu starf sitt með því að hafa opið hús fyrir almenning. Gafst gestum kostur á að skoða sýningar á skjölum og fá leiðsögn um söfnin.

Norrænn skjaladagur

Norrænn skjaladagur hefur verið haldinn frá því árið 2001. Meginmarkmiðið með er að kynna skjalasöfn á Norðurlöndum, bæði þjóðskjala- og héraðsskjalasöfn, og minna á hlutverk þeirra í samfélaginu.

2001 Laugardaginn 10. nóvember árið 2001 var haldinn norrænni skjaladagur á Þjóðskjalasafni Íslands. Þennan dag var Þjóðskjalasafnið með opið hús, heitt á könnunni fyrir gesti og skjalasýningu. Starfsfólk kynnti jafnframt starfsemina og leiðbeindi gestum, sem gátu t.d. kynnt sér gögn um uppruna sinn. Nokkur héraðsskjalasöfn höfðu einnig opið hús þennan dag.

Þema dagsins þetta ár var ást, kærleikur og umhyggja. Sýndar voru heimildir eða skjöl sem báru t.d. vitni um hrifningu á náttúru landsins, ættjarðarást, ást til maka og skyldmenna, vináttu, náungakærleik eða ræktarsemi við heimabyggð eða skóla.

2002 Á norræna skjaladeginum 9. nóvember 2002 bauð Þjóðskjalasafnið gestum að kynna sér starfsemi þess, skoða sýningu á skjölum í vörslu safnsins og fá leiðsögn um skjalageymslur. Auk þess var boðið upp á sýningu um einokunarverslunina sem hafði verið á vef safnsins. Þema skjaladagsins að þessu sinni var fjölbreytni hinna ýmsu félaga landsins. Sérstök áhersla var lögð á verslunarfélög. Í Þjóðskjalasafni eru skjöl 500–600 félaga og var valið úr þeim til sýningar þennan dag.

2003 Gert var meira úr dagsskrá Þjóðskjalasafns á Norræna skjaladeginum árið 2003 en árin á undan. Daginn bar upp á 8. nóvember og undirbjó Þjóðskjalasafn sýningu og dagskrá í samvinnu við landlæknisembættið. Flutt voru erindi tengd rannsóknunum um heilsufar landsmanna fyrr á tímum, sem m.a. byggðu á skjölum landlæknisembættis í vörslu Þjóðskjalasafns. Sérstakir gestir safnsins á þessum degi voru Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra, Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Sigurður Guðmundsson landlæknir og starfsfólk landlæknisembættisins. Við setningu skjaladagsins í Þjóðskjalasafni afhenti menntamálaráðherra landlækni innrammaða fyrstu prentuðu skjalaskrá landlæknisembættisins, sem Þjóðskjalasafnið gaf út um miðja síðustu öld. Heilbrigðisráðherra opnaði sýningu á skjölum landlæknisembættisins sem sett var upp í hátíðasal Þjóðskjalasafnsins. Við það tilefni afhenti Ólafur Ásgeirsson Þjóðskjalavörður Jóni Kristjánssyni heilbrigðisráðherra skrautritað vottorð um fæðingu og skírni þess síðarnefnda.

Árið 2003 var komið upp sérstöku léni fyrir skjaladaginn; <http://www.skjaladagur.is/>.



Nefnd um undirbúning norræna skjaladagsins 2003. F.v. Sólveig Magnúsdóttir héraðsskjalavörður í Mosfellsbæ, Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður, Jóna Torfadóttir héraðsskjalavörður í Borgarnesi og Jón Torfason skjalavörður á Þjóðskjalasafni. Á myndina vantar Eirík G. Guðmundsson.

Vefur skjaladagsins 2003 var 66 síður með um 240 myndum. Höfðu starfsmenn safnsins útbúið vefsíður í samvinnu við héraðsskjalasöfn á vefsetri skjaladagsins, þar sem söfnin gátu miðlað og kynnt það efni sem þau vildu leggja áherslu á þennan dag.

2004 Norræni skjaladagurinn var haldinn 13. nóvember þetta ár. Þema dagsins var „Ár í skjölum - Árið 1974“ og tengdist Þjóðhátíðarári Íslendinga árið 1974 og ýmsum viðburðum þess. Þjóðskjalasafnið var með opið hús og sett hafði verið upp sýning á lestrarsal á skjölum sem tengjast Þjóðhátíðarhaldi Íslendinga árið 1974, t.d. skjalagjöf Norðmanna til Íslendinga og lokatengingu hringveggar um Ísland. Margmiðlunarsýning á vef safnsins fjallaði um sögu Þjóðhátíðarársins í máli og myndum. Vefur skjaladagsins árið 2004 var um 130 vefsíður með um 260 myndum.

2005 Norræni skjaladagurinn var haldinn 12. nóvember. Skjalasöfn settu að venju upp sýningar eða gerðu daginn eftirminnilegan á annan hátt. Á Þjóðskjalasafni var opið hús á milli kl. 11 og 14 og hafði verið sett upp sýning á lestrarsal á skjölum sem tengjast heimssýningunni í New York 1939 og Alþingishátíðinni árið 1930. Þema skjaladagsins að þessu sinni var sjálfsmynd (identitet), eintaklinga, hópa eða Þjóðarinnar, eins og þær birtast á ýmsan hátt í viðhorfum, táknum og teiknum samfélagsins. Efni tengt skjaladeginum er að finna á vef dagsins, [skjaladagur.is](http://www.skjaladagur.is)

Alþjóðlegt samstarf



Alþjóðlegt samstarf skjalasafna

Þjóðskjalasafn Íslands er eins og systursöfn þess í öðrum löndum eina safn sinnar tegundar í landinu. Þessi sérstaða veldur því að leita verður til annarra landa til að hitta fyrir stofnanir sem glíma við sams konar verkefni og vinna eftir svipaðri löggjöf, enda þótt munur sé á þjóðfélagsgerð og stærð ríkja. Meginverkefni þjóðskjalasafna er að varðveita sögulegar heimildir og gera þær aðgengilegar fyrir notendur, þ.e. fyrir almenning, fræðimenn, embætti, stjórnsýslu og dómstóla. Verkefni þjóðskjalasafna hafa breyst á ýmsan hátt síðustu tvo áratugi. Því valda m.a. nýjar kröfur til gagnsærrar stjórnsýslu og nýrra stjórnarháttar í anda gæðastjórnunar og aukin miðlun safnanna sjálfra á efni með sýningum og kynningum. Mestu hefur samt breytt nýtt samskiptiform, rafræn samskipti og um leið rafræn skjalagerð. Þar hafa skjalasöfn heimsins tekið á nýjum viðfangsefnum og haldið út í talsverða óvissu en um leið gert alþjóðlega samvinnu miklu mikilvægari en áður og skjalasöfnin tengst nánari samstarfsböndum en áður hefur þekkt. Þjóðskjalasafn Íslands hefur ekki farið varhluta af þessari þróun sem birtist í hefðbundnu samstarfi um fræðileg efni, þætti skjalavörslu eins og flokkun, skráningu, grisjun og forvörslu þar sem fjallað er um pappír eða filmur. Þá var leitað lausna á helstu viðfangsefnum varðandi byggingu skjalasafna og helstu strauma sem uppi eru á hverjum tíma um tæknilega úrlausn þeirra.

Tölvuskjöl, sem við nú nefnum rafræn skjöl, sáu fyrst dagsins ljós um 1970 og voru tengd stórum tölvumiðstöðvum, en með almennri tilkomu tölvupósts og gerð rafrænna gagnagrunna hvers konar upp úr 1990 tóku breytingar að gerast hratt. Tölvupóstur og alnetið breyttu á örskotshraða allri samskiptatækni og er nú svo komið að afar fá skjöl verða til öðru vísi en með rafrænum hætti, þó að lokagerðin liggja fyrir á pappír. Þessa er getið hér til að undirstrika að erlend samskipti þjóðskjalasafnsins hafa tekið mið af því að afla upplýsinga um þessar breytingar allar svo að unnt verði fyrir safnið að gegna hlutverki sínu.

Störf í nefndum hjá Alþjóðaskjalaráði

Þjóðskjalaverðir Evrópu og Norður-Ameríku héldu fund í húsakynnum þjóðskjalasafns 29.–31. mars árið 1999 og fjölluðu um nýja stjórnskipan Alþjóðaskjalaráðsins (International Council on Archives) en þjóðskjalasafnið er aðili að ráðinu.

Starfsmenn þjóðskjalasafns hafa verið kjörnir í sérfræðinefndir á vegum Alþjóðaskjalaráðsins. Hefur einkum verið sóst eftir að fá sæti í sérfræðinefndum sem fjalla um þau viðfangsefni sem mikilvægust eru í



starfsemi safnsins. Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður sat í Laganefnd ICA (Committee on legal matters) árin 1992–1994 og í útgáfu-, kynningar- og ráðstefnuráði (Sub-Commission on Communications) árin 1996–2000, en það sinnti m.a. undirbúningi alþjóðþapings. Ólafur gegndi formennsku í ráðinu árin 1998–2000. Hann sat síðan í upplýsingatækninefnd Alþjóðaskjalaráðsins árin 2000–2004 og var formaður þess. Bjarni Þórðarson sat í nefnd um rafræna skjalavörslu 1996–2000 og 2000–2004. Kristjana Kristinsdóttir sat í nefnd um menntun skjalavaraða, sem áheyrnarfulltrúi árin 1996–2000 og sem nefndarmaður árin 2000–2004. Björk Ingimundardóttir sat í nefnd um varðveislu skjala heilbrigðisstofnana. Eiríkur G. Guðmundsson sat í upplýsingatækninefnd árin 2001–2004. Á heimspingi skjalasafna árið 2004 tók Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður við formennsku í dagskrárráði Alþjóðaskjalaráðsins (ICA Programme Commission) til næstu 4 ára og tók jafnframt sæti í aðalstjórn Alþjóðaskjalaráðsins.

Heimsping skjalasafna

Heimsping skjalasafna eru haldin á 4 ára fresti og sóttu íslenskir skjalaverðir fyrst þing sem haldið var í Kína árið 1996. Á heimspingi skjalasafna í Sevilla árið 2000 var Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður formaður allsherjarnefndar þingsins. Fulltrúar þjóðskjalasafns sóttu einnig þing í Vínarborg árið 2004. Bjarni Þórðarson starfaði á skrifstofu ICA í París um þriggja mánaða skeið þar sem hann vann að undirbúningi heimspingsins í Vín árið 2004 og við skipulagningu fjármála samtakanna.

CITRA – Ársfundir þjóðskjalavaraða

Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður hefur sótt ársfundi þjóðskjalavaraða sem nefnast International Conference of the Round Table on Archives (CITRA), og sat í stjórn þess tímabilið 2000–2004. Á ársfund-

um CITRA er fjallað er um þau mál sem eru efst á baugi á sviði starfsemi þjóðskjalasafna. Árið 2001 var ráðstefna þessi haldin í Reykjavík og sóttu hana 186 manns frá 70 aðildarlöndum. Björn Bjarnason menntamálaráðherra setti fundinn og við það tækifæri afhenti Ian Wilson þjóðskjalavörður Kanada og formaður CITRA filmur með myndum af skjölum sem fjalla um landnám Íslendinga í Manitoba. Var þetta afar vel þegin gjöf mikilvægra og fremur lítt kannaðra heimilda. Við sama tækifæri var opnuð ný heimasíða þjóðskjalasafns sem enn er við lýði.

Námskeið, námstefnur, heimsóknir.

Einungis eitt þjóðskjalasafn eða ríkisskjalasafn er í hverju landi. Þeim er því eðlilegt og nauðsynlegt að eiga samstarf sín á milli. Þjóðskjalasafn Íslands hefur meðal annars endurmenntað starfsmenn sína með því að senda þá í heimsóknir til systurstofnana erlendis og þeir hafa tekið þátt í erlendu samstarfi á mörgum sviðum. Þannig kynnast menn nýjum straumum og viðhalda þekkingu sinni á sínu sviði. Starfsmenn þjóðskjalasafns sækja árlega námskeið og ráðstefnur bæði á Norðurlöndum og annars staðar í heiminum. Undanfarin ár hefur áhersla einkum verið á að efla þekkingu á sviði hinnar rafrænu skjalavörslu (sjá fylgiskjal bls. 99).

Norrænt samstarf - starfsmannaskipti og kynnisferðir

Þjóðskjalasafnið hefur nánast frá stofnun átt samskipti við systurstofnanir sínar á Norðurlöndum og

sótt sérfræðikunnáttu til þeirra. Íslenska stjórnkerfið er, eins og hið norska, að uppruna til hluti hins danska stjórnkerfis og hefðir og venjur að miklu leyti hinar sömu. Hefur þetta samstarf verið afar árangursríkt fyrir þjóðskjalasafnið og skilað sér vel á ýmsum sviðum.

Skjalaverðir þjóðskjalasafns hafa átt þess kost að dvelja í norrænum skjalasöfnum og kynna sér starfshætti og vinnubrögð. Aðalgeir Kristjánsson og Gunnar F. Guðmundsson kynntu sér vinnubrögð og verklag í dönskum söfnum, ekki síst eftirlit með opinberum skjalasöfnum. Þá tók þjóðskjalasafn á móti yfirsjálaverði frá Landsarkivet for Sjælland í svipaða heimsókn, og skjalaverði frá skjalasafni í Katrineholm í Svíþjóð.

Þjóðskjalasöfn Norðurlanda voru heimsótt árið 1987 til að afla upplýsinga varðandi húsnæðismál þjóðskjalasafns Íslands. Hefur rækilega verið fylgst með þeim málum síðan og nýjustu byggingar skoðaðar þegar tækifæri hafa gefist.

Nokkrar ferðir hafa verið farnar til upplýsingaöflunar um rafræna skjalavörslu. Má nefna að samkomulag við þjóðskjalasafn Danmerkur (Rigsarkivet) um rafræna skjalavörslu og varðveislu rafrænna skjala gerir einmitt ráð fyrir námsdöl starfsmanna þjóðskjalasafns í Rigsarkivet. Forverðir hafa einnig heimsótt skjalasöfn í kynningar- og fræðsluskyni.

TEAM - Norrænt samstarf um langtímavarðveislu og aðgengi að tölvuskjölum

Þjóðskjalasafn hefur síðan árið 1986 tekið þátt í norrænu samstarfi um rafræna skjalavörslu.



Árið 1991 hófst samstarfsverkefni Þjóðskjalasafna Norðurlandanna fimm, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, undir yfirskriftinni TEAM („Tilgengiliggjöring av Elektonisk Arkiv Materiale“ eða „Tools for Electronic Archives Management“). Verkefnið var styrkt af norræna ráðherraráðinu og The Nordic Council for Scientific Information (NORDINFO). Afkrastur verkefnisins birtist 1996 í skýrslu undir yfirskriftinni: *To preserve and Provide Access to Electronic Records* (TemaNord 1996:549).

Verkefnið snerist um langtímavarðveislu og aðgengi að tölvuskjölum. Hópur sérfræðinga frá söfnunum hittist árlega hið minnsta, fjallaði um vandamál þessu tengd og gerði tillögur að kerfi til úrlausnar. Stefán F. Hjartarson, Kristjana Kristinsdóttir og Bjarni Þórðarson tóku þátt fyrir hönd Þjóðskjalasafns. Að loknu þessu upprunalega þriggja ára verkefni hélt hópurinn áfram að hittast og þróa frekar þær hugmyndir sem lagðar höfðu verið fram (TEAM2). Hópurinn hittist í Þjóðskjalasafni árið 1997. Þessi vinna var grunnur að þeim lausnum sem nú eru notaðar í Danmörku og Noregi. Þjóðskjalasafn gekk til samstarfs við Ríkisskjalasafn Dana eftir að nefnd skipuð af menntamálaráðherra hafði farið yfir málið og lagt til að sú leið yrði farin.

Frá árinu 1999 tók Þjóðskjalasafn Íslands þátt í margvíslegri vinnu við undirbúning langtímavarðveislu rafræna gagna opinberra aðila. Þessari vinnu er nánar lýst í fylgiskjali með þessari skýrslu.

Norrænn samstarfsfundur um upplýsingatækni

Sérfræðingar ríkisskjalasafna Norðurlanda á sviði upplýsingatækni funduðu í Þjóðmenningarhúsinu 4. og 5. október árið 2004. Fundarefni var einkum undirbúningur ráðstefnu sem haldin var í Osló í maí 2005. Eitt meginefna þeirrar ráðstefnu var staðlar á sviði rafrænnar skjalavörslu hvað varðar langtímavörslu tölvugagna.

Norræn samstarfsverkefni

Í samstarfi Danmerkur, Íslands, Færeyja og Grænlands er unnið að gerð handbókar um skjöl og skjalagerðir stjórnsýslunnar. Á vegum sama verkefnis er unnið að útgáfu greinasafns um stjórnsýslusögu Íslands, Færeyja og Grænlands. Yfirskrift verkefnisins er: „Nordatlanten og Troperne.“

Norræn skjalavarðing

Veigamestu samkomur á norrænum vettvangi eru norræn skjalavarðing sem haldin eru reglulega þriðja hvert ár. Á þessum þingum gera skjalasöfnin grein fyrir starfsemi sinni og fjallað er um ákveðna málaflokka. Með því móti fæst góður þverskurður af starfsemi



Frá norrænum skjaladögum í Reykjavík 2003. F.v. Erik Nordberg ríkisskjalavörður Svíþjóðar, Johan Peter Noack ríkisskjalavörður Danmerkur, John Herstad ríkisskjalavörður Noregs, dr. Sven Lundkvist fyrrverandi ríkisskjalavörður Svíþjóðar, dr. Kari Tarkiainen, fyrrverandi ríkisskjalavörður Finnlands, dr. John McDonald fyrrverandi framkvæmdastjóri í Þjóðskjalasafni Kanada og Jussi Nuorteva ríkisskjalavörður Finnlands.



safnanna og um leið eru norrænu skjalavarðapingin vettvangur þar sem hvert safn getur kynnt eigin verk og borið saman bækur sínar við skjalasöfn sem búa í svipuðu umhverfi laga og réttar, rannsókna og hefða.

Norræna skjalavarðapingið 1987 var haldið á Íslandi og var það í fyrsta sinn sem þingið var háð hérlandis. Þingað var að Laugarvatni og sóttu það 186 skjalaverðir frá öllum Norðurlanda. Meginefni þingsins var skjalasöfn sveitarfélaga á Norðurlöndum, verkefni lítilla safna, magnsöfn og gagnagrunnar, þar sem saman safnast miklar upplýsingar um marga aðila. Góð dæmi eru skjöl skattstofa, skóla, sjúkrahúsa og banka. Sama sumar héldu norrænir forverðir þing sitt á Íslandi í fyrsta sinn.

Árið 1991 sóttu Ólafur Ásgeirsson, Björk Ingimundardóttir og Stefán F. Hjartarson undirbúningsfund á Jótlandi vegna undirbúnings norræns skjalavarðapings, sem haldið var um sumarið í Härnösand í Svíþjóð og áttu íslenskir skjalaverðir stóran hluta í dagskrá en þjóðskjalavörður hélt opunarfyrirlestur þingsins og fjallaði um menntun skjalavarða í alþjóðlegu samhengi.

Árið 1994 var þingað í Hamar í Noregi og fjallað um stöðu ríkisskjalasafnanna gagnvart rannsóknum annars vegar og stjórnsýslu hins vegar.

Árið 1997 var þing háð í Turku í Finnlandi og fjallað um alþjóðlega samvinnu skjalasafna, sem nú var komin á dagskrá með nýjum hætti eins og drepið var á hér að framan.

Árið 2000 var norræna skjalavarðapingið haldið í Árósum í Danmörku og var meginþemað áhrif rafrænnar skjalavörslu á skjalasöfnin.

Árið 2003 var komið að Íslendingum að halda norrænt skjalavarðaping. Að þessu sinni voru ráðstefnugestir um 450 talsins og var ráðstefnan haldin í nýreistum ráðstefnusölum Hótel Nordica. Forseti Íslands setti þingið og sat upphafsfund þess. Málefni þingsins voru rafræn skjalavarsla, rafræn stjórnsýsla, þróun starfsemi þjóðskjalasafna í hálföld, miðlun efnis og nýtt aðgengi almennings að skjalasöfnum með tilkomu netvæðingar.



Ráðstefnur og fundir

Árið 1986 hófst skipuleg fræðslustarfsemi á vegum ríkisskjalasafna Norðurlanda sem nefnd hefur verið Nordisk Arkivakademi. Á þeim vettvangi hafa söfnin gengist fyrir eftirmenntunarráðstefnum, fundum og seminörum, fyrir starfsmenn safnanna og verið fjallað um mjög margvísleg efni. Fjallað hefur verið um varðveislu korta og teikninga, grisjun skjala skattyfirvalda, tölvuskráningu skjalasafna, gerð gagnagrunna um skjalasöfn, samstarf norrænna skjalasafna á tölvusviðinu og hugsanleg samstarfsverkefni. Afgreiðsla og notendaviðmót í skjalasöfnum, strikamerking og umbúðaskipti varðandi langtímavarðveislu o.fl.

Fundir þjóðskjalavarða Norðurlanda

Ríkisskjalaverðir Norðurlanda halda reglulega fundi einu sinni til tvisvar sinnum á ári til að ræða um samstarfsverkefni og skipuleggja þá starfsemi sem fyrir er. Fundir eru haldnir til skiptis á Norðurlöndum.

Nordisk Arkivnyt

Auk þess viðamikla ráðstefnu- og fræðslustarfs, sem greint hefur verið frá hér að framan, gefa þjóðskjalasöfn Norðurlanda út tímaritið Nordisk Arkivnyt. Eiríkur G. Guðmundsson sviðsstjóri upplýsinga- og útgáfusviðs þjóðskjalasafns tók við ritstjórn árið 2005 og mun annast útgáfu þess næstu fimm ár. Ritið kemur út fjórum sinnum á ári og flytur fréttir af helstu viðburðum norrænna skjalasafna auk fræðilegs efnis (sjá bls. 69).

Fagorðasafn

Norrænt fagorðasafn um skjalavörslu hefur verið í smíðum undanfarin ár. Þetta er samstarfsverkefni Norrænu ríkisskjalasafnanna en Þjóðskjalavörður var fulltrúi Þjóðskjalasafns í vinnuhópi sem sinnti þessu verkefni. Vinnu við verkið er lokið og var það kynnt og gert aðgengilegt á heimasíðu Þjóðskjalasafns. Þar er að finna þýðingar orðasafnsins á ensku, auk Norðurlandamála.

Norrænn skjaladagur

Frá árinu 2001 hefur norrænn skjaladagur verið haldinn með talsverðu tilstandi, sýningum, ráðstefnuhaldi og opnun vefsíðu: www.skjaladagur.is (sjá nánar bls. 72). Norrænn starfshópur leiðir starfið og mótar. Fulltrúi Þjóðskjalasafns er Eiríkur G. Guðmundsson. Sams konar kynningarstarf hefur farið vel af stað víða um heim og má ætla að um nýjan fastan lið í starfsemi skjalasafnanna sé hér að ræða, þó að enn sé starfið í mótun.

Nordisk Centrum for Kulturavspedagogik

Árið 2004 var hleypt af stokkunum samstarfsvettvangi safna á Norðurlöndum um miðlun menningararfs. Þjóðskjalasafn studdi verkefnið frá upphafi og á fulltrúa í stýrihópi sem hittist árlega og mótar starfið.

Meginmarkmið starfsins er að stuðla að betri og meiri miðlun á menningararfi norrænna þjóða með samstarfi ólíkra safna. Miðstöð starfsins er í Östersund í Svíþjóð. Benedikt Jónsson og Eiríkur G. Guðmundsson sóttu fyrsta samráðsfundinn í nóvember 2004. NCK stendur fyrir ráðstefnu um málefnið á hverju vori.

Norræn sagnfræðingaping

Norrænir sagnfræðingar hafa haldið sameiginlegar ráðstefnur, þing, á nokkurra ára fresti frá árinu 1905, undanfarna áratugi á þriggja ára fresti.

Þjóðskjalasafn hefur komið að undirbúningi þessara ráðstefna um langt skeið og starfsmenn safnsins hafa tekið þátt í þeim. Þjóðskjalasafn á tvo fulltrúa í Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga sem hefur tekið þátt í skipulagningu þessara ráðstefna.

Norræna sagnfræðingapingið var í fyrsta sinn haldið á Íslandi 1987. Á þinginu sem var í Stokkhólmi 2004 bauðst Ísland til að halda næsta þing árið 2007.


Vestur-norrænt skjalavarðaping

Árið 1999 var haldin fyrsta ráðstefna skjalavarða frá Færeyjum, Íslandi og Grænlandi á Selfossi og var fylgt eftir með útgáfu erinda sem þar voru flutt. Önnur ráðstefna var síðan haldin í Þórshöfn í Færeyjum árið 2002. Þriðja ráðstefnan var í Nuuk á Grænlandi sumarið 2005.



Þjónusta og fræðsla

Ministerialbók Breiðabólstaðar Saefl. 1868-96
Ministerialbók Snóksdals Dal. 1818-52
Ministerialbók Keppnabrekku og Stóra Vatnsbotns Dal. 1784-1817
Ministerialbók Hvamms, Myr. 1868-1936
Ministerialbók Hvamms Dal.
Ministerialbók Miðdalshingra Dal.
Ministerialbók Garpedals Barð. 1855-88
Ministerialbók Skaröfshingra
Ministerialbók Hvarðarholti
Ministerialbók Miðdalshingra
Ministerialbók Miðdalshingra



Síðri Vainu - Miðdalshingra Snóksdalsheið Skaröfshingra Þúðardalur
Hvarðarholti Snúardalur - Hvarðarholti, Smárbáshingra Stadarhöll.

Þjónusta við opinberar stofnanir og almenning

Stór hluti af starfsemi Þjóðskjalasafns felst í þjónustu við skilaskylda afhendingaraðila, svo sem með útgáfu handbóka og aðstoð við skipulagningu og frágang skjalasafna. Þjónusta safnsins felst einnig í því að gera skjalaforðann, sem það geymir, aðgengilegan til notkunar, t.d. með skráum yfir skjalasöfn og skýringum í formálum slíkra skráa. Í þessum formálum er gerð grein fyrir þróun viðkomandi stofnunar eða embætta og skjalasögu þeirra. Slíkar upplýsingar eru mikilvægar þar sem þekking á sögu íslenskrar stjórnsýslu, stofnana og embætta er undirstaða þess að skjalasöfnin verði notuð. Ritun formála er yfirleitt unnin samhliða frágangi og skráningu skjalasafna en þeir starfsmenn Þjóðskjalasafns, sem ganga frá söfnunum, verða að kynna sér sögu viðkomandi embætta og stofnanna svo skráningin sé í lagi.

Þjónusta Þjóðskjalasafns við almenning breyttist og jókst með setningu laga nr. 66/1985. Fram til ársins 1985 var þjónustuhlutverk safnsins einkum bundið við lestrarsal þar sem gestir fengu afnot af skjölum þess. Sú þjónusta er enn veitt og fer vaxandi þótt hún sé hlutfallslega ekki jafn stór þáttur í starfseminni og áður vegna nýrra verkefna sem bæst hafa við. Mikil afgreiðsla úr skjalasöfnum fer fram á skrifstofu Þjóðskjalasafnsins og er það viðbót við afgreiðslu á lestrarsal.

Unnið er því að bæta aðgengi að skjölum safnsins með því að setja skrár yfir skjalasöfn á vefsíðu safnsins.

Afritun skjala er einnig orðin sívaxandi hluti af þjónustu Þjóðskjalasafnsins. Stafræn afritun hefur nú komið í stað ljósritunar þegar óskað er eftir afritum af skjölum.



Frá lestrarsal á Laugavegi 162.

Lestrarsalur

Lestrarsalur Þjóðskjalasafns er á Laugavegi 162, fyrstu hæð. Gengið er inn frá Laugavegi. Á lestrarsal koma þeir sem vilja skoða skjöl og heimildir af ýmsu tagi. Gestahópurinn er fjölbreyttur og markmiðin með heimsókn á sal safnsins margskonar. Sumir koma til að fást við fræðirannsóknir. Aðrir koma til að leita upplýsinga um réttindamál er varða þá persónulega, eða þá til að sinna áhugamálum, t.d. ættfræði.

Fjöldi heimsókna á lestrarsal á ári er nokkuð breytilegur. Á árunum 1985 til 2005 voru heimsóknir að meðaltali rúmlega fimmþúsund.

Reglur á lestrarsal

Almennar reglur um heimsókn á lestrarsal, meðferð heimilda og samskipti gesta og starfsmanna, sem einnig er að finna á heimasíðu Þjóðskjalasafnsins, hljóða svo:





Frá lestrarsal í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

- Allir eru velkomnir á lestarsal Þjóðskjalasafnsins. Hverjum þeim, sem er að koma á lestarsalinn í fyrsta sinn, er bent á að snúa sér fyrst til afgreiðslumanns í sal. Á salinn mega gestir hafa meðferðis blýanta, blöð til að skrifa á eða fartölvur í sama skyni. En þeir eru vinsamlegast beðnir um að vera ekki í yfirhöfnum og taka ekki með sér töskur eða annan farangur á salinn. Salvörður vísar gestum á fatahengi og skápa.
- Við fyrstu komu gests á lestarsal Þjóðskjalasafns eru honum afhentar reglur safnsins og skráningarblað, þar sem gesturinn gerir grein fyrir sér og því sem hann ætlar að fást við. Að sjálfsögðu á gestur að skrá nafn sitt í gestabók í hvert sinn sem hann kemur á salinn.
- Starfsmenn Þjóðskjalasafns leiðbeina safngestum við heimildaleit og heimildanotkun. Sjálfsgagt er að byrja á því að leita aðstoðar afgreiðslumanns sem leiðbeinir um notkun skráa og heimilda.
- Skjalaskrár liggja frammi á lestarsal. Skrárnar eru með ýmsu móti. Sumar eru fullfrágengnar með formálum sem leiðbeina um notkun viðkomandi skjalasafns. Aðrar skrár eru á vinnslustigi. Margar eru í tveimur gerðum. Önnur skráin er samkvæmt skráningarnúmerum en hin er flokkuð eftir efni. Þessar skrár eru alltaf lykillinn að viðkomandi skjalasöfnum og nauðsynlegar til þess að vita hvaða skjöl eru til – og til þess að panta eftir.
- Á lestarsal Þjóðskjalasafns liggja ýmsar heimildir frammi. Þar má nefna allsherjarmanntöl, sem frá árinu 1835 voru tekin með reglulegu millibili, íbúaskrár Reykjavíkur 1954–2002 og yngri íbúaskrár frá landinu öllu. Þá eru á lestarsal ljósmyndafilmur af prestsþjónustubókum og sóknarmannatölum. Einnig eru ýmsar handbækur, ekki síst ættfræðirit. Skjöl og prentaðar bækur, sem standa frammi á lestarsal, þarf ekki að biðja um sérstaklega en skulu látin á tiltekin borð að notkun lokinni.
- Skjöl, sem ekki liggja frammi, þarf að panta. Pantanir skulu gerðar á þar til gerð eyðublað. Ekki má nota sama eyðublaðið fyrir meira en eina skjalaeiningu (bók eða öskju), nema einingarnar standi saman í hlaupandi númeraröð. Pantanir skulu gerðar samkvæmt skrá Þjóðskjalasafns og komi þar fram heiti viðkomandi skjalasafns, númer og heiti skjalaeiningarinnar sem beðið er um.

Aðgengi að skjölum á Þjóðskjalasafni

Afgreiðsla á skjölum Þjóðskjalasafns og aðgengi að þeim lýtur ákvæðum laga nr. 66 frá 1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Aðgangur að skjölum í vörslu safnsins miðast einnig við ákvæði upplýsingalaga nr. 50/1996 og laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Ákvæði um réttindi almennings til aðgengis að opinberum skjölum urðu skýrari og markvissari með



Björk Ingimundardóttir (lengst t.v.) sviðsstjóri þjónustusviðs með áhugasama nemendur í skjalageymslum Þjóðskjalasafns að Laugavegi 162.

tilkomu upplýsingalaga nr. 50 frá 24. maí 1996. Samkvæmt lögnum er stjórnvöldum skylt að veita almenningi aðgang að gögnum sem varða tiltekin mál og eru helstu gagnaflokkar, sem eiga að vera aðgengilegir, taldir upp í lögnum, sbr. 3. grein laganna um upplýsingarétt. Ýmis mál skulu þó ekki aðgengileg almenningi eins og lögin gera nánar grein fyrir, sbr. 4. til 6. grein um gögn undanþegin upplýsingarétti.

Í sjötta kafla laganna segir um aðgang að gögnum á Þjóðskjalasafni og öðrum opinberum skjalasöfnum:

20. gr.

Aðgangur að gögnum eftir að þau hafa verið afhent söfnum.

Þegar gögn þau, sem lög þessi taka til, hafa verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands eða öðru opinberu skjalasafni skal hlutaðeigandi safn taka ákvörðun um hvort umbeðin gögn skuli sýnd eða hvort ljósrit skuli veitt af skjölum eða afrit af öðrum gögnum sé þess kostur.

Ef vafi er um rétt til aðgangs að gögnum getur safnið aflað rökstuddrar umsagnar þess stjórnvalds sem afhenti safninu gögnin áður en ákvörðun er tekin.

21. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að bera synjun um að veita aðgang að gögnum, ljósrit af skjölum eða afrit af gögnum

skv. 20. gr. undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál skv. 14. gr.³²

Að jafnaði gildir sú regla um aðgang að skjölum á Þjóðskjalasafni að hverjum þeim, sem þess óskar, er heimill aðgangur að skjölum í vörslu safnsins. Á þessu eru nokkrar undantekningar sem flestar lúta að almannahagsmunum og persónuvernd einstaklinga. Þannig eru þau skjöl, sem innihalda upplýsingar um öryggi og varnir ríkisins, ekki opin almenningi fyrr en að 30 árum liðnum frá myndun þeirra. Sömuleiðis eru skjöl, sem innihalda upplýsingar um persónulega hagi einstaklinga, ekki opin öðrum en þeim sem málið varðar, fyrr en að 80 árum liðnum. Sumir skjalaflokkar, sem innihalda persónuupplýsingar, eru ævinlega lokaðir nema í skilgreindum og afmörkuðum tilgangi.

Sú staða getur einnig komið upp að skjöl eru ekki lánshæf vegna þess að þau voru skemmd þegar þau komu til safnsins. Reynt er að gera við slík skjöl svo fljótt sem unnt er svo afgreiða megi þau til gesta safnsins.

Afritun

Ásigkomulag skjala er grundvallaratriði þegar metið er hvort unnt er að verða við beiðni um afritun. Verið getur að ekki sé unnt að verða við beiðni um afritun ef skjöl eru illa farin eða í viðgerð. Reynt er að afgreiða afrit eins fljótt og kostur er en afritun mik-

³² <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996050.html>.

ils fjölda skjala, sem eru vandmeðfarin, getur tekið nokkurn tíma. Greitt er fyrir afrit samkvæmt gjaldskrá safnsins.

Heimsóknir og kynningar

Þjóðskjalasafn tekur árlega á móti hópum og einstaklingum sem vilja kynna sér safnið og starfsemi þess. Fjölmennastir eru háskólanemar en sagnfræðinemar og nemar í bókasafns- og upplýsingafræðum hafa skipað sér fastan sess í þessari þjónustustarfsemi og koma á hverju hausti. Einnig hefur safnið verið kynnt ýmsum aðilum sem skylt er að skila þangað skjölum, bæði einstaklingum og hópum. Árið 2003 var t.d. haldin kynning á starfsemi safnsins fyrir starfsfólk landlæknisembættis og biskupsstofu.

Afgreiðsla fyrirspurna

Þjóðskjalasafninu berast árlega mörg hundruð fyrirspurnir frá einstaklingum og fræðimönnum, bæði innanlands og utanlands frá. Er það verulegur þáttur í starfi skjalavörðna safnsins að svara þessum fyrirspurnum.

Þjónusta og fræðsla á heimasíðu

Þjóðskjalasafn hefur á síðustu árum aukið þjónustu sína við þá sem vilja eða þurfa að leita til safnsins með gerð vefs (sjá bls. 70) sem hefur að geyma upplýsingar um safnið og kynningu á starfsemi þess, ásamt reglum og leiðbeiningum um skjalavörslu og meðferð skjala. Vefurinn er sífellt í mótun. Unnið er að því að gera skjalaskrár og einstakar heimildir eða skjöl aðgengilegar á vefnum og er um langtímaverkefni að ræða. Hafin er vinna að gerð manntalsgrunnis á vef safnsins þar sem manntölin verða leitarbær með rafrænum hætti, en slíkt mun bæði greiða fyrir aðgangi að þessum heimildum og hlífa frumritum og prentuðum eintökum sem minna verður sótt í þegar manntölin verða komin á netið (sjá bls. 70). Auk framangreinds hefur verið unnið að því að setja inn fræðsluefni um skjöl og sögu lands og þjóðar sem tengist einstökum skjölum eða skjalaflokkum í varðveislu þjóðskjalasafns. Þetta kynningar- og fræðslustarf á vef safnsins er í mótun og verður útfært áfram og eftt á komandi árum.

Skólavefurinn er einnig hluti af markmiði þjóðskjalasafns í þá átt að auka þjónustu við almenning. Á skólavefnum er nemendum í framhaldsskólum víðsvegar um landið gert kleift að skoða frumskjöl sem tengjast námsefni þeirra (sjá bls. 71).



Kristjana Kristinsdóttir sviðsstjóri skjalavörsluviðs.

Námskeið

Fræðsla, kynningarstarf og námskeiðahald er mikilvægur þáttur í starfsemi þjóðskjalasafns. Safnið hefur allt frá því í lok níunda áratugarins haldið námskeið um skjöl og skjalavörslu. Helst er þar að nefna námskeið fyrir skjalaverði héraðskjalasafna og námskeið fyrir nema í sagnfræði við Háskóla Íslands um skjalasöfn og skjalavörslu í samvinnu við sagnfræðiskor. Sem dæmi um námskeiðahald sem þjóðskjalasafn hefur staðið fyrir eitt eða í samvinnu við aðra má nefna:

- 1988, 1989, 1992, 1995, 1997, 1999, 2003: Fimm eininga námskeið, haldin í húsakynnum þjóðskjalasafns, um skjalasöfn og skjalavörslu í samvinnu við sagnfræðiskor Háskóla Íslands
- 1994: Námskeið um grisjun. Haldið á fundi héraðsskjalavörðna á Sauðárkróki. 24–25. maí.
- 1990, 1991: Námskeið um skjalavörslu í Stjórnarráði Íslands (tvö námskeið).
- 1996: Námskeið fyrir fræðslustjóra um frágang skjala í geymslu og gerð geymsluskrár.
- 1996, 1997: Námskeið fyrir skjalaverði opinberra stofnana um skjalavörslu stofnana (þrjú námskeið).
- 1997: Námskeið um skjalavörslu fyrir Reykjavíkurborg, (tvö námskeið).
- 1997: Námskeið um skjalavörslu sveitarfélaga, haldið á Selfossi, Keflavík, Ísafirði, Akureyri, Reykjavík og Varmahlíð (sex námskeið).
- 1998: Námskeið fyrir héraðsskjalaverði.
- 1999: Námskeið fyrir skjalaverði í stjórnarráðinu.
- 1999: Námskeið um skjalavörslu sveitarfélaga, haldið á Akranesi 23. febrúar.

- 1999: Námskeið um skjalavörslu sveitarfélaga, haldið í Borgarnesi 26. mars.
- 1999: Námskeið um skjalavörslu sveitarfélaga, haldið í Hafnarfirði 15. apríl.
- 1999: Námskeið um skjalavörslu sveitarfélaga, haldið á Seltjarnarnesi 29. apríl.
- 2000: Námskeið um skjalavörslu sveitarfélaga, haldið í Vestmannaeyjum 17. október.
- 2004: Námskeið um gerð skjalaáætlunar (skjalavistunaráætlunar), haldið í húsakynnum Þjóðskjalasafns fyrir skjalastjóra sem starfandi eru í hinum ýmsu stofnunum ríkisins.

Samstarfssamningur Þjóðskjalasafns og Háskóla Íslands

Þann 28. september 2004 var undirritaður samstarfssamningur milli Þjóðskjalasafns og Háskóla Íslands um kennslu í skjalfræðum. Samningurinn felur í sér ráðningu lektors í skjalfræði og skjalavörslu við sagnfræðiskor Háskóla Íslands. Kennsla miðast annars vegar við að veita stúdentum handleiðslu og leiðbeiningar í rannsóknartengdu framhaldsnámi (meistara- eða doktorsnámi) og hins vegar verða kennd námskeið í undirstöðuatriðum kennilegrar skjalfræði og skjalavörslu.

Þetta er fyrsti samstarfssamningurinn af þessu tagi sem hugvísindadeild Háskólans á hlut að en innan sagnfræðiskorar hefur lengi verið talin þörf á aukinni fræðslu og kennslu á sviði skjalavörslu og um skjalasöfn. Jafnframt er áhugi á að tengja nánar sagnfræðikennslu við Háskóla Íslands og skjalavörslu

við Þjóðskjalasafn Íslands til að greiða fyrir fræðilegum samskiptum um varðveislu og útgáfu heimilda um sögu landsins. Með samningnum skapast tækifæri fyrir sagnfræðiskor og Þjóðskjalasafn til að þróa fjölþættara samstarf á sviði kennslu og rannsókna.

Þjónusta við óbyggðanefnd

Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, voru staðfest 10. júní 1998. Þessi lög hafa haft mikil áhrif á starfsemi Þjóðskjalasafns og sanna enn gildi safnsins sem mikilvægustu skjalavörslustofnunar Íslendinga. Með framangreindum lögum voru landsvæði utan eignarlanda, sem áður voru „einskis manns lönd“, lýst eign íslenska ríkisins auk þeirra landsréttinda og hlunninda þar, sem aðrir eiga ekki, og þau nefnd þjóðlendur. Gert er ráð fyrir, að þjóðlendur séu landsvæði, sem nefnd hafa verið nöfnum eins og hálendi, óbyggðir, afréttir og almenningar, allt að því tilskyldu að utan eignarlanda sé. Eignarlönd eru skilgreind í lögnum sem landsvæði sem háð er eignarrétti. Fer eigandi landsins með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Um þjóðlendur segir að svo kallist landsvæði utan eignarlanda þó svo að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Afréttur kallast síðan landsvæði utan byggðar, sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.

Samkvæmt þessum lögum var komið á fót þriggja manna nefnd, óbyggðanefnd, sem hefur það hlutverk:



- Að kanna og skera úr um, hvaða lönd teljast til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu, sem nýttur er sem afréttur.
- Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Óbyggðanefnd skal að eigin frumkvæði taka til meðferðar og úrskurða um málefni, sem undir hana heyra. Stefnt skyldi að því að nefndin hefði lokið störfum fyrir árið 2007. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast ekki við kröfur og gögn, sem aðilar leggja fram, heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Í henni felst skylda til þess að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi á því landsvæði, sem til meðferðar er, og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði, sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum. Óbyggðanefnd hafði frá upphafi sagnfræðing í þjónustu sinni til þess að fullnægja þessari skyldu sinni sem best. Hann hafði m.a. kynnt sér afréttarmálefni og var vel kunnugur heimildum, sem varðveittar eru í Þjóðskjalasafni, enda hafði hann verið þar starfsmaður um skeið. Því var fljótlega leitað til Þjóðskjalasafns Íslands, héraðsskjalasafna á viðkomandi svæðum og annarra aðila varðandi aðstoð við heimildaöflun. Sú vinna hófst árið 2000.

Óbyggðanefnd mótaði í upphafi reglur varðandi heimildaöflun. Þegar farið var að vinna eftir þeim reglum og eftir því sem Þjóðskjalasafn Íslands kom meira inn í heimildaleitina, þróuðust þær vinnureglur með tilliti til þess, hvaða heimildir skyldi leggja til grundvallar og hvernig farið yrði yfir þær. Greint er milli óprentaðra og prentaðra heimilda. Langmestur hluti óprentaðra grundvallarheimilda, sem stuðst er við, er varðveittur í Þjóðskjalasafni. Nokkuð er enn varðveitt hjá embættum, sem skilaskyld eru til Þjóðskjalasafns. Nokkuð er hjá héraðsskjalasöfnum, svo sem skjöl sveitarfélaga, fyrir utan einkaskjalasöfn, sem ekki er leitað í kerfisbundið. Þar koma fremur að verki málsaðilar heima í héraði. Auk þess eru heimildir í öðrum stofnunum, svo sem Landsbókasafni.

Skjöl þau, sem fyrst og fremst er stuðst við, eru úr skjalasöfnum sýslumanna (landamerkjabækur, afsals- og veðmálábækur, landskiptabækur, gerðabækur sýslumanna, þ.e. dóma- og þingabækur, og skjöl sem þær bækur vísa til; í bréfabækur og bréfasöfn sýslumanna er farið, ef ástæða þykir til þess að leita upplýsinga um tiltekin atriði). Leitað er í skjalasöfnum hreppa, (gerðabækur sáttanefnda meðtaldar), skjalasöfnum biskupa (einkum visitasíubókum), presta og prófasta og einstakra kirkna, skjalasöfnum æðstu stjórnvalda (þ.e. stiftamtmanns, amtmanna



Síða úr landamerkjabók Húnavatnssýslu.

og landshöfðingja og síðar Stjórnarráðs Íslands), fasteigna- og jarðamötum 1804–1918, skjalasöfnum jarðaumboða (fyrirverandi klaustraeigna) og í safni af skjölum varðandi einstakar jarðir, sem orðið hefur til smám saman í Þjóðskjalasafni, þ.e. skjöl, sem ekki tilheyrja öðrum skjalasöfnum. Þessi skjöl eru varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands eða hjá embættum, sem eru skilaskyld til safnsins.

Sú vinna, sem starfsmenn Þjóðskjalasafns lögðu fram í upphafi, var ærið sveiflukenn. Fór það eftir því, á hvaða stigi málin stóðu. Meðan gagnaöflun stóð yfir, var um allmikla vinnu að ræða, en síðan gátu komið alllög tímabil, þar sem aðeins þurfti að leysa úr tilfallandi vandamálum, svo sem að leita að skjölum, sem ábendingar komu um, en ekki höfðu komið fram við hina reglubundnu leit, eða viðkomandi jarðir höfðu ekki verið nefndar á þeim leitarlístum, sem lagðir voru til grundvallar. Reyndist það nokkuð vandamál í upphafi að listar yfir þær jarðir, sem tengdust þjóðlendumálinu, voru ekki tæmandi, en síðan hefur verið lögð á það áhersla að listarnir yrðu sem nákvæmastir.

Árið 2004 fór óbyggðanefnd þess á leit við Þjóðskjalasafn Íslands að safnið legði fram mun meiri vinnu en áður hafði verið samið um. Bæði var ætlunin að reyna að hraða verkefninu, en upphaflegur tíma-

rammi er löngu sprunginn, þar eð aðeins hefur verið komist yfir hluta af landinu. Í framhaldi af því var farið fram á að unnið yrði úr gögnum viðkomandi mála innan Þjóðskjalasafns Íslands, svo að greinargerðir væru teknar saman af hlutlausum aðila. Féllst Þjóðskjalasafn á þessa beiðni.

Fastir starfsmenn Þjóðskjalasafns Íslands höfðu séð um gagnaöflun og uppskriftir skjala, sem nauðsynlegt þótti að skrifa upp. Nú, þegar gert var ráð fyrir að hraða verkinu og Þjóðskjalasafn tók að sér úrvinnslu gagna og samningu greinargerða, varð ljóst að mannaflí var ekki nægur. Var því ráðinn sérstakur

starfsmaður til þess að annast samningu greinargerða snemmsumars árið 2004 og þegar leið á árið var annar starfsmaður ráðinn til heimildaöflunar og könnunar, þar eð þeir, sem hingað til höfðu annast það, voru bundnir af öðrum verkefnum. Hins vegar mun starfsmaður frá Þjóðskjalasafni Íslands hafa yfirumsjón með verkinu og vera þar leiðbeinandi.

Þetta viðfangsefni er langstærsta rannsóknarverkefnið, sem Þjóðskjalasafninu hefur verið falið til þessa. Kanna þarf skjöl úr skjalasöfnum 17 sýslna, en sýsluskjalasöfnin eru megingrundvöllur rannsóknarinnar.

Héraðsskjalasöfn

HÁTIÐAHÖLDIN

Hátíðin á Róttóni hefst kl. 14 með helgi-
stund. Séra Þorbergur Kristjánsson messar, og kirkjukór syngur. Síðan satar Sigurður Helgason forseti bæjarstjórnar hátíðina. KL. 14.30 er fimleikasýning Gerplu og jóðsýning frá sama fjálagi þá er

DANS

Dagskrá hefst kl. tóni á þ. hljómsve



LISTAVERKASÝNING OG MINJAGRIPASALA

Í tengslum við hátíðahöldin mun verða í Vig-
öllum sta- og s Kópa verður 1. ágúst



Þé mé minna á þjóðhátíðarplattann sem þjóðhátíðarnefnd hefur látið gefa út. Hann verður til sölu á Róttóni meðan á hátíðahöldum stendur, á



Með hljómsveitum Guðmundur Jónsson og Magnús Jónsson. Kynnir er Þorsteinn Hannason.

Að dansleiknum loknum verður mikil flugoldasýning, sem Híalpar-

Stofnun héraðsskjalasafna 1947

Nokkrar breytingar urðu á lögum og reglugerðum varðandi héraðsskjalasöfn á 20. öld. Í reglugerð um Landsskjalasafn Íslands frá 10. ágúst árið 1900 eru fyrirmæli um skil á skjalasöfnum hreppstjóra og hreppsnefnda til Landsskjalasafns Íslands. Þessi ákvæði voru síðan útfærð nánar í síðari reglugerðum um safnið, árið 1911 og 1917, og voru skjalasöfn allra opinberra sýslana eða stofnana, auk skjalasafna hreppstjóra, sýslunefnda, hreppsnefnda og bæjarstjórna skilaskyld til Landsskjalasafnsins.

Ofangreint fyrirkomulag hélst óbreytt til ársins 1947, þegar sett voru sérstök lög nr. 7/1947 um stofnun héraðsskjalasafna. Samkvæmt þeim var sýslunefndum og bæjarstjórnnum heimilað að koma á fót héraðsskjalasöfnum sem varðveittu skjöl, handrit og aðrar ritaðar heimildir sem snertu sérstaklega hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfélög og ekki bar að afhenda Þjóðskjalasafni. Héraðsskjalasafn átti rétt á að varðveita skjalasöfn hreppstjóra, sýslunefnda og bæjarstjórna, undirskattanefnda, yfirskattanefnda og sáttanefnda, að því skilyrðu gefnu að það uppfyllti húsnæðiskröfur og stjórn þess og skjalavarsla hefði hlotið samþykki Þjóðskjalavarðar.

Árið 1951 var sett reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 61/1951. Í henni var nákvæmur listi yfir skilaskylda aðila og voru ákvæði um skilaskyldu í héraði til héraðsskjalasafns sambærileg ákvæðum um skilaskyldu opinberra aðila til Þjóðskjalasafns.

Þjóðskjalasafn hefur yfirumsjón með héraðsskjalasöfnum

Málefni héraðsskjalasafna falla nú undir lög um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66 frá 1985. Samkvæmt 12. grein laganna er stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns-

ins heimilt að leyfa sýslunefndum og bæjarstjórn-um að koma á fót héraðsskjalasöfnum að uppfyllt-um vissum skilyrðum. Þjóðskjalavörður hefur eftirlit með héraðsskjalasöfnum.

Í 14. grein laganna segir um skilaskyldu til héraðsskjalasafns að þangað beri að skila skjöl-um sýslunefnda, bæjarstjórna, hreppsnefnda og hreppstjóra á safnsvæði viðkomandi héraðs-skjalasafns. Hið sama á við um embættisskjöl allra stofnana og starfsmanna á vegum þessara aðila sem og skjöl þeirra félaga og samtaka sem njóta verulegs styrks af opinberu fé og starfa eingöngu innan umdæmis héraðsskjalasafnsins. Sömu reglur gilda um afhendingu skjala til héraðsskjalasafna og um afhendingu til Þjóðskjalasafns Íslands. Samkvæmt lögnum skal setja nánari ákvæði um héraðsskjalasöfn í sérstaka reglugerð, þ.á m. um hvaða aðilum er skylt að afhenda þangað skjöl sín. Sú reglugerð var sett árið 1994, þ.e. reglugerð nr. 283 um héraðsskjalasöfn. Þá féll úr gildi reglugerð-in frá árinu 1951.

Reglugerð nr. 283 frá 1994 um héraðsskjalasöfn

Í reglugerð nr. 283/1994 er kveðið á um ýmis atriði í samskiptum Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna. Í 7. grein segir m.a. að Þjóðskjalasafn geti falið héraðsskjalasafni eftirlit með skjalavistunarkerfum og skjalageymslum í sínu umdæmi. Þetta samræmist fyrirmælum laga nr. 66/1985 um að forstöðumenn skilaskyldra stofnana bera ábyrgð á skjalavörslu og hlíta fyrirmælum Þjóðskjalasafns Íslands um aðbúnað í geymslum, skráningu, flokkun og frágang skjala og skjalavistunarkerfi. Reglur héraðsskjalasafna um skjalavörslu og aðgang að skjölum eru þær sömu og gilda á Þjóðskjalasafni.

REGLUGERÐ um héraðsskjalasöfn.

1. gr.

Héraðsskjalasafn er sjálfstæð skjalavörslustofnun sem lýtur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands. Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands getur heimilað sveitarstjórnnum að stofna héraðsskjalasafn. Héraðsskjalasafn getur tekið til eins eða fleiri sveitarfélaga. Standi fleiri en eitt sveitarfélag að héraðsskjalasafni skal gera um starfsemi þess og rekstur starfssamning, sem bera skal undir þjóðskjalavörð til staðfestingar. Skal þess gætt að fullnægjandi húsnæði sé fyrir hendi og fjárhagslegur rekstur héraðsskjalasafns tryggður og þess getið í samstarfssamningi.

2. gr.

Héraðsskjalasafn, sem fengið hefur heimild stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands til starfsemi sinnar, starfar innan marka þess sveitarfélags eða þeirra sveitarfélaga sem héraðsskjalasafnið tekur til samkvæmt starfssamningi um rekstur þess.

3. gr.

Héraðsskjalasöfn skulu annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala, skrásetja þau og gera aðgengileg notendum og á allan hátt leitast við að varðveita og efla þekkingu á sögu síns umdæmis, sbr. 3. gr. laga nr. 66/ 1985 um hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands.

4. gr.

Í héraðsskjalasöfnum skal m.a. varðveita skjalasöfn þeirra embætta, stofnana og félaga sem hér greinir, sbr. og 5. gr. um afhendingarskyldu:

1. Bæjarstjórna,
2. sýslu- og héraðsnefnda,
3. byggðasamlaga,
4. hreppsnefnda,
5. hreppstjóra,
6. bæjar-, sýslu-, héraðs- og hreppsfyrirtækja,
7. sáttanefnda,
8. forðagæslumanna,
9. yfir- og undirskattanefnda,
10. undirfasteignamatsnefnda,
11. skólanefnda,
12. barnaverndarnefnda,
13. héraðsfunda,
14. sóknarnefnda,
15. sjúkrasamlaga,
16. búnaðarsambanda,
17. ræktunarsambanda,
18. hreppabúnaðarféлага,
19. búfjárræktarféлага,
20. skógræktarféлага,
21. íþróttá- og ungmennaféлага,
22. lestrarféлага,
23. slysavarna- og björgunarféлага,
24. leikféлага og annarra menningarféлага, þ. á m. kvenféлага.

Héraðsskjalasöfn skulu leita eftir því að fá til varðveislu skjöl frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum á safnsvæðinu.

5. gr.

Eftirgreindir aðilar skulu afhenda héraðsskjalasafni skjöl sín til varðveislu: bæjar- og sveitarstjórnir, sýslu- og héraðsnefndir, byggðasamlög og hreppstjórar á safnsvæðinu. Ennfremur skal afhenda á héraðsskjalasafn skjöl allra embætta, stofnana og fyrirtækja á vegum þessara aðila eða annarrar starfsemi á vegum þeirra. Einnig skjöl allra félaga og samtaka, sem njóta verulegra styrkja af opinberu fé og starfa eingöngu innan umdæmis héraðsskjalasafnsins.

6. gr.

Skilaskyld skjöl skal afhenda héraðsskjalasafni eigi síðar en þegar þau hafa náð 30 ára aldri. Miða skal við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls. Héraðsskjalavörður getur stýtt þennan frest eða lengt í einstökum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því.

7. gr.

Forstöðumenn skilaskyldra stofnana bera ábyrgð á skjalavörslu og skulu hlíta fyrir mælum Þjóðskjalasafns Íslands um skráningu, flokkun og frágang skjala. Skjalavistunarkerfi og skjalageymslur skulu samþykkt af Þjóðskjalasafni áður en þau eru tekin í notkun. Þjóðskjalasafn getur falið héraðsskjalasafni framkvæmd þessara mála á safnsvæðinu.

8. gr.

Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala. Óski skilaskyldur aðili eftir því að eyða skjölum úr skjalasafni sínu skal hann ásamt héraðsskjalaverði gera rökstuddar skriflegar tillögur þar að lútandi til stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns.

9. gr.

Stjórn héraðsskjalasafns, bæjarstjórn eða héraðsnefnd eftir því sem við á ræður starfsfólk héraðsskjalasafns. Forstöðumaður héraðsskjalasafns, héraðsskjalavörður, annast innheimtu skjala til safnsins, hefur á hendi daglegan rekstur þess og sér um að starfsemi sé í samræmi við gildandi laga- og reglugerðarákvæði. Héraðsskjalavörður skal halda aðfangabók og skrá í hana jafnóðum og skjöl berast safninu. Um hver áramót skal hann gefa þjóðskjalaverði og rekstraraðilum skýrslu um það sem bæst hefur í safnið á árinu og um aðra markverða starfsemi þess.

10. gr.

Héraðsskjalavörður skal fylgja sömu reglum og gilda í Þjóðskjalasafni um aðgang að skjölum og meðferð skjala í lestrarsal. Þjóðskjalasafn skal tilkynna héraðsskjalasöfnum um þær reglur og breytingar á þeim. Óski héraðsskjalasafn að setja sérstakar reglur um afnot og aðgang skal leita staðfestingar þjóðskjalavardar. Brjóti gestir gegn löglega settum fyrir mælum er heimilt að banna þeim afnot af safninu.

11. gr.

Afhendingarskyldir aðilar eiga rétt á að fá léð skjöl eða ljósrit skjala, sem þeir hafa afhent, úr héraðsskjalasafni, þurfi þeir á þeim að halda við störf sín. Önnur útlán skjala eru að jafnaði óheimil nema til opinberra skjalasafna, bókasafna og rannsóknarstofnana ef aðstaða er þar til að varðveita skjöl tryggilega að mati héraðsskjalavardar. Skal viðtakandi gefa skriflega yfirlýsingu um að hann beri ábyrgð á skjölunum og skilum þeirra innan ákveðins tíma.

12. gr.

Falli héraðsskjalasafn í vanhirðu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði sem voru forsenda fyrir leyfi til stofnunar safnsins skal þjóðskjalavörður vekja athygli stjórnar safnsins á því sem aflaga er talið fara og æskja úrbóta. Fáist ekki úr bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir skal þjóðskjalavörður, með samþykki stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns, láta flytja safngögnin í Þjóðskjalasafn á kostnað þeirra sem að héraðsskjalasafninu stóðu.

13. gr.

Héraðsskjalasöfn skulu njóta árlegs rekstrarstyrks úr ríkissjóði samkvæmt því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.

14. gr.

Reglugerð þess er sett samkvæmt 14. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 61/1951, um héraðsskjalasöfn.³³

³³ <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/283-1994>.



Hlutverk héraðsskjalasafna

Eitt af hlutverkum Þjóðskjalasafns er að hafa eftirlit með starfsemi héraðsskjalasafna, auk þess sem margháttað samstarf er á milli þeirra síðarnefndu og Þjóðskjalasafns. Héraðsskjalasöfn í landinu eru nú tuttugu talsins og voru níu stofnuð á tímabilinu 1984–2001. Í stuttu máli felst hlutverk þeirra í að varðveita opinber skjöl sem eiga uppruna sinn að rekja til stofnana sveitarfélaga, embætta, fyrirtækja og annarra stjórnsýslueininga sem sveitarfélög reka. Þau tryggja þannig aðgang þegnanna að upplýsingum um stjórnsýslu og eiga sinn þátt í því að hún er aðgengileg. Á héraðsskjalasöfnum landsins er einnig að finna mikið safn einkaskjala sem geyma sögu einstaklinga, félagasamtaka, byggðarlaga o. fl.

Héraðsskjalasöfn landsins

Héraðsskjalasöfn landsins eru eftirtalin (árið sem starfsemi þeirra fékk samþykki Þjóðskjalasafns er birt í sviga):

Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu, Blönduósi (1946)

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki (1947)

Héraðsskjalasafnið Ísafirði (1952)

Borgarskjalasafnið, Reykjavík (1954)

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, Borgarnesi (1961)

Héraðsskjalasafn Þingeyinga, Húsavík (1962)

Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu, Hvammstanga (1963)

Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu, Höfn (1965)

Héraðsskjalasafnið á Akureyri (1969)

Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Egilsstöðum (1976)

Héraðsskjalasafn Neskaupstaðar (1979)

Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja (1980)

Héraðsskjalasafn Svarfdæla, Dalvík (1980)

Héraðsskjalasafnið á Siglufirði (1984)

Héraðsskjalasafn Árnesinga, Selfossi (1985)

Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga, Skógum (1988)

Héraðsskjalasafnið á Akranesi (1993)

Héraðsskjalasafn Dalasýslu, Búðardal (1993)

Héraðsskjalasafnið í Kópavogi (2000)

Héraðsskjalasafnið í Mosfellsbæ (2001)

Héraðsskjalasöfnin eru misstór. Stærst er Borgarskjalasafn Reykjavíkur, sem stofnað var 1954. Það hefur tengsl við stofnanir Reykjavíkurborgar og eftirlit

með skjalavörslu þeirra. Mikið magn einkaskjala berst héraðsskjalasöfnum en hlutverk þeirra er einnig að fylgjast með skjalavörslu viðkomandi sveitarfélaga.

Sveitarfélagi er skylt að afhenda skjalasöfn sín til Þjóðskjalasafns Íslands ef ekkert héraðsskjalasöfn er til staðar í viðkomandi héraði til að taka við þeim. Þjóðskjalasafnið hefur haft eftirlit með skjalasöfnum sveitarfélaga eins og unnt hefur verið auk þess að veita samtökum sveitarfélaga ráðgjöf og leiðbeiningar um skjalavörslu. Markmið Þjóðskjalasafns og

héraðsskjalasafna er að koma á samræmdu vinnulagi í skjalavörslu.

Samstarf Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafna hefur verið með ýmsu móti frá árinu 1985. Haldnar hafa verið ráðstefnur og námskeið um skjalavörslu og fundir eru haldnir árlega. Þar er fjallað er um ýmis mál á sviði skjalfræði og skjalavörslu auk ýmiss annars er varðar starfsemi héraðsskjalasafna og samvinnu þeirra og Þjóðskjalasafns.



Frá fundi með héraðsskjalavörðum árið 1989.



Frá fundi héraðsskjalavörða á Ísafirði í maí 2004.

Stóll heyrstú. Eytú. Depp, hvar me úppstíðader eru, Rústbaun,
 dár, Þora, Þórunn, og Rústpóll (far þad er) Sönnuleidis rúdur,
 Setuþugar með öðru úpparande Súeitarþólhe; Saman
 Skrápad á Langaþostu Anno 1703

Rannars höllt

Einar Oddsson Rústbónde - 46 líra
 Steinun Olafsdóttir Rústþreia - 35 líra
 Þórunn Einarsdóttir Rústþreia - 34 líra
 Ragnend Einandsdóttir Rústþreia - 31 líra
 Sölborg Þórunnsdóttir Rústþreia - 23 líra

Þórunn - " - " - " - " - 4 líra
 Ein Jón - " - " - " - " - 2 líra
 Sigríður Jónsdóttir vinnukona - 23 líra

**Nefndir um málefni
 Þjóðskjalasafns Íslands**

Þingapell Rústþreia
 Jón Þórunnsdóttir Einarsdóttir Rústþreia - 43 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 44 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 45 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 45 líra

Þórunn - " - " - " - " - 17 líra
 Þórunn - " - " - " - " - 18 líra
 Þórunn - " - " - " - " - 17 líra

Þórunn - " - " - " - " - 17 líra
 Jón Þórunnsdóttir Einarsdóttir Rústþreia - 21 líra
 Ingebjörg Einarsdóttir vinnukona - 20 líra

Laugar

Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 39 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 39 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 39 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 39 líra

Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 51 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 50 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 50 líra

Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 45 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 46 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 46 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 46 líra

Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 20 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 17 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 6 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 21 líra

Þórunns Stader

Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 23 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 23 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 23 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 23 líra

Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 63 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 56 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 19 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 22 líra

Reiðsdalur

Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 56 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 48 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 48 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 48 líra

Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 62 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 58 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 40 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 42 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 37 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 27 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 12 líra

Stofa

Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 39 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 44 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 44 líra

Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 57 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 44 líra
 Þórunn Þórunnsdóttir Rústþreia - 44 líra

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands starfar samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985. Hún hefur starfað frá því um haustið 1985 og fram til þessa dags. Nefndin hefur hefur verið skipuð svo frá árinu 1985:

28. október 1985 – 27. október 1989:

Sverrir Kristinsson, bókaútgefandi, formaður
Björk Ingimundardóttir, skjalavörður
Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður
Sveinbjörn Rafnsson, prófessor

28. október 1990 – 31. október 1993:

Örnólfur Thorsson lektor, formaður
Björk Ingimundardóttir, skjalavörður
Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður
Sveinbjörn Rafnsson, prófessor

16. nóvember 1993 – 16. nóvember 1997:

Sverrir Kristinsson bókaútgefandi, formaður
Kristjana Kristinsdóttir, skjalavörður
Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður
Sveinbjörn Rafnsson, prófessor

26. janúar 1998 – 25. janúar 2002:

Ingvar Garðarsson viðskiptafræðingur, formaður
Kristjana Kristinsdóttir, skjalavörður
Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður
Sveinbjörn Rafnsson, prófessor

26. janúar 2002 – 25. janúar 2006:

Ingvar Garðarsson, viðskiptafræðingur, formaður
Kristjana Kristinsdóttir, skjalavörður
Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður
Sveinbjörn Rafnsson prófessor, varaformaður

Varamenn:

Hólmkell Hreinsson, amtsbókavörður
Már Jónsson, dósent
Eiríkur G. Guðmundsson, skjalavörður

Hlutverk stjórnarnefndar er í aðalatriðum:

- Að hafa yfirumsjón með rekstri
- Að marka safninu stefnu
- Að hafa yfirumsjón með fjárhagsáætlun og framkvæmd hennar
- Að fjalla um eyðingu gagna í skjalasöfnum
- Að heimila sýslunefndum og bæjarstjórnnum að koma á fót héraðsskjalasöfnum ef skilyrði eru fyrir hendi að mati þjóðskjalavarðar.

Helstu mál:

Samkvæmt málum í gerðabók stjórnarnefndar eru helstu málaflokkar sem fjallað hefur verið um eftirfarandi:

- Húsnæðis- og byggingamál
- Fjármál
- Starfsskipan og starfsmannamál
- Öryggismál
- Skjalavistun og grisjun
- Málefni héraðsskjalasafna
- Reglugerðir
- Varðveisla tölvuskjala
- Auk framangreinds var fjallað um sýninga- og útgáfumál og önnur tilfallandi málefni sem snerta Þjóðskjalasafn Íslands.

Nefnd um málefni Þjóðskjalasafns skipuð 2001

Árið 2001 var skipuð nefnd, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í júlí 2001, til að fjalla um málefni Þjóðskjalasafns Íslands. Henni er ætlað að fara yfir húsnæðismálin og endurskoða lög safnsins. Að nefndinni koma:

- Óskar Magnússon, formaður (skipaður af menntamálaráðherra)
- Guðmundur Árnason, skrifstofustjóri (forsætisráðuneyti, nú ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneyti)
- Arnar Þór Árnason, (fjármálaráðuneyti)
- Hrafnkell Óskarsson, (iðnaðarráðuneyti)
- Þorgeir Ólafsson, (menntamálaráðuneyti)

Byggingarnefnd Þjóðskjalasafns

Byggingarnefnd Þjóðskjalasafns var skipuð 30. des. 1988 og tók til starfa 12. jan. 1989. Í henni áttu sæti til 1996:

- Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur
- Margrét Björnsdóttir, endurmenntunarstjóri
- Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður

Nefnd um endurbætur og uppbyggingu Þjóðskjalasafns

Árið 1996 skipaði menntamálaráðneyti nefnd til að fjalla um endurbætur og uppbyggingu Þjóðskjalasafns Íslands. Nefndina skipa:

- Björn Halldórsson, lögfræðingur
- Steinþór Guðmundsson, framkvæmdastjóri Framkvæmdasýslu ríkisins
- Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður

Þá hafa eftirtaldir fulltrúar Framkvæmdasýslu ríkisins unnið með nefndinni:

- Jóhanna Hansen, Framkvæmdasýslu ríkisins
- Guðmundur Pálsson, Framkvæmdasýslu ríkisins

Nefndir og vinnuhópar sem unnið hafa að stefnumótun í skjalavörslu, skipulagi skjalasafna o. fl.

Ýmsar nefndir og vinnuhópar hafa verið skipaðir til að vinna að skjalavörslu og meðferð skjalasafna. Þær helstu eru:

- 1987 Skjalavörslunefnd Stjórnarráðsins. Nefnd sem stofnuð var af menntamálaráðherra til að vinna að stefnumótun og endurskoðun á skjalavörslu stjórnarráðsins og annarra ráðuneyta.
- 1992 Nefnd til að annast frágang og grisjun dag-skrárefnis ríkisútvarpsins. Skipuð af Þjóðskjalaverði og útvarpsstjóra.
- 1994 Nefnd sem gera átti tillögur um samræmdar reglur um skráningu aðsendra og útsendra bréfa og skjalavistunarkerfi fyrir sýslumannsembætti. Skipuð af dómsmálaráðherra.
- 1995 Grisjun skjala sveitarfélaga. Vinnuhópur Þjóðskjalasafns og Borgarskjalasafns.
- 1995 Skjalaskil milli Þjóðskjalasafns og Borgarskjalasafns. Vinnuhópur Þjóðskjalasafns og Borgarskjalasafns.
- 1995 Samstarfshópur um skjalavörslumál sveitarfélaga. Skipaður af Þjóðskjalasafni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
- 1997 Nefnd um varðveislu tölvugagna sem verða til í stjórnsýslunni. Skipuð af menntamálaráðherra.

- 1998 Nefnd til að fjalla um sameiginlega stefnumótun í skjalastjórn í ráðuneytunum. Skipuð af forsætisráðuneyti.
- 2002 Starfshópur vegna útgáfu skjala um samskipti Íslands og Rússlands. Skipaður af utanríkisráðuneyti.
- 2003 Starfshópur um verkefni og stjórnsýslulegt hlutverk Borgarskjalasafns. Skipaður af borgarstjóranum í Reykjavík.
- 2003 Vinnuhópur á vegum Staðlaráðs Íslands vegna þýðingar á staðlinum ISO 15489 „Information and documentation — Records management“.
- 2004 Nefnd til að fjalla um tæknileg og lagaleg álitamál tengd varðveislu rafrænna gagna með tilliti til endurskoðunar laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Skipuð af menntamálaráðherra.



Þjóðskjalaverðir

| | |
|---------------------|-----------|
| Jón Þorkelsson | 1900–1924 |
| Hannes Þorsteinsson | 1924–1935 |
| Barði Guðmundsson | 1935–1957 |
| Stefán Pjetursson | 1957–1968 |
| Bjarni Vilhjálmsson | 1968–1984 |
| Ólafur Ásgeirsson | 1984– |

Starfsfólk 1985

| | |
|---------------------------|---------------------------------|
| Aðalgeir Kristjánsson | skjalavörður |
| Áslaug Jónsdóttir | forstöðumaður viðgerðarstofu |
| Björk Ingimundardóttir | skjalavörður |
| Guðrún Þórðardóttir | salvörður |
| Gunnar Sveinsson | skjalavörður |
| Ingibjörg Þorleifsdóttir | forvörður |
| Jón Kristvín Margeirsson | skjalavörður |
| Kristjana Kristjánsdóttir | forvörður |
| Lovísa Guðmundsdóttir | forvörður |
| Ólafur Ásgeirsson | þjóðskjalavörður |
| Ragnildur Thorlacius | ritari |
| Sigfús Haukur Andrésson | skjalavörður |
| Skjöldur Eiríksson | aðstoðarmaður |

Starfsfólk 2005

| | |
|--------------------------------|---|
| Áslaug Arna Stefánsdóttir | skjalaafritun |
| Baldur Már Bragason | tölvunarfræðingur |
| Benedikt Jónsson | sérfræðingur |
| Bjarni Þórðarson | fjármálastjóri |
| Björgvin Magnússon | starfsmaður |
| Björk Ingimundardóttir | sviðsstjóri þjónustusviðs |
| Eiríkur G. Guðmundsson | sviðsstjóri upplýsinga- og útgáfusviðs |
| Embla Valberg | bókari |
| Gísli Baldur Róbertsson | sérfræðingur |
| Hrafn Sveinbjarnarson | skjalavörður |
| Jón Páll Andrésson | umsjónarmaður |
| Jón Ásgeir Jónsson | umsjónarmaður fasteigna |
| Jón Torfason | skjalavörður |
| Jón Viðar Þorsteinsson | kerfisstjóri |
| Kristinn Valdimarsson | sérfræðingur |
| Kristjana Kristinsdóttir | sviðsstjóri skjalavörslusviðs |
| Kristjana Kristjánsdóttir | forvörður |
| Lilja Eygerður Kristjánsdóttir | skjalaafritun |
| Logi Sigmundsson | salvörður |
| Olga Dagmar Erlendsdóttir | starfsmaður í forvörslu |
| Ólafur Ásgeirsson | þjóðskjalavörður |
| Pétur G. Kristjánsson | skjalavörður |
| Ragnildur Thorlacius | ritari |
| Sigrún Sigurgestsdóttir | salvörður |
| Unnur Birna Karlsdóttir | sagnfræðingur |
| Þorleifur Þorleifsson | kerfisstjóri |
| Þórunn Harðardóttir | skráning |

Skipurit Þjóðskjalasafns Íslands í árslok 2005



Fylgiskjal

Yfirlit yfir vinnu á vegum Þjóðskjalasafn Íslands til að undirbúa langtíma-vörslu rafræna gagna hins opinbera á árabílinu 1990 – 2005

| Númer | Fjöldi starfsmanna | Ár | Staður | Efni |
|-------|--------------------|------|---------------|--|
| 1 | 2 | 1990 | Helsinki | Fundur samstarfshóps um aðgengi tölvugagna (TEAM) í Helsinki. |
| 2 | 2 | 1991 | Osló | Fundur samstarfshóps um aðgengi tölvugagna (TEAM) í Osló. |
| 3 | 2 | 1992 | Kaupmannahöfn | Fundur samstarfshóps um aðgengi tölvugagna (TEAM) í Kaupmannahöfn. |
| 4 | 1 | 1993 | Bislingen | Fundur samstarfshóps um aðgengi tölvugagna (TEAM) í Bislingen. |
| 5 | 1 | 1993 | Osló | Samstarfsnefnd um aðgengi að tölvutækum upplýsingum, Osló. |
| 6 | 2 | 1996 | Washington | Heimsókn í Þjóðskjalasafn Bandaríkjanna (NARA) og námskeið um vörslu tölvuskjala hjá NARA Centre for Electronic Records. |
| 7 | | 1996 | | Útgáfa skýrslu á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf og rannsóknir norrænu skjalasafnanna á sviði rafænnar skjalavörslu 1996. (To Preserve and Provide Access to Electronic Records). |
| 8 | 1 | 1998 | Kaupmannahöfn | Fundur um samstarf Norðurlandanna um varðveislu tölvuskjala. |
| 9 | 2 | 1998 | Kaupmannahöfn | Heimsókn nefndar mnrn um varðveislu tölvugagna til ríkisskjalasafnsins í Kaupmannahöfn. |
| 10 | | 1998 | Chicago | Námskeið og ráðstefna "Managing Electronic Records" í Chicago 1.–6. nóvember. |
| 11 | 1 | 1998 | Reykjavík | Fundur samstarfshóps um aðgengi tölvugagna í Reykjavík. |
| 12 | 2 | 1998 | Reykjavík | Nefnd um varðveislu tölvugagna sem verða til í stjórnáskilunni skilar álit í júlí. Mælt með dönsku aðferðinni. |
| 13 | | 1999 | Reykjavík | Styrkur fékkst frá RANNÍS til að undirbúa langtíma-vörslu rafræna gagna. |
| 14 | 2 | 1999 | Edinborg | Ráðstefna um Encoded Archival Description á vegum Scottish Archival Network í Edinborg. |
| 15 | 2 | 1999 | | Heimsókn starfsmanna ÞÍ og Hugvits til Statens Arkiver til að kynna aðferðum þar. |
| 16 | 2 | 1999 | Brussel | Ráðstefna DLM Forum í Brussel 18.–19. október og fundur í Þjóðskjalasafni Hollands um langtíma-varðveislu tölvuskjala 20. október. |
| 17 | 2 | 1999 | Kaupmannahöfn | Nordisk IT-ekspertseminar í Kaupmannahöfn 26. og 27. nóvember. |
| 18 | 1 | 2000 | Kaupmannahöfn | Fundur um MASTER skráningu handrita í Kaupmannahöfn 17.–19. mars. |
| 19 | 4 | 2000 | Reykjavík | Samstarf við Hugvit um rannsókn, mat og þýðingar á reglum Statens Arkiver. Stóð til 2002. |
| 20 | 1 | 2000 | Zagreb | Fundur ICA - Committee on Information Technology - undirbúningsfundur með nefndaformönnum ICA, Zagreb 20.–22. október. |
| 21 | 1 | 2001 | Osló | Fundur nefndar Alþjóða skjalaráðsins um rafræna skjalavörslu, Committee on Current Record in Electronic Environment (ICA-CERC) í Osló í maí. |
| 22 | 1 | 2001 | Reykjavík | Ráðinn nýr yfirmaður tölvudeildar ÞÍ og hún endurskipulögð. |
| 23 | 2 | 2001 | Khöfn/Bergen | 1. Fundur með tölvudeild danska ríkisskjalasafnsins um langtíma-varðveislu tölvugagna. 2. Fundur í Statsarkiv í Bergen um skönnun skjala |
| 24 | 1 | 2002 | Kaupmannahöfn | Fundur í Rigsarkivet í Kaupmannahöfn vegna samstarfsverkefnis um rafræna skjalavörslu og „Norræna skjaladaga 2003“ í Reykjavík. 22. og 23. janúar. |

| Númer | Fjöldi starfsmanna | Ár | Staður | Efni |
|-------|--------------------|------|-----------------|--|
| 25 | 2 | 2002 | Brándheimur | Fundur ICA Committee on Information and Technology í Brándheimi 21.–24. mars. |
| 26 | 1 | 2002 | Canberra | 1. Seminar um langtímavarðveislu rafræna gagna á vegum ástralska þjóðskjalasafnsins, í mars. 2. Fundur nefndar Alþjóða skjalaráðsins um rafræna skjalavörslu, Committee on Current Record in Electronic Environment (ICA-CERC) í Canberra, Ástralíu, 24.–28. mars |
| 27 | 2 | 2002 | Stokkhólmur | 1. Seminar og Workshop með D. Bearman í Stokkhólmi um aðferðir við langtímaavörslu rafræna skjala, 22. og 23. maí. 2. Fundur tölvudeilda norrænu ríkisskjalasafnanna, 24. og 25. maí í Stokkhólmi |
| 28 | 1 | 2002 | París | Fundur í aðalstöðvum ICA í París. 1. Fundur ICA-Committee on Information technology Steering Committee, 3.–5. október 2. Fundur ICA og UNESCO um OSIRIS verkefnið - stöðlun á stafrænni afritun, 7.–8. október. |
| 29 | 1 | 2002 | London/Essex | 1. Ráðstefna um skjalaskráningarkerfi í Essex, 11. nóvember. 2. Fundur í Public Records Office í London, 12. nóvember |
| 30 | 2 | 2002 | Kaupmannahöfn | Ráðstefna Evrópusambandsins "Methods of Digital Archival Description", 21.–22. nóvember í Kaupmannahöfn. |
| 31 | 1 | 2002 | Reykjavík | Rituð grein um fyrirætlanir þí á sviði langtímavarðveislu rafræna skjalasafna opinberra aðila. Tímarit Skýrslutæknifélags Íslands, maí. |
| 32 | 1 | 2003 | Koblenz | Fundur nefndar Alþjóða skjalaráðsins um rafræna skjalavörslu, Committee on Current Record in Electronic Environment (ICA-CERC) í Koblenz, Þýskalandi, 28. og 29. mars. |
| 33 | 2 | 2003 | London | 1. Fundur ICA - Commission on Information Technology, 29. mars - 1. apríl. 2. Ráðstefna ICA og PRO - Public Records Office, um varðveislu rafræna gagna í PRO í London 2.–6. apríl. |
| 34 | 2 | 2003 | Edinborg | Fundur um stafræna afritun gagna í þjóðskjalasafni Skotlands í Edinborg í maí. |
| 35 | 1 | 2003 | Kaupmannahöfn | Fundur í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn vegna samnings um samvinnu vegna varðveislu rafræna gagna, 2.–4. maí. |
| 36 | 1 | 2003 | Helsinki | Nefndarfundur ICA - Committee on Information Technoogy, Helsinki 15.–16. október. |
| 37 | 1 | 2003 | Edinborg | Fundur með tölvudeild þjóðskjalasafns Skotlands um samvinnu á sviði stafrænnar afritunar skjala, okt. 2003. |
| 38 | 1 | 2004 | Reykjavík | ICA-IT Committee; The Sub-group on Long-term Preservation of Electronic Records. Gefur út skýrsluna: Long-term Preservation of Electronic Records: Policy and Practice in Archives, janúar. |
| 39 | 5 | 2004 | Vín | Þing ICA í Vínarborg og nefndarfundir Committee on Electronic Records, 18.–30. ágúst. |
| 40 | 1 | 2004 | Reykjavík | Ráðinn tölvunarfræðingur til að annast móttöku rafræna gagna. |
| 41 | 5 | 2004 | Reykjavík | Könnun á rafrænni skjala- og gagnavinnslu ríkisstofnana, fór fram 2004, skýrsla útgefin 2005. |
| 42 | 5 | 2005 | Reykjavík | Kynningarfundur um reglur Statens Arkiver um langtímaavörslu rafræna gagna, apríl. |
| 43 | 2 | 2005 | Khöfn/Reykjavík | Samningur undirritaður við Statens Arkiver um samstarf á sviði langtímaavörslu rafræna gagna, 15. júní. |

| Númer | Fjöldi starfsmanna | Ár | Staður | Efni |
|-------|--------------------|------|---------------|--|
| 44 | 1 | 2005 | Kaupmannahöfn | Fundir um rafræna skjalavörslu í Ríkisskjalasafni Dana, 21.–25. mars í Kaupmannahöfn. |
| 45 | 4 | 2005 | Reykjavík | Tilraunaverkefni um skil á gagnagrunni frá RSK til ÞÍ hófst í ágúst. Lauk vorið 2007. |
| 46 | 4 | 2005 | Reykjavík | Tilraunaverkefni um skil á málaskrá mrn til ÞÍ hófst í ágúst. Lýkur haustið 2007. |
| 47 | 4 | 2005 | Reykjavík | Lokið við að þýða og staðfæra reglur Statens Arkiver á íslensku, nóvember. |
| 48 | 1 | 2005 | Kaupmannahöfn | Fundir með starfsmönnum Statens Arkiver um samstarf vegna rafrænnar skjalavörslu, Kaupmannahöfn 7. og 8. mars. |
| 49 | 1 | 2005 | Þórshöfn | Fundir og flutningur erinda um rafræna skjalavörslu í Landsskjalasafni Færeyja, maí. |
| 50 | 1 | 2005 | Kaupmannahöfn | Fundur með yfirmanni skjalavörslu og grisjunar í Ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn, 23. maí. |
| 51 | 3 | 2005 | Osló | Fundur tölvudeilda norrænu skjalasafnanna, 19. og 20. maí í Osló. |
| 52 | 1 | 2005 | Kaupmannahöfn | Fundur í danska ríkisskjalasafninu um uppsetningu verkstæðis fyrir móttöku rafræna skjala í ÞÍ, 6. september. |
| 53 | 1 | 2005 | Amsterdam | Ráðstefna um beitingu tölvutækni við miðlun og rannsóknir á sögulegum heimildum, Humanities, Computers and Cultural Heritage/. Haldin í Amsterdam 14.–17. september. |
| 54 | 1 | 2005 | Kaupmannahöfn | Fundur í tölvudeild danska ríkisskjalasafnsins í Kaupmannahöfn, 25. og 26. október. |
| 55 | 2 | 2005 | Kaupmannahöfn | Fundur um langtímaavörslu rafrænna skjala í ríkisskjalasafni Danmerkur í Kaupmannahöfn vegna samvinnuverkefnis Þjóðskjalasafns og Ríkisskattstjóra um frágang gagna til afhendingar, 18. nóvember. |



Handwritten text in a Gothic script, likely a religious or legal document.